

Gerðir kirkjuþings 2020-2021

60. kirkjuþing

haldið á Grand Hotel Reykjavík

12.-15. september 2020,

á Biskupsstofu, 7. nóvember

(í gegnum fjarfundarbúnaðinn Zoom)

og á Grand Hotel Reykjavík

13. og 14. mars 2021

Efnisyfirlit

Setningarræða forseta kirkjuþings, Drífu Hjartardóttur.....	5
Ávarp biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur	11
Kosningar í upphafi kirkjuþings 2020-2021	15
1. mál. Skýrsla kirkjuráðs	17
2. mál. Skýrsla um fjármál Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu	34
3. mál. Frumvarp til laga um þjóðkirkjuna (heildarlög)	39
4. mál. Tillaga til þingsályktunar um samskipta- og siðareglur þjóðkirkjunnar.....	48
5. mál. Starfsreglur um kjaranefnd Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu	62
6. mál. Starfsreglur um fjármál Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu	64
7. mál. Starfsreglur um starfskostnað vegna prestsþjónustu og prófastsstarfa.....	69
8. mál. Þingsályktun um gjaldskrá um greiðslur fyrir prestsþjónustu þjóðkirkjunnar.....	72
9. mál. Starfsreglur um breytingar á ýmsum starfsreglum kirkjuþings samkvæmt heimildum í lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum	74
10. mál. Starfsreglur um breyting á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum.....	81
11. mál. Tillaga að starfsreglum um breyting á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum	82
12. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um þingsköp kirkjuþings, nr. 949/2009, með síðari breytingum	83
13. mál. Tillaga til þingsályktunar um kaup og sölu fasteigna	86
14. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar nr. 950/2009, með síðari breytingum.....	87
15. mál. Þingsályktun um breytingu á fasteignastefnu þjóðkirkjunnar	88
16. mál. Þingsályktun um skipun starfshóps til að vinna að mótun heildstæðrar eignastefnu þjóðkirkjunnar.	89
17. mál. Tillaga að starfsreglum um ráðningu í prestsstörf	90
18. mál. Starfsreglur um héraðsfundi og héraðsnefndir	91
19. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um val og veitingu prestsembætta nr. 144/2016, með síðari breytingum	95
20. mál. Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um presta nr. 110/2011, með síðari breytingum.....	100
21. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar, nr. 950/2009, með síðari breytingum.....	101
22. mál. Tillaga að starfsreglum um Skálholtsstað	102
23. mál. Þingsályktun um verkáætlun vegna umhirðu jarða þjóðkirkjunnar 2021-2031.	103
24. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um sóknarnefndir, nr. 1111/2011, með síðari breytingum	104
25. mál. Tillaga til þingsályktunar um mótun stefnu þjóðkirkjunnar í málum fólks á flóttu og umsækjenda um alþjóðlega vernd	105
26. mál. Tillaga til þingsályktunar brottvísanir flóttafólks sem hefur fengið alþjóðlega vernd í öðru ríki.....	107

27. mál. Þingsályktun um að skipa nefnd til að endurskoða starfsreglur um kjör til kirkjuþings nr. 1075/2017, með síðari breytingum, og starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 333/2017	108
28. mál. Tillaga til þingsályktunar um heimasíðu og aðra miðla.....	109
29. mál. Þingsályktun um hugverkaskráningu	110
30. mál. Þingsályktun um tækifærisgjafir til embættis biskups Íslands	111
31. mál. Þingsályktun um Fréttabréf biskupsstofu og Víðförla, fréttablað kirkjunnar	112
32. mál. Þingsályktun um greiðslur útfarakostnaðar	113
33. mál. Þingsályktun um skipun starfshóps til mótnar stefnu varðandi nánari útfærslu á fasteignastefnu þjóðkirkjunnar	114
34. mál. Tillaga að starfsreglum um starfskostnað vegna prestsþjónustu og prófastsstarfa	115
35. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um val og veitingu prestsembætta nr. 144/2016, með síðari breytingum.	117
36. mál. Þingsályktun um brottfall ýmissa laga og réttarreglna er varða málefni þjóðkirkjunnar.	118
37. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum.....	120
38. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar nr. 330/2019	121
39. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um prófasta nr. 966/2006, með síðari breytingum.	122
40. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um prestssetur	123
og aðrar fasteignir kirkjunnar nr. 950/2009, með síðari breytingum.	
41. mál. Þingsályktun um ársreikninga kirkjumálasjóðs og Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu.	124
42. mál. Tillaga til þingsályktunar um skipun starfskostnaðarnefndar kirkjuþings vegna prests- og prófastsþjónustu.....	126
43. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um val og veitingu prestsembætta nr. 144/2016, með síðari breytingum	128
44. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009, með síðari breytingum	129
45. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um starfskostnað vegna prestsþjónustu og prófastsstarfa nr. 932/2020.	130
46. mál. Þingsályktun um frekari stefnumótun þjóðkirkjunnar	131
47. mál. Þingsályktun um breytingu á heiti Fjölskylduþjónustu kirkjunnar	133
48. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um Fjölskylduþjónustu kirkjunnar. nr. 951/2009, með síðari breytingum	134
49. mál. Þingsályktun um innra eftirlit og áhættugreiningu	135
Kosningar á kirkjuþings	136
Viðauki. Mál hjá nefndum	137

Setningarræða forseta kirkjuþings, Drífu Hjartardóttur

Setning kirkjuþings 12. september 2020.

60. kirkjuþing þjóðkirkjunnar er sett.

Ég býð kirkjuþingsfulltrúa hjartanlega velkomna til setningarathafnar kirkjuþings, sem er nokkuð frábrugðin venjubundnum setningarathöfnum.

Til að gæta allrar varúðar vegna kórónuveirufaraldsins eru ekki gestir með okkur að þessu sinni.

Ágætu kirkjuþingfulltrúar.

Við minnumst nú tveggja kirkjuþingsmanna sem fallið hafa frá, frá síðasta kirkjuþingi.

Ásbjörn Jónsson, fyrrum kirkjuþingsmaður og kirkjuráðsmaður, lést 3. desember 2019 á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Hann var jarðsunginn frá Keflavíkirkirkju 13. desember 2019.

Ásbjörn fæddist í Keflavík 20. október 1959 og ólst þar upp. Foreldrar hans voru hjónin Guðrún M. Sigurbergsdóttir, húsfreyja og Jón B. Stefánsson, skósmiður. Eftirlifandi eiginkona hans er Auður Vilhelmsdóttir, grunnskólakennari, þau eignuðust þrjár dætur, Björgu, Birnu og Bergrúnu. Ásbjörn lauk stúdentsprófi frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja árið 1978 og embættisprófi í lögfræði með 1. einkunn frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1984. Hann öðlaðist héraðsdómslögmannsréttindi 1984 og réttindi til málflutnings fyrir hæstarétti 2011.

Suðurnesin voru starfsvettvangur Ásbjarnar. Hann starfaði bæði sem sjálfstæður lögmaður á Lögfræðistofu Suðurnesja um tveggja áratuga skeið og síðan sem bæjarlögmaður Reykjanesbæjar og sem sviðsstjóri stjórnisýslusviðs bæjarins. Þá var hann með réttindi sem löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali. Sveitarfélagið Garður naut starfskrafta hans á mörgum sviðum.

Ásbjörn var knattspyrnudómari hjá KSÍ um árabíl og um tíma prófdómari við laga-deild Háskólans á Bifröst. Hann var dyggur félagi í starfi Rótarýklúbbs Keflavíkur.

Árið 2006 var Ásbjörn kjörinn á kirkjuþing og var í forsætisnefnd þingsins 2006-2010. Hann sat í kirkjuráði á árunum 2010-2015. Þá sat hann í stjórn héraðssjóðs Kjalarnessprófastsdæmis hátt í tvo áratugi og í sóknarnefnd Útskálasóknar. Hann var kallaður til margvíslegrar ráðgjafar á vettvangi þjóðkirkjunnar og ráð hans voru skynsamleg og heil.

Ásbjörn var röskur maður til verka og fljótur að átta sig á málum, glöggur og stálminnugur, fróður og víðlesinn. Hafði mikla yfirsýn yfir kirkjumálin og reyndist hollráður á öllum sviðum. Yfirvegaður, jákvæður og lausnamiðaður. Ásbjörn tranaði sér ekki fram heldur vann af hógværð og festu, færði sterk málefnaleg rök fyrir máli sínu hverju sinni. Fljótt sást að þar fór háttvís mannkostamaður sem fengur var að hafa í liði sínu. Hann átti einkar auðvelt með mannleg samskipti og kom þar fram heiðarleiki hans og umhyggja fyrir öðru fólki. Ásbjörn var kirkjunnar maður og stoltur af því. Kirkjuþing kveður Ásbjörn Jónsson með virðingu og þökk. Guð blessi minningu hans.

Helgi Konráð Hjálmsón, fyrrum formaður Leikmannaráðs þjóðkirkjunnar, og kirkjuþingsmaður, lést 15. febrúar sl. Hann var jarðsunginn frá Vídalínskirkju 28. febrúar.

Helgi fæddist í Vestmannaeyjum 24. ágúst 1929. Foreldrar hans voru hjónin Hjálmar Konráðsson, framkvæmdastjóri og Sigríður Helgadóttir, kaupkona í Reykjavík. Eftirlifandi eiginkona hans er Ingibjörg Stephensen, þau eignuðust þrjú börn, Björn, Sigríði og Helga Steinar. Helgi lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri 1951 og prófi í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1956. Hann var framkvæmdastjóri Hljóðfæraverslunar Sigríðar Helgadóttur í tæpa tvo áratugi, fulltrúi hjá Verslunarráði Íslands og forstjóri Tollvörugeymslunnar frá 1963. Hann fékkst við kennslustörf í Garðabæ í tæpan áratug. Hann var einn af aðalhvátamönnum þess að stofnað yrði Tónlistarfélag Garðahrepps og var fyrsti formaður þess, sem síðar hlaut nafnið Tónlistarskóli Garðabæjar. Hann tók og þátt í stjórnámum og sat um skeið í bæjarstjórn Garðabæjar sem varamaður fyrir Sjálfstæðisflokkinn.

Helgi vann mikið að kirkjumálum og var einlægur kirkjunnar maður og vildi henni allt hið besta. Hann var formaður sóknarnefndar Garðakirkju, sat í héraðsnefnd Kjalarnessprófastsdæmis og á kirkjuþingi. Hann var formaður Hjálparsjóðs Garðakirkju og sat í þjóðmálanefnd kirkjunnar. Hann var fyrsti formaður Leikmannaráðs þjóðkirkjunnar árið 1986 og lét mjög að sér kveða á vettvangi leikmanna. Helgi starfaði einnig mikið að málum eldri borgara og var formaður Landssambands eldri borgara um skeið. Hann var hvatamaður að stofnun Byggingarfélags eldri borgara í Garðabæ. Þá var hann einn af stofnendum Rótarýklúbbsins í Garðabæ árið 1965. Hann stundaði skógrækt í 20 ár. Snar þáttur í félagsstarfi hans var kórastarf í Kirkjukór Garðakirkju og Kór eldri borgara í Garðabæ.

Hann kom svo sannarlega víða við í félagsmálum.

Helgi var tillögugóður maður í öllum málum og glöggur og hafði góða yfirsýn yfir mál, fylginn sér og fastur fyrir ef með þurfti. Í öllum félagsmálum sýndi hann dugnað, félagslyndi og heiðarleika. Hann var ljúfur í allri viðkynningu og fólk skynjaði í fari hans sterka umhyggju og árvekni gagnvart þeim verkefnum sem hann tók að sér. Kirkjan átti þar góðan og öflugan liðsmann í skipulags- og fjármálum þar sem Helgi var. Kirkjuþing kveður Helga K. Hjálmsson með virðingu og þökk.

Guð blessi minningu hans. Ég bið þingheim að rísa úr sætum. Þakka ykkur fyrir.

Þetta kirkjuþing er sett á fordæmalausum tímum. Covid 19 hefur breytt heimsmyndinni og haft mikil áhrif á allt okkar daglega líf, fengið okkur til að hugsa hlutina upp á nýtt. Við hlýðum þríeykinu, Ölmú, Þórólfi og Víði, sem hafa frætt okkur, upplýst og sýnt samhug. Við erum öll í þessu saman. Í hverri ógn felast tækifæri og það hefur verið frábært að fylgjast með því hvernig kirkjunnar fólk hefur nýtt sér tæknina á fjölbreyttan hátt vegna samkomubannsins. Þar hefur kirkjan komið til móts við unga sem aldna og fitjað upp á nýbreytni í messuhaldi; barnastundir, predikanir, pistlar og jarðarfari hafa farið fram á netmiðlum.

Fundir nefnda kirkjuþings hafa verið haldnir með fjarfundabúnaði á netinu sem hefur gefist vel og er án efa komið til að vera að einhverju marki. Það kemur þó ekki í stað þess að fólk hittist og ræði málin augliti til auglitis. Við erum þrátt fyrir alla tækni félagsverur sem þurfum nærveru. Vegna faraldursins hefur framhaldskirkjuþingi 2019 verið frestað tvisvar og lauk því í gær.

Miklar breytingar hafa orðið á umgjörð og starfsumhverfi kirkjunnar eftir að nýr viðbótarsamningur kirkju og ríkis var undirritaður 6. september 2019. Framtíðarnefnd var skipuð á kirkjuþingi 2019 og í þeirri nefnd voru tilnefndir fulltrúar frá fastanefndum kirkjuþings, fulltrúi biskups og fulltrúi kirkjuráðs. Starfsfólk biskupsstofu starfaði með nefndinni. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka þá góðu vinnu sem hefur nú skilað sér í þeim starfsreglum sem við vinnum eftir núna.

Kirkjuþing hefur æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar, þar með talið fjárfjárstjórnarvald. Á okkar herðum hvílir sú skylda að við vinnum af heilindum með hag þjóðkirkjunnar að leiðarljósi. Við, sem kjörin erum til kirkjuþings, berum mikla ábyrgð á því að öll umgjörð um starfið sé vönduð og starfsreglur séu góðar, einfaldar og markvissar, þannig að það sé skýrt hvernig á að starfa eftir þeim. Okkur er trúað fyrir þessu mikilvæga verkefni.

Saga eftir Halldór Kiljan Laxnes, Nóbelskaldið okkar, hefur verið mér ofarlega í huga undanfarna mánuði. Það er sagan af „Brauðinu dýra“. Þar segir frá Guðrúnu, vinnukonu prestsins á Mosfelli. Guðrún var send til að sækja pottbrauð úr seyðslu í hverasand. Þegar hún lagði af stað heim með brauðið gerði svo mikla þöku að stúlkan var villt í þrjá sólarhringa en aldrei kom henni til hugar að fá sér bita af brauðinu þó sársvöng væri. Þegar hún varð spurð hvers vegna hún hefði ekki fengið sé sér bita af brauðinu svaraði hún, „því sem manni er trúað fyrir, því er manni trúað fyrir.“ Höfum þetta hugfast; okkur, bæði leikum og lærðum, er trúað fyrir kirkjustarfinu, það er á okkar allra ábyrgð að vel takist til.

Á þessu kirkjuþingi fáum við kynningu frá Hjálparstarfi kirkjunnar sem vinnur mikilvægt starf til hjálpar þeim sem minna mega sín. Án efa verður aukin þörf fyrir hjálp vegna þess hve margir hafa misst atvinnu vegna kórónuveirunnar. Við getum öll lagt hönd á plóginn til hjálpar, því margt smátt gerir eitt stórt. Í fréttatilkynningu frá Hjálparstarfi kirkjunnar í vor kom fram að umsóknum um aðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar hafði fjölgað um 58,4 prósent í mars og apríl sl. miðað við í sömu mánuði í fyrra. Í þessum mánuðum fengu 564 einstaklingar og fjölskyldur sem búa við fátækt aðstoð hjá Hjálparstarfi kirkjunnar en á sama tíma í fyrra voru það 356 einstaklingar. Búist er við því að umsóknum um aðstoð eigi eftir fjölga verulega með haustinu þegar skólarnir fara aftur af stað og uppsagnarfrestur þeirra sem nú hafa misst vinnuna er liðinn. Það verður fróðlegt að fá að heyra á sunnudaginn af þessu góða starfi sem þarna fer fram.

Mig langar að einnig að nefna að nú er Hjálparstarfið að víkka út starfssvið sitt. Í haust mun verða opnað Dagsetur fyrir heimilislausar konur í húsakynnum Grensáskirkju þar sem Tónskóli þjóðkirkjunnar var til húsa. Þetta er hugmynd sem biskup kynnti kirkjuráði í lok síðasta árs og skipaði í framhaldi af því starfshóp sem kanna skyldi með hvaða hætti væri hægt að koma á fót dagþjónustu fyrir fólk sem er á götunni. Þennan hóp skipa Ragnheiður Sverrisdóttir, djákni, sr. Hjalti Jón Sverrisson og Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi hjá Hjálparstarfi kirkjunnar. Sr. Hreinn S. Hákonarson, fyrrum fangaprestur, er hópnum til ráðuneytis. Hópurinn lagði til að í fyrstu yrði opnað dagsetur fyrir heimilislausar konur sem yrði opið alla daga ársins frá 11.00-17.00. Dagsetrinu er ætlað að vera athvarf þegar Konukot er lokað yfir daginn. Starfsemi af þessu tagi er gott dæmi um það hvernig kirkjan vill vera hluti af samfélaginu, sinna þjónustu við þegna þess og þá

einnig hvernig kirkjan sér hlutverk sitt í komandi framtíð. Verkefnið er unnið og þróað í samvinnu við Reykjavíkurborg. Biskup á miklar þakkir skildar fyrir að hafa hrundið af stað þessu þýðingarmikla verkefni.

Samfélag kirkjunnar og þátttaka í þjóðlífinu birtist í samúð og umhyggju fyrir öðrum. Það birtist í fjölbreyttu sjálfbodaðastarfi fólksins í söfnuðunum og í fjölbreyttu barna- og unglingsstarfi, starfi kóranna og starfi með eldri borgurum. Styrkur trúarinnar mótar viðhorf okkar og hegðun og birtist í umhyggju, samúð og kærleik fyrir öðrum. Að finna til með öðrum gerir okkur ljóst að við erum ekki ein.

Mál sem liggja fyrir þessu þingi eru 34. Meðal mála eru fjárlög þjóðkirkjunnar fyrir árið 2021. Nú er eitt ár síðan undirritaður var viðbótarsamningur ríkisins og þjóðkirkjunnar sem færði þjóðkirkjunni sjálfstæðan fjárhag. Nú ber þjóðkirkjan fulla ábyrgð á eigin fjármálum og ákveður sjálf fjölda starfsmanna sinna. Árleg gagngreiðsla ríkisins samkvæmt Kirkjujarðarsamkomulaginu er eign þjóðkirkjunnar hvort sem það rennur að fullu til rekstra hennar eða ekki. Kirkjuþing setur starfsreglur um nýtingu fjármuna samkvæmt samninginum og nú annast þjóðkirkjan sjálf alla launavinnslu, bókhald og launagreiðslur starfsmanna sinna. Mikilvægt er að farið verði vel með þá fjármuni sem þjóðkirkjan hefur úr að spila og nauðsynlegt er að fara í þarfagreiningu á öllum sviðum, forgangsraða og standa við samþykkt fjárlög.

Þegar ljóst var að fresta yrði kirkjuþing fram á sumar ákvað forsætisnefnd að setja á laggirnar kjaranefnd þjóðkirkjunnar og hefur hún hefur verið að störfum frá því snemma í vor. Nauðsynlegt þótti að strax yrði hafin vinna við að ræða með hvaða hætti kjör presta og annarra starfsmanna þjóðkirkjunnar yrðu best tryggð en réttarstaða þessarar starfsmanna breyttist, eins og kunnugt er, við gerð viðbótarsamningsins og lagabreytinga þeirra sem hann hafði í för með sér.

Frumvarp til laga um þjóðkirkjuna verður á dagskrá kirkjuþings. Í viljayfirlýsingu sem fylgdi viðbótarsamningnum var stefnt að því að fulltrúar þjóðkirkjunnar og ríkisins ynnu saman að yfirferð yfir gildandi lög er varða þjóðkirkjuna með það að markmiði að einfalda regluverkið. Við þá vinnu yrði meðal annars byggt á þeim tillögum sem þjóðkirkjan hefði þegar fjallað um og sent ríkinu. Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 97/1998, með síðari breytingum, og miðar að því að einfalda til muna löggjöf um þjóðkirkjuna og færa ákvörðunarvald um skipan kirkjunnar, sem kveðið er á um í löggjöf í dag, til kirkjuþings. Í samræmi við ákvæði viðbótarsamningsins skipaði forsætisnefnd þriggja kirkjuþingsmanna nefnd til að vinna að nýju frumvarpi til laga um þjóðkirkjuna í samstarfi við dómsmálaráðuneytið. Hér er um að ræða stutta rammalöggjöf um starfsemi kirkjunnar. Frumvarpið skiptist í átta kafla. Fyrsti kafli fjallar um grundvöll þjóðkirkjunnar, skilgreiningu og aðild. Annar kafli fjallar almennt um þjóðkirkjuna, m.a. um réttarstöðu hennar, að þjónusta þjóðkirkjunnar sé um allt land, um að kirkjan skuli í starfsháttum sínum halda í heiðri grundvallarreglur lýðræðis og jafnréttis. Einnig er þar að finna ákvæði um inngöngu og úrsögn úr þjóðkirkjunni. Þriðji kafli fjallar um söfnuði og um greiðslu sóknargjalda og skil ríkissjóðs á lista með ákveðnum upplýsingum um sóknarbörnin og fjölda þeirra. Þá er og fjallað um almenna þjónustu kirkjunnar um allt land, m.a. um tengsl kirkjunnar og sveitarfélaga og ríkisvaldsins

við ákveðnar aðstæður í samfélaginu. Í fjórða kafla eru ákvæði um kirkjuþing og biskup Íslands og valdmörk þeirra. Þar er einnig fjallað um samskipti kirkjunnar og stjórnvalda við samningu frumvarpa um kirkjuleg málefni. Fimmti kafla fjallar um biskupsdæmið, um að biskupskjör fari samkvæmt starfsreglum kirkjuþings og valdsvið biskups Íslands er skilgreint. Sjötti kafla fjallar um samninga um eignarrétt milli þjóðkirkjunnar og ríkisins, um fjármál þjóðkirkjunnar, þ.e. árleg gagngreiðsla á grundvelli viðbótarsamnings ríkis og kirkju. Í sjöunda kafla er fjallað um að kirkjuþing setji starfsreglur, samþykktir og ályktanir um málefni þjóðkirkjunnar og um birtingu þeirra á vefsíðu þjóðkirkjunnar. Í áttunda kafla er ákvæði um gildistöku frumvarpsins og ákvæði til bráðabirgða sem helgast af viðbótarsamningi ríkis og kirkju.

Verkefni kirkjuþings á komandi misserum er að setja starfsreglur í stað þeirra lagaákvæða sem falla brott samkvæmt nýjum lögum og breyta ýmsum. Breytingar felast meðal annars í reglum um málsmeðferð varðandi gerð árlegra fjárlaga kirkjuþings og jafnframt í því að setja gjaldskrá kirkjuþings um greiðslur fyrir prestsþjónustu þjóðkirkjunnar. Forsætisnefnd hefur í huga að á framhaldsþingi kirkjuþings 2020 verði haldin málstofa um þjóðkirkjuna til framtíðar, um hvert við viljum stefna. Það er von mín að störf okkar á kirkjuþingi verði góð, árangursrík og þjóðkirkjunni til heilla.

Ávarp biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur

Forseti kirkjuþings, kirkjuþingsfulltrúar, vígslubiskupar og starfsfólk. Ég þakka ykkur sem komuð að undirbúningi kirkjuþings í ár fyrir ykkar framlag til að koma þessu þingi á við þær breyttu aðstæður sem við stöndum nú frammi fyrir vegna hinnar skæðu veiru sem veldur Covid 19 sjúkdómnum. Einnig þakka ég þeim sem hafa gert okkur kleift að funda hér í þessum glæsilegu húsakynnum sem og söngmálastjóra Margréti Bóasdóttur fyrir að koma því í kring að við fáum notið tónlistarflutningsins hér í dag. Takk kæru kórfélagar fyrir ykkar framlag hér í byrjun þessa þings.

Eins og við vitum er flest með öðrum hætti nú um stundir en áður var. Einnig eru miklar breytingar í kirkjunni sem kalla á afgreiðslu kirkjuþings í mörgum málaflokkum. Við höfum ekki haft mikinn tíma til að undirbúa þessar breytingar en ég bið þess að farsælega takist að koma skipulagi á málin þannig að vel megi við una.

Á þessu kirkjuþingi eru 33 mál á skrá og mér telst til að um rúmlega þriðjungur þeirra varði beinlínis breytta skipun mála í kjölfar viðbótarsamkomulagsins við ríkið sem samþykkt var á kirkjuþingi fyrir einu ári og tók gildi um áramótin. Stærstu áskoranir mannkyns nú um stundir eru umhverfismál og málefni fólks á flóttu og er því ánægjulegt að sjá að þau málefni verða til umræðu og afgreiðslu á þessu þingi.

Hvar stöndum við og hvert viljum við stefna? Það er málefni kirkjunnar á hverjum tíma. Þó að prestar séu ekki lengur embættismenn ríkisins heldur venjulegir launamenn eins og flestir í Þjóðfélagi okkar er ekki þar með sagt að Þjóðkirkjan hafi breyst úr stofnun í fyrirtæki við breytingarnar sem tóku gildi um síðustu áramót. Þjóðkirkjan er ekki fyrirtæki.

Hvað er kirkja? Það eru margar skilgreiningar á kirkju eins og við vitum. Gríska orðið *ekklesía εκκλησία* er þýtt sem kirkja á íslensku en *εκκλησίασμα* *ekklesíasma* sem er af sama stofni er söfnuður. Kirkja og söfnuður eru því nátengd hugtök og í Postulasögunni og í bréfum Páls, t.d. Efesusbréfinu kemur glöggt fram að kirkjan er fólkið sem kemur saman í Jesú nafni. Leiðtogi kirkjunnar er einn en ekki fólk á ferð um lífsins veg heldur Jesús sjálfur sem Páll segir um í Efesusbréfinu: „Allt hefur hann lagt undir fætur honum og gefið hann kirkjunni sem höfuðið yfir öllu. En kirkjan er líkami hans og fyllist af honum sem sjálfur fyllir allt í öllu.“

Kristur er kjarni kirkjunnar sem allt snýst um. Við sem fylgjum Kristi eigum að styrkja allt sem þjónar lífinu og stuðlar að framgangi þess. Þess vegna leitast kristin kirkja við að styðja við þau málefni sem þarfnast krafta hennar. Þjóðkirkjan lætur sig þjóðfélagsmál varða.

Í bók sinni *Ríki og kirkja* segir dr. dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson að það sem einkenni kirkjuskilning Lúthers öðrum fremur sé að „Kirkjan er fyrst og fremst kirkja orðsins og náðarmeðalanna og hins almenna prestsdóms. Hún er sýnileg hér í heimi vegna þess að orðið er boðað og náðarmeðul veitt. Til þess að svo megi verða þarf hún skipulegt helgihald, hún þarf á embættismönnum að halda og stofnun sem tryggir starfsskilyrðin. Hin ósýnilega kirkja er aftur á móti samsett úr þeim sem meðtaka orð og náðarmeðul í trú sér til hjálpræðis. Hinn almenni prestsdómur er ótvíræður vegna skírnarinnar og krefst

Þess að almennir safnaðarmeðlimir séu virkir í helgihaldi og stjórnun kirkjunnar. Kirkjan er því ekklesía og ekklesíasma.

Af þessu má ljóst vera að allt fólk sem vill við Krist kannast er kallað til þjónustu í kirkjunni. Á kirkjuþingi sitja bæði þau sem veita náðarmeðulin og þau sem tryggja starfsskilyrðin. Ég tel að ekki eigi að skipa fólki í flokka eftir því hvort um vígða þjóna sé að ræða eða ekki enda tel ég að allir þingfulltrúar séu skírðir og tilheyri sömu kirkjunni. Það skaðar umræðu og ákvarðanatöku á þinginu að draga menn í dilka eftir hlutverki þeirra innan kirkjunnar. Ég tel að landið allt eigi að vera ein kjördeild allra þeirra sem vilja vinna kirkjunni gagn á vettvangi kirkjuþingsins. Það ætti að stilla upp listum þar sem viðhorf og framtíðarsýn er sameiginleg þeim sem listann mynda.

Hlutverk kirkjuþings er að setja rammann og reglurnar utan um hina sýnilegu kirkju. Það er mikilvægt að öll sjónarmið komi fram þegar mál eru rædd á kirkjuþingi og menn nái samstöðu þar sem kirkjuþing fer með æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar. Fleiri málaflokkar bætast nú við verkefni og ábyrgðarsvið kirkjuþings þar sem þjóðkirkjulögunum hefur verið breytt á þessu ári. Nú er það kirkjuþings að bera fulla ábyrgð á fjármálanum en eins og kunnugt er endurspeglar fjárhagsáætlanir það starf sem fram fer komandi ár. Fjármál fjalla því ekki bara um að ná endum saman heldur að marka stefnu og ákveða starfsemi næsta árs og næstu ára í þjóðkirkjunni. Kirkjuþing verður einnig að gæta þess að hægt sé að vinna eftir þeim starfsreglum sem það setur. Niðurstaða hvers máls þarf því að vera þaulhugsuð, grandskoðuð og þjónandi því hlutverki sem kirkjan hefur, sem er að koma þeim góða boðskap sem fagnaðarerindið inniber til skila.

Kristur er kjarni kirkjunnar sem allt snýst um. Við sem fylgjum Kristi eigum að styrkja allt sem þjónar lífinu og stuðlar að framgangi þess. Þess vegna leitast kristin kirkja við að styðja við þau málefni sem þarfnast krafta hennar. Þjóðkirkjan lætur sig þjóðfélagsmál varða. Á morgun mun framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar kynna okkur starfið þar. Hjálparstarfið hefur stutt einstaklinga og fjölskyldur í hálföld, veitt neyðaraðstoð og veitt þróunaraðstoð í fátækum löndum Afríku. Aðstoð innan lands er veitt og ný, faglegri og valdeflandi aðferðafræði hefur orðið öðrum til eftirbreytni. Kristur er fyrirmynd okkar og frelsari. Í nafni hans og í anda hans skulum við taka höndum saman og finna leiðir til að halda utan um þau fjölmörgu sem kvíða framtíðinni á tímum heimsfaraldurs og afleiðinga hans. Kjörorð Hjálparstarfsins, enginn getur hjálpað öllum en allir geta hjálpað einhverjum hafa hvatt okkur sem stöndum fyrir opnun dagseturs fyrir konur til dáða. Dagsetrið verður til húsa á neðri hæð Grensáskirkju, verður opið á þeim tíma dags sem Konukot er lokað og býður þær velkomnar sem þiggja vilja sálgæslu, umhyggju, ráðgjöf og húsaskjól. Vonandi opnar það um það leyti er nýtt kirkjuár hefst.

Það eru mörg meinin í íslensku samfélagi sem vert er að gefa gaum og huga að. Hermundur Sigmundsson prófessor í lífeðlislegri sálfræði var í viðtali nýverið. Í viðtalinu kom fram að hann hefur verulegar áhyggjur af stöðu drengja í íslensku menntakerfi. Hann segir lyfjanotkun í íslenskum grunnskólum benda til þess að eitthvað sé að þjóðfélaginu og að kynjahlutföll í háskólum sé með því versta sem sést í hinum vestræna heimi. Skólaskylda barna er 10 ár. Það þætti mörgum fullorðnum erfið staða að þurfa að mæta til vinnu hvern virkan dag á stað sem fólk líður illa á. Við breytum ekki börnunum en getum hjálpað

þeim til farsæls lífs með því að breyta kerfum og aðferðum. Það á ekki aðeins við um skólana heldur hvar sem börnin eru. Barna- og æskulýðsstarf kirkjunnar hefur leitast við að fræðast um það sem best hefur reynst í samstarfi við börn og ungmenni og það á einnig við um fermingarstarfið. Í þessari viku heimsótti ég Vatnaskóg en það var liður í vísitási minni um Vesturlandsprófastsdæmi sem hófst í byrjun þessa árs en er ekki lokið vegna heimsfaraldursins. Í Vatnaskógi voru um 100 börn úr Garða- og Saurbæjarprestakalli sem fræðast um líf í trú og trú í lífi og er það liður í fermingarfræðslunni þeirra. Starfið í kirkjunni er fjölbreytt og hefur það eina markmið að kenna börnunum að elska Guð og náungann og þroskast og eflast sem einstaklingar. Kirkjan hefur mikið að gefa til fjölskyldna og uppalanda.

Undanfarna daga hefur mikil umræða verið um Jesúmynd sem birtist á kynningu á sunnudagaskóla vetrarins. Ég harma það að myndin hafi valdið þeim sársauka og reiði sem margir hafa lýst. Fólki er misboðið og er það ekki vilji minn né samstarfsfólks míns að valda slíku. Í boðun fagnaðararindisins felst m.a. að kirkjan sé aflvaki mannréttinda og einingar í samfélaginu, þar sem allir eiga að geta fundið sig heima. En hér réði kappið hugsanlega meiru en forsjáin þegar hugmyndinni var hrint í framkvæmd. Ég tel að einstakt tækifæri sé nú fyrir mig og okkur á Biskupsstofu að læra af viðbrögðunum í samfélaginu. Ég mun leggja áherslu á að við stöldrum við og metum á nýjan og faglegan máta hvað fór úrskeiðis, svo við tryggjum betur að verkefni okkar og störfin á Biskupsstofu styðji við boðun fagnaðararindisins og uppbyggingu samfélags trúaðra.

Það er ekki nýtt að kirkjur heimsins láti sig umhverfismál varða. Það er enda rökrétt og í samræmi við þann gjörning Guðs að setja manninn í aldingarðinn til að yrkja hann og gæta hans. Manninum ber að gæta síns aldingarðs. „Hvort sem við þess vegna lifum eða deyjum þá erum við Drottins“ segir Páll í bréfi sínu til Rómverja og í 24. Davíðssálmi erum við einnig minnt á eignarhald Drottins á mannanna börnum sem og sköpuninni allri: „Drottinn heyrir jörðin og allt sem á henni er, heimurinn og þeir sem í honum búa.“

Eins og undanfarin ár tekur þjóðkirkjan þátt í tímabili sköpunarverksins þar sem sérstök áhersla er lögð á lífshætti sem samræmst geta um alla framtíð Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna í loftslags- og umhverfismálum. Prestar og söfnuðir þjóðkirkjunnar eru hvattir til að vinna með umhverfi og náttúru á þessu tímabili í helgihaldi sínu og með því að gera starf sitt umhverfsvænt og sjálfbært með ýmsu móti. Nú þegar hafa 12 söfnuðir og starfsstöðvar á vegum kirkjunnar fengið viðurkenningu „á grænni leið“ vegna umhverfisstarfs og tveir söfnuðir öðlast rétt til að kallast „Grænir söfnuðir“.

Síðastliðinn laugardag var verkefninu Skírnarskógar hrundið af stað með athöfn í Skálholti og eru með því tengd saman þau tvö meginverkefni sem kirkjuþing samþykkti í fræðslustefnunni árið 2018, umhverfismál og skírnin.

Stærsta verkefnið sem við tökum þátt í á sviði umhverfismála er stofnun **Bandalags um trú með jörðinni**.

Í byrjun október í fyrra stóð þjóðkirkjan fyrir alþjóðlegri ráðstefnu í Skálholti með yfirskriftinni „Faith and Community Engagement for the Sustainable Development Goals, SDG.“

(Trú og samfélag með sjálfbærnimarkmiðum Sameinuðu þjóðanna). Í samræmi við

ákall þeirrar samkomu hafa fulltrúar frá Þjóðkirkjunni, Félagi Sameinuðu þjóðanna, Landgræðslunni, Skógræktinni, ásamt einstaklingum úr vísinda- og háskólasamfélagi og ýmsum trúfélögum á Íslandi, unnið með fulltrúa Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNEP) að því að ná fram samfylgd allra trúarhreyfinga í baráttu fyrir Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. UNEP hefur unnið markvisst að þessu verkefni frá því 2017. Ráðstefnan mun fara fram í næsta mánuði og verður henni væntanlega stjórnað frá Skálholti en flestir hinna 500 þátttakenda verða með á fjarfundum. Sjálf ráðstefnan ber yfirskriftina: „Faith for Nature – Multi-Faith Action“ (Fjöltrúarlegar aðgerðir með náttúrunni). Um er að ræða einstakt framtak sem sameina á helstu trúfélög um aðgerðir í þágu Heimsmarkmiðanna og umhverfisverndar almennt. Ennfremur verða gerð drög að ályktun fyrir næsta Umhverfisþing Sameinuðu þjóðanna um hlutverk trúarinnar og gilda í baráttunni fyrir Heimsmarkmiðin.

Ríkisstjórnin hefur samþykkt að Ísland verði vettvangur ráðstefnunnar og UNEP hefur gert hana að lið í formlegu undirbúningsferli að 5. umhverfisþingi Sameinuðu þjóðanna sem haldið verður í febrúar á næsta ári. Vísindamenn hafa frætt okkur um hvernig komið er fyrir móður jörð vegna ofhlýnunar og nú er komið að öðrum að taka við þeim upplýsingum og finna leiðir til lausnar. Öflugt landgræðslufólk á Íslandi hefur í alþjóðlegu starfi sínu gert sér grein fyrir því hve nauðsynlegt það er að hafa samtök með trúarlegan bakgrunn með sér í baráttu gegn gróðureyðingu og eyðimerkurmyndun. Þar hefur það verið á sömu nótum og forystufólk Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna.

Andleg gildi eru drifkraftur 80% jarðarbúa að sögn þeirrar stofnunar, og þess vegna hafa leiðtogar trúarhópa einstaka möguleika til þess að hafa áhrif á hegðun einstaklinga gagnvart umhverfi sínu. Þess vegna telur UNEP nauðsynlegt að hafa öll helstu samtök með trúarlegan bakgrunn á heimsvísu í verki með sér. Það hefur verið sérstaklega ánægjulegt og gefandi fyrir þjóðkirkjuna að ljá þessu verkefni lið.

Á þessu þingi liggur fyrir tillaga um verkáætlun vegna umhirðu jarða þjóðkirkjunnar. Verkáætlunin fylgir í kjölfar umhverfisstefnunnar sem samþykkt var á kirkjuþingi fyrir þremur árum.

Gríðarlegar breytingar urðu á þjóðkirkjunni, stöðu hennar og skipulagi við nýjan viðbótarsamning sem samþykktur var í fyrra. Kirkjuþingsins bíður mikil vinna sem mun vinnast í nokkrum lotum. Ég er þess fullviss að þið lendið málum á farsælan hátt þar sem tekið hefur verið tillit til lausnamiðaðrar umræðu.

Guð blessi ykkur og störf ykkar.

Kosningar í upphafi kirkjuþings 2020-2021

Kosning 1. varaforseta

Anna Guðrún Sigurvinsdóttir

Kosning 2. varaforseta

Guðlaugur Óskarsson

Kosning fastra þingnefnda kirkjuþings

Allsherjarnefnd

Anný Ingimarsdóttir
Árný Herbertsdóttir
Guðbjörg Arnardóttir
Guðlaugur Óskarsson
Guðmundur Þór Guðmundsson
Guðrún Karls Helgudóttir
Kolbrún Baldursdóttir
Margrét Eggertsdóttir
Ólöf Margrét Snorradóttir

Fjárhagsnefnd

Einar Már Sigurðarson
Gísli Gunnarsson
Gísli Jónasson
Hermann Ragnar Jónsson
Hreinn Hákonarson
Svana Helen Björnsdóttir
Þorkell Heiðarsson
Þuríður Björg Wíium Árnadóttir

Löggjafarnefnd

Anna Guðrún Sigurvinsdóttir
Arna Grétarsdóttir
Axel Árnason Njarðvík
Bryndís Malla Elíadóttir
Hildur Inga Rúnarsdóttir
Hreiðar Örn Zoëga Stefánsson
Skúli Sigurður Ólafsson
Stefán Magnússon
Steindór R. Haraldsson

Kosning formanna og varaformanna fastra þingnefnda

Fjárhagsnefnd:

Gísli Jónasson, formaður
Svana Helen Björnsdóttir, varaformaður

Löggjafarnefnd:

Steindór R. Haraldsson, formaður

Arna Grétarsdóttir, varaformaður

Allsherjarnefnd:

Guðrún Karls Helgudóttir, formaður

Guðlaugur Óskarsson, varaformaður

Kjörstjórn þjóðkirkjunnar:

Aðalmenn:

Sr. Anna Sigríður Pálsdóttir

Andri Árnason, lögmaður

Varamenn:

Anna Guðmunda Ingvarsdóttir, lögfræðingur

Sr. Vigfús Ingvar Ingvarsson

Yfirjörstjórn þjóðkirkjunnar:

Aðalmenn:

Sólveig Pétursdóttir, fyrrv. ráðherra, formaður

Sr. Magnús Björn Björnsson

Guðmundur Einarsson, fyrrv. framkvæmdastjóri

Varamenn:

Egill Heiðar Gíslason, ráðgjafi

Ragnhildur Benediktsdóttir, lögfræðingur

Steinunn B. Jóhannesdóttir

Matsefnd um hæfi til prestsembættis:

Aðalmenn:

Anna Mjöll Karlsdóttir, lögfræðingur

Jóhannes Pálmason, lögfræðingur

Varamenn:

Arnfríður Einarsdóttir, dómari

Kristján Guðmundsson

1. mál kirkjuþings 2020-2021
Flutt af kirkjuráði

Skýrsla kirkjuráðs

Fundur kirkjuráðs hefjast alltaf á ritningarlestri og bæn. Kirkjuráðsfulltrúar minna sig á í hvers nafni þeir starfa og hafa í huga orð postulans: „Verið með sama hugarfari sem Kristur Jesús var“ Fil. 2:5. Fundurinn er falinn Jesú sem sagði: „Biðjið og yður mun gefast, leitið og þér munuð finna, knýið á og fyrir yður mun upp lokið verða. Því að hver sá öðlast sem biður, sá finnur sem leitar, og fyrir þeim sem á knýr mun upp lokið verða“ Matt. 7:7-8.

Inngangur.

Biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir, er forseti kirkjuráðs lögum samkvæmt. Auk biskups sitja í ráðinu fjórir fulltrúar kjörnir af kirkjuþingi til fjögurra ára, tveir leikmenn og tveir guðfræðingar. Kjörnir fulltrúar í kirkjuráði eru sr. Arna Grétarsdóttir, sóknarprestur á Reynivöllum, Kjalarnesprófastsdæmi, sr. Axel Árnason Njarðvík, héraðsprestur í Suðurprófastsdæmi, Stefán Magnússon, bóndi í Fagraskógi, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi og Svana Helen Björnsdóttir, verkfræðingur og doktorsnemi við Háskólann í Reykjavík, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra. Varamenn eru Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, verkefnastjóri hjá Brim, Berglind Hönnudóttir, starfsmaður í Austurlandsprófastsdæmi, sr. Guðrún Karls Helgudóttir, sóknarprestur í Grafarvogskirkju og sr. Hreinn Hákonarson, sérþjónustuprestur á Biskupsstofu. Kjörtímabili þess kirkjuráðs sem nú situr lýkur í lok kirkjuþings 2022 en það var kosið á kirkjuþingi 2018.

Starfsemi kirkjuráðs.

Almennt.

Störf kirkjuráðs byggjast á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, svo og starfsreglum um kirkjuráð, nr. 817/2000, með síðari breytingum. Kirkjuráð fer með framkvæmd sameiginlegra málefna þjóðkirkjunnar, þar á meðal verkefna sem lög og stjórnvaldsreglur ætla því og erinda sem vísað er til þess m.a. af hálfu kirkjuþings, prestastefnu, samtökum leikmanna, Alþingis og ráðherra. Ákvörðunum kirkjulegra stjórnvalda, sem heyra undir lögsögu kirkjuráðs, má skjóta til kirkjuráðs til endanlegrar úrlausnar. Undanskildar eru ákvarðanir úrskurðar- og áfrýjunarnefnda svo og ákvarðanir biskups er varða agavaldið og lausn ágreiningsefna svo og um kenningu kirkjunnar. Ákvörðunum kirkjuráðs á framkvæmdasviði kirkjulegrar stjórnslu verður eigi áfrýjað til kirkjuþings en fjalla má um málefnið á kirkjuþingi að frumkvæði einstakra kirkjuþingsmanna.

Kirkjuráð undirbýr kirkjuþing í samráði við forseta þingsins og forsætisnefnd. Þá undirbýr ráðið þingmál sín og veitir kirkjuþingsfulltrúum sem þess óska aðstoð við framsetningu þingmála. Kirkjuráð annast almennt framkvæmd ákvarðana þingsins ef annað er ekki ákveðið af kirkjuþingi. Kirkjuráð undirbýr af hálfu þjóðkirkjunnar tillögur

til fjárveitinga til hennar á fjárlögum og hefur yfirumsjón með ráðstöfun fjár sem veitt er af opinberri hálfu til kirkjulegrar starfsemi svo og fasteignamálum þjóðkirkjunnar.

Kirkjuráð hefur farið með stjórn Jöfnunarsjóðs sókna, kristnisjóðs og kirkjumálasjóðs og úthlutað úr sjóðunum á grundvelli umsókna og fjárhagsáætlana stofnana. Í fjármálaumsýslunni felst m.a. að gera fjárhagsáætlanir og fjárlagatillögur og árita ársreikninga þeirra sjóða sem ráðið stýrir og leggur fram á kirkjuþingi.

Með lögum nr. 95/2020 sem tóku gildi 23. júlí sl. voru ákvæði í lögum um sóknargjöld o.fl., þar sem fjallað er um Jöfnunarsjóð og kristnisjóð felld brott. Ennfremur voru lög um kirkjumálasjóð felld brott.

Kirkjuráð hefur forræði og forsjá um Skálholtsstað og hefur einnig afskipti af málefnum Skálholtsskóla.

Viðbótarsamningur og helstu breytingar í kjölfar hans.

Á 58. kirkjuþingi 2019, aukakirkjuþingi, sem haldið var 28. ágúst og 4. september 2019, var samþykktur viðbótarsamningur um endurskoðun á samkomulagi milli íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997 (kirkjujarðasamkomulagið) og samningi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um rekstrarkostnað vegna prestsembætta og prófasta, rekstrarkostnað biskupsstofu, framlag til Kristnisjóðs og sérframlög til þjóðkirkjunnar frá 4. september 1998. Fulltrúar íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar undirrituðu viðbótarsamninginn hinn 6. september 2019.

Markmið viðbótarsamningsins var að einfalda framkvæmd fjárhagslegs stuðnings ríkisins við þjóðkirkjuna á grundvelli framangreindra samninga og auka sjálfstæði þjóðkirkjunnar í fjármálum. Allar greiðslur ríkisins samkvæmt framangreindum samningum renna nú til Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu, kt. 460169-6909.

Kirkjuþing mun nú framvegis samkvæmt samningnum samþykkja fjárlög þjóðkirkjunnar og ákveða með starfsreglum hvernig brugðist verður við niðurfellingu framangreindra sjóða og hvort úthlutun þess fjármagns sem þeir áður fengu, fari fram með sama hætti og áður.

Með viðbótarsamningnum er einnig stefnt að aukna sjálfstæði þjóðkirkjunnar í starfsmannamálum en frá 1. apríl 2020, hættu lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, að gilda um starfsfólk þjóðkirkjunnar. Prestar halda starfsréttindum sínum út skipunartíma sinn.

Áskilið hefur verið í lögum um þjóðkirkjuna að um málsmeðferð í kirkjuráði, svo og meðal annarra kirkjulegra stjórnvalda, skyldi fylgt ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, eftir því sem við gæti átt, leiddi annað eigi af ákvæðum laga eða starfsreglna sem kirkjuþing setur. Hið sama hefur almennt átt við um sérstakt hæfi kirkjulegra stjórnvalda til meðferðar einstakra mála. Með framangreindum lögum nr. 95/2020 var tilvísun í stjórnsýslulögin í lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, felld brott.

Meginverkefni kirkjuþings 2020 er að setja starfsreglur í stað þeirra lagaákvæða sem falla brott samkvæmt fyrrgreindum lögum. Felst það einkum í því að setja starfsreglur um fjármál þjóðkirkjunnar, gjaldskrá kirkjuþings vegna þjónustu presta, starfsreglur um starfskostnað presta og prófasta o.fl.

Með lögum nr. 95/2020, fékk kirkjuráð fékk heimild til að setja starfsreglur og gjaldskrá til bráðabirgða, með samþykki forseta kirkjuþings, ef brýna nauðsyn ber til. Gildistími þeirra starfsreglna og gjaldskrár gildir þá til næsta fundar kirkjuþings en þó ekki lengur en sex mánuði frá þeim degi að forseti kirkjuþings samþykkti þær.

Á 312. fundi kirkjuráðs, aukafundi sem haldinn var 23. júlí sl. samþykkti kirkjuráð gjaldskrá kirkjuráðs um greiðslur fyrir prestsþjónustu þjóðkirkjunnar. Um var að ræða tillögu Framtíðarnefndar, sem fjallað verður um í næsta kafla, með uppfærðum fjárhæðum sem áður voru í gjaldskrá ráðherra um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra, nr. 729/2014, sbr. breytingar á skránni með auglýsingum nr. 1146/2015 og nr. 687/2016.

Kirkjuráð nýtti framangreinda heimild á ný á 313. fundi þann 12. ágúst sl. en á fundinum voru samþykktar breytingar á starfsreglum um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009. Breyting þessi heimilar að kirkjuþing geti farið fram í gegnum fjárfundabúnað þegar sérstakar aðstæður krefjast þess auk þess sem forseti kirkjuþings getur nú samþykkt að einstakir kirkjuþingsfulltrúar geti tekið þátt í störfum þingsins með fjárfundabúnaði, kosið og greitt atkvæði með handauppréttingu eða rafrænum hætti.

Framtíðarnefnd.

Aukakirkjuþing 2019 samþykkti að beina því til kirkjuráðs að skipa sex manna nefnd vegna viðbótarsamnings milli þjóðkirkjunnar og íslenska ríkisins. Ljóst var að mikil vinna var framundan við að semja starfsreglur sem taka eiga við þegar þær lagabreytingarnar sem samningurinn felur í sér, taka gildi. Nefndin kaus sér nafnið Framtíðarnefnd, en hennar helstu verkefni hafa verið að semja starfsreglur um kjaranefnd kirkjunnar, starfsreglur um fjármál Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu, gjaldskrá um greiðslur fyrir prestsþjónustu þjóðkirkjunnar, starfsreglur um starfskostnað sóknarpresta, presta og prófaste og starfsreglur um breytingar á ýmsum starfsreglum í kjölfar lagabreytinga eftir að viðaukasamningurinn var samþykktur (Bandormur). Fyrirhugað er að þessar starfsreglur verði fram á kirkjuþingi 2020.

Fulltrúar Framtíðarnefndar og varamenn þeirra voru tilnefndir af biskupi Íslands, forsætisnefnd, kirkjuráði, löggjafarnefnd, fjárhagsnefnd og allsherjarnefnd. Kirkjuráð tók við tilnefningum og skipaði fulltrúa í nefndina. Eftirfarandi aðilar voru skipaðir aðalmenn: Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, frá forsætisnefnd, Axel Árnason Njarðvík, frá kirkjuráði, Guðmundur Þór Guðmundsson frá biskupi Íslands, Guðrún Karls Helgudóttir, frá allsherjarnefnd, Gísli Jónasson, frá fjárhagsnefnd og Steindór R. Haraldsson, frá löggjafarnefnd. Varamenn voru skipaðir: Guðlaugur Óskarsson frá forsætisnefnd, Arna Grétarsdóttir frá kirkjuráði, Þorvaldur Víðisson frá biskupi Íslands, Anný Ingimarsdóttir, frá allsherjarnefnd, Gísli Gunnarsson, frá fjárhagsnefnd og Bryndís Malla Elíadóttir, frá löggjafarnefnd.

Kirkjuráðsfundir.

Kirkjuráð heldur fund að jafnaði einu sinni í mánuði á biskupsstofu og á þessu starfsári hefur ráðið haldið 13 fundi. Kirkjuráð hélt þrjá fundi í gegnum fjárfundabúnað vegna samkomubanns sem sett var á vormánuðum vegna Covid-19 faraldursins. Á

kirkjuráðsfundum sitja auk kirkjuráðsmanna og framkvæmdastjóra skrifstofustjóri biskupsstofu og fjármálastjóri biskupsstofu þegar umræða um fjármál eru sérstaklega á dagskrá og biskupsritari sem ritar fundargerðir. Forseti kirkjuþings situr fundi kirkjuráðs þegar málefni kirkjuþings eru til umfjöllunar og formenn fastra nefnda kirkjuþings. Vígslubiskupar sitja fundi ráðsins þegar málefni biskupsstólanna eru til umfjöllunar.

Starfsfólk kirkjuráðs.

Starfsfólk kirkjuráðs eru Brynja Dögg Guðmundsdóttir Briem, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Guðrún Finnbjarnardóttir, fulltrúi, Arnór Skúlason, arkitekt, verkefnastjóri viðhaldsmála á fasteignasviði og Ásta Guðrún Beck, lögfræðingur, en hún hóf störf á fasteignasviði 1. september 2020. Gunnar Óskarsson, ráðsmaður í Skálholti, hóf störf í sumar en hann mun sinna verklegum framkvæmdum og viðhaldsverkefnum á fasteignum kirkjunnar í Suðurprófastsdæmi og heyrir undir fasteignasvið.

Starfshópar kirkjuráðs.

Samkvæmt reglum um stjórnábyrgð og starfshætti kirkjuráðs eru þrjú starfshópar kirkjuráðs starfandi, lagahópur, fjármalahópur og kirkjustarfshópur. Einn til tveir kirkjuráðsmenn starfa í hverjum hópi, ásamt starfsmanni frá biskupsstofu og formanni fastanefnda kirkjuþings. Sigurbjörg Níelsdóttir Hansen, fjármálastjóri biskupsstofu starfar með fjármalahópi, séra Sr. Sigfús Kristjánsson starfaði með kirkjustarfshópi, en hann hóf störf sem sendiráðsprestur í Kaupmannahöfn 1. ágúst 2020. Séra Hreinn Hákonarson, sérþjónustuprestur á fræðslu- og kærleiksþjónustusviði var fenginn til að starfa með kirkjustarfshópi frá 3. september sl. Skúli Guðmundsson, lögfræðingur kirkjuþings, starfaði með lagahópi en lét af störfum um síðustu áramót. Ástu Guðrúnu Beck, lögfræðingi á fasteignasviði, var falið að starfa með lagahópi frá 3. september sl. Stefán Magnússon starfar með lagahópi, Svana Helen Björnsdóttir og séra Axel Árnason Njarðvík með fjármalahópi og séra Arna Grétarsdóttir með kirkjustarfshópi kirkjuráðs.

Samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar.

Samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar starfar á grundvelli laga nr. 12/1982. Samstarfsnefndina skipa af hálfu Alþingis, forseti Alþingis og einn fulltrúi tilnefndur af hverjum þingflokki, en af hálfu þjóðkirkjunnar kirkjuráð. Forseti Alþingis og biskup landsins fara með formennsku nefndarinnar sitt árið hvor. Tilgangur nefndarinnar hennar er að vinna að auknum skilningi í löggjafarstarfi á verkefnum kirkjunnar. Samstarfsnefndin getur annars vegar sent ályktanir og tillögur til Alþingis eða einstakra nefnda þess, en hins vegar til kirkjuþings.

Nefndin hefur ekki haldið fund á starfsárinu.

Verkefni kirkjuráðs á starfsárinu.

Reglulegt kirkjuþing, 59. kirkjuþing 2019, var sett í Háteigskirkju en haldið á Biskupsstofu þann 2. nóvember 2019 og var frestað til mars, svo til júní og loks til 10. september 2020 vegna Covid-19.

Á þinginu í nóvember voru lögð fram 40 mál. Alls voru 20 mál afgreidd á þinginu í nóvember en 20 bíða síðari umræðu sem verður á framhaldsþingi sem hefst 10. september nk. Kirkjuráð lagði fram 11 mál, biskup Íslands flutti 16 mál og vígslubiskupar eitt mál. Þingmannamál voru 11 þar af eitt flutt af fulltrúa guðfræði- og trúarbragðafræði Háskóla Íslands og eitt var flutt af forsætisnefnd. Gerðir kirkjuþings eru birtar á vefsíðu kirkjunnar. Þar eru birtar breytingar á starfsreglum, nýjar starfsreglur, ályktanir og samþykktir kirkjuþings. Kirkjuráð hefur unnið að framkvæmd og kynningu þeirra mála sem kirkjuþing fól ráðinu að sinna. Jafnframt hafa samþykktar starfsreglur verið birtar í Stjórnartíðindum.

Ályktanir kirkjuþings 2019.

Hér verður gerð grein fyrir þeim málum sem kirkjuráð flutti á kirkjuþingi og afgreiðslu kirkjuþings á þeim. Einnig verður gerð grein fyrir stöðu og framvindu mála á starfsárinu sem kirkjuþing ályktaði að vísa til kirkjuráðs. Eins og að ofan greinir þá eru 20 mál sem bíða síðari umræðu kirkjuþings 2019.

1. mál. Skýrsla kirkjuráðs til kirkjuþings um störf sín.

Kirkjuþing þakkar fyrir að upplýsinga- og kynningarmál voru tekin föstum tókum eins og kirkjuþing 2018 ályktaði.

Kirkjuþing þakkar skírnarnefnd hennar störf og leggur til að hún haldi áfram vinnu sinni og kynni söfnuðum tillögur sínar.

Kirkjuþing áréttar að farið verði eftir ályktun kirkjuþings 2017 um hlutdeild unga fólksins í kirkjustarfi og stjórn og ályktun sama þings um að jöfn hlutföll kynja skuli ávallt vera í öllum stjórnnum, nefndum og ráðum á vegum þjóðkirkjunnar.

Kirkjuþing hvetur til að hið góða og mikilvæga starf Fjölskylduþjónustu kirkjunnar verði kynnt betur fyrir söfnuðum landsins.

Kirkjuþing minnir á mikilvægi þess að vandað verði til verka við skipulagsbreytingar vegna viðbótarsamnings kirkju og ríkis. Fyllsta samráðs og gagnsæis verði gætt í hvívetna.

Kirkjuráð þakkaði kirkjuþingi góðar ábendingar og mun taka þær til greina.

2. mál. Skýrsla um fjármál þjóðkirkjunnar.

Flutt af kirkjuráði.

Kirkjuþing 2019 samþykkir endurskoðaða ársreikninga þjóðkirkjunnar og Kristnisjóðs fyrir árið 2018.

Fjármálahópur kirkjuráðs hefur til meðferðar undirbúning að gerð fjárhagsáætlunar þjóðkirkjunnar vegna ársins 2020.

17. mál. Þingsályktun um Jafnréttisstefnu þjóðkirkjunnar.

Kirkjuþingið lagði áherslu á að unnið verði áfram með Jafnréttisstefnuna þannig að tekið verði á jafnrétti á víðari grundvelli en nú er. Jafnréttisstefnan verður sett á vef kirkjunnar, kirkjan.is. Forseti kirkjuráðs mun fylgja jafnréttisstefnunni eftir hvað varðar skyldur kirkjuráðs, í samráði við jafnréttisnefnd kirkjunnar.

Jafnréttisstefnan hefur verið birt á vef kirkjunnar, www.kirkjan.is.

19. mál. *Starfsreglur um breyting á starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000, með síðari breytingum.*

Láðst hafði að geta þess í starfsreglum um kirkjuráð að það ætti að skipa Strandarkirkjunefnd. Kirkjuþing 2019 samþykkti breytinguna á starfsreglunum. Auglýsing um breytingu á starfsreglunum hefur verið birt í Stjórnartíðindum og starfsreglurnar verið uppfærðar á vef kirkjunnar, kirkjan.is.

21. mál. *Þingsályktun um skipun nefndar til endurskoðunar á starfsreglum um íslensku þjóðkirkjuna erlendis.*

Kirkjuþing samþykkir að skipuð verði þriggja manna nefnd til þess að endurskoða starfsreglur um íslensku þjóðkirkjuna erlendis nr. 1003/2005, með síðari breytingu. Biskup Íslands, kirkjuráð og utanríkisráðherra tilnefni hver um sig einn nefndarmann. Biskup Íslands skipi nefndina og skal sá sem biskup tilnefnir vera formaður hennar. Nefndin skili tillögum sínum að breyttum starfsreglum til kirkjuráðs sem leggur þær fram sem tillögur að nýjum starfsreglum fyrir kirkjuþing 2020.

Kirkjuráð samþykkti að tilnefna eftirfarandi tvo aðila sem aðal- og varamann í nefnd um endurskoðun starfsreglna um íslensku þjóðkirkjuna erlendis: séra Sigurð Arnarson og séra Örnun Grétarsdóttur.

35. mál. *Þingsályktun um kaup og sölu fasteigna.*

Kirkjuþing 2019 heimilaði sölu eftirtalinna fasteigna í eigu kirkjumálasjóðs:

Suðurprófastsdæmi: Jörðin Hraungerði og Voli, Flóahreppi.

Vestfjarðaprófastsdæmi: Hellisbraut 4, Reykhólahreppi.

Miðtún 12, Ísafirði, Ísafjarðarbæ. Árnes I

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi: Skeggjastaðir

Austurlandsprófastsdæmi: Hamrahlíð 12, Vopnafirði.

Reykjavíkurrófastsdæmi vestra: Kirkjuhúsið, Laugavegi 31, Reykjavík.

Heimildarákvæði um sölu fasteigna gilda fram að kirkjuþingi 2021.

36. mál. *Starfsreglur um breyting á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum.*

Kirkjuþing samþykkti að skyldan til að leggja til prestssetur í neðangreindum prestaköllum myndi falla brott:

Kjalarnesprófastsdæmi: Mosfellsprestakall. Útskálaprestakall.

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi: Dalvíkurprestakall. Laugalandsprestakall.

Ákvæði til bráðabirgða. Prestur sem þjónar í prestakalli, sem tilgreint er í starfsreglum þessum, við gildistöku þeirra, getur setið prestssetrið áfram samkvæmt gildandi lögum og starfsreglum hverju sinni, uns skipunartími hans rennur út eða honum er veitt lausn frá embætti.

Starfsreglurnar hafa verið birtar í stjórnartíðindum og verið uppfærðar á vef kirkjunnar, kirkjan.is.

37. mál. Þingsályktun um kaup og sölu fasteigna.

Kirkjuþing 2019 heimilaði sölu eftirtalinna fasteigna í eigu kirkjumálasjóðs:

Kjalarnesprófastsdæmi: Útskálaprestakall, Skagabraut 30, Suðurnesjabær.

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi: Dalvíkurprestakall, Dalbraut 2, Dalvík.

Heimildarákvæði um sölu fasteigna gilda fram að kirkjuþingi 2021.

39. mál. Þingsályktun um breytingu á fasteignastefnu þjóðkirkjunnar.

Eftirfarandi breyting var gerð á 19. gr. fasteignastefnunnar (auglýsingaskylda vegna útleigu). Fasteignir kirkjumálasjóðs, sem seldar eru eða leigðar ótímabundið eða til lengri tíma en fimm ára, skulu auglýstar til sölu eða leigu og öllum gefinn kostur á að bjóða í þær. Kirkjuþing getur samþykkt undantekningar frá þessu í einstökum tilvikum. Þess skal ávallt gætt að tryggja viðhlítandi landsréttindi kirkna og kirkjugarða ef við á, áður en sala eða leiga fer fram.

Fasteignastefnan hefur verið uppfærð og uppfært eintak hennar birt á vefsíðu þjóðkirkjunnar.

Mál biskups og þingmanna.

Sameiningar prestakalla.

Kirkjuþing samþykkti eftirfarandi breytingar á prestakallaskipaninni:

Mál 3., 6., 7., 8., 10. Flutt af biskupi Íslands

3. mál. Sameining Breiðholts-, Fella og Hólaprestakalls, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra, í eitt prestakall, Breiðholtsprestakall.

6. mál. Heiti Garða- og Hvalfjarðarstrandarprestakalls í Vesturlandsprófastsdæmi breytist í Garða- og Saurbæjarprestakall.

7. mál. Flateyjarsókn, Breiðafjarðar- og Strandaprestakalli, Vestfjarðaprófastsdæmi tilheyri Stykkishólmsprestakalli, Vesturlandsprófastsdæmi.

8. mál. Skarðssókn, Breiðafjarðar- og Strandaprestakalli, Vestfjarðaprófastsdæmi tilheyri Dalaprestakalli, Vesturlandsprófastsdæmi.

10. mál. Sameining Súðavíkursóknar, Vatnsfjarðarsóknar og Ögursóknar. Heiti hinnar nýju sóknar verði Súðavíkursókn.

Starfsreglurnar hafa verði birtar í Stjórnartíðindum og á vefsíðu þjóðkirkjunnar.

15. mál. Tillaga til þingsályktunar um mótnun stefnu þjóðkirkjunnar í málefnum fólks á flóttu, hælisleitenda og innflytjenda

Kirkjuþing 2019 samþykkti að skipaður verði þriggja manna starfshópur til að móta stefnu og verklagsreglur þjóðkirkjunnar í málefnum hælisleitenda, fólks á flóttu og innflytjenda. Biskup Íslands skipi starfshópin. Nefndin skili tillögum sínum á framhaldsþinginu í mars næstkomandi.

16. mál Þingsályktun um að þjóðkirkjan sæki um fulla aðild að samtökum evangelískra kirkna í Evrópu GEKE/CPCE.

Kirkjuþing 2019 samþykkti að beina því til biskups Íslands að sækja, f.h. þjóðkirkjunnar,

um fulla aðild að samtökum evangelískra kirkna í Evrópu GEKE/CPCE. Biskup mun fylgja málinu eftir.

40. mál. Þingsályktun um tónlistarstefnu Þjóðkirkjunnar.

Kirkjuþing 2019 samþykkti endurskoðaða tónlistarstefnu Þjóðkirkjunnar.

Tónlistarstefnan var birt á vefsvæði kirkjunnar, kirkjan.is.

Önnur mál.

22. mál. Þingsályktun um úttekt á prestssetra- og kirkjujörðum vegna endurheimtar votlendis og skógræktar.

Þingmannamál.

Kirkjuþing ályktar að þegar verði hafist handa við að gera úttekt á því hvaða jarðnæði í eigu Þjóðkirkjunnar geti hentað til skógræktar í stórum stíl sem og til endurheimtar votlendis. Úttekt þeirri skal lokið fyrir kirkjuþing haustið 2020. Jafnframt verði í þeirri úttekt hugað að umhverfisvænum virkjunarkostum, þar sem það á við. Í framhaldinu (haust 2020) verði lögð fyrir kirkjuþing ályktun þar sem Þjóðkirkjan skuldbindur sig með verkefnaáætlun til 10 ára hvar skuli ráðast í skógrækt og/eða endurheimt votlendis og skuli verkefninu vera lokið haustið 2030. Sú tímasetning tekur mið af IPCC-skýrslu Sameinuðu þjóðanna frá því í október 2018, þar sem fram kemur að jarðarbúar hafi tíu ár til viðsnúnings í loftslagsmálum til að halda hlýnun andrúmsloftsins innan við 1,5 gráður. *Kirkjuráð fól umhverfisnefnd Þjóðkirkjunnar að hrinda ofangreindri ályktun í framkvæmd.*

26. mál. Þingsályktun um úttekt á aðgengi fatlaðra og hreyfihamlaðra.

Þingmannamál.

Kirkjuþing beinir því til kirkjuráðs að gerð verði úttekt á aðgengi fatlaðra og hreyfihamlaðra að kirkjum og öðru því húsnæði þar sem starf Þjóðkirkjunnar, stofnana hennar og einstakra safnaða fer fram. Í framhaldi af því verði síðan unnin áætlun um það, hvernig bæta megi aðgengið þar sem því er áfátt. Kirkjuráð skili niðurstöðum þessarar úttektar og áætlunargerðar til kirkjuþings 2020.

Kirkjuráð samþykkti að fela fasteignasviði Biskupsstofu að annast um framkvæmd þessarar samþykktar kirkjuþings og kalla til samstarfs þá aðila sem málið varðar í hverju prestakalli. Greint er frá úttektinni síðar í skýrslu þessari.

Covid-19

Covid-19 heimsfaraldurinn og afleiðingar hans hafa haft áhrif á starfkirkjunnar. Á nokkrum fundum kirkjuráðs var rætt um faraldurinn og áhrif hans á kirkjulegt starf, viðbrögð kirkjunnar og breytta starfshætti. Kirkjuráð fékk á sinn fund samráðshóp, sem er biskupi til ráðuneytis varðandi viðbrögð kirkjunnar vegna faraldursins, en samráðshópurinn kynnti fyrirleggjandi verkefni og verkáætlun.

Kirkjuráðsmenn ræddu breytt messuform og samþykktu að vinna að því að tryggja prestum og djáknum vettvang til að veita örugga sálgæslu á netinu. Fulltrúar kirkjuráðs ásamt framkvæmdastjóra hófu yfirferð á fjarfundalausnum fyrir sálgæslu. Málið er í vinnslu.

Mál lögð fram af kirkjuráði á kirkjuþingi 2020.

Kirkjuráð leggur fram sex mál. Þau eru eftirfarandi:

1. mál. Skýrsla kirkjuráðs.

Að venju leggur kirkjuráð fram skýrslu um störf sín á kirkjuþingsárinu. Skýrsla þessi ásamt fylgiskjölum er lögð fyrir kirkjuþing 2020 skv. starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000, með síðari breytingum.

Vísað er til Árbókar kirkjunnar þar sem einnig er að finna greinargóðar skýrslur um kirkjustarfið.

2. mál. Skýrsla um fjármál þjóðkirkjunnar.

Skýrsla um fjármál þjóðkirkjunnar eru lögð fram á kirkjuþingi ásamt fjárhagsáætlun ársins. Reikningar stofnana og sjóða vegna ársins 2018 eru aðgengilegir öllum kirkjuþingsfulltrúum. Ríkisendurskoðun skilar endurskoðunarskýrslu vegna sjóða og stofnana kirkjunnar fyrir árið 2018.

13. mál. Tillaga til þingsályktunar um kaup og sölu fasteigna.

Kirkjuráð samþykkti á fundi sínum 11. mars sl. að óska eftir söluheimild fyrir jörðina Syðra-Laugaland. Ekki er lengur skylda til að leggja til prestsbústað á Laugalandi í Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi og um leið ekki lengur búsetuskylda prestsins. Kirkjuráð hefur átt í viðræðum við áhugasama kaupendur og óskað verðmats fasteignasala.

15. mál. Tillaga til þingsályktunar um breytingu fasteignastefnu þjóðkirkjunnar.

Kirkjuráð samþykkti á fundi sínum 12. ágúst sl. að leggja fram tillögu til þingsályktunar um breytingu á fasteignastefnu þjóðkirkjunnar.

Hugmynd þessi er unnin af umhverfishópi kirkjunnar

16. mál Tillaga til þingsályktun um skipun starfshóps til að vinna að mótun heildstæðrar eignastefnu þjóðkirkjunnar.

Kirkjuráð samþykkti á fundi sínum 12. ágúst sl. að leggja fram tillögu til þingsályktunar um skipun starfshóps til að vinna að mótun heildstæðrar eignastefnu þjóðkirkjunnar. Kirkjuráð telur brýnt að fyrir liggi stefna þjóðkirkjunnar yfir allar eignir hennar bæði lausar og fastar. Takmarkast stefnan ekki við eignir sem eru (eða hafa verið) í vörslu kirkjumálasjóðs. Með fjárstjórnarvaldi kirkjuþings þarf að vera til staðar heildstæð stefna um nýtingu þess fjár og höfuðstóls sem að baki er en eignastefna þjóðkirkjunnar myndi m.a. setja ramma um ráðstöfun þess fjármagns sem bundið er í eignum þjóðkirkjunnar, lausum og föstum, sem úr verða af eða hafa orðið til af framlagi ríkisins eða úr arfi kirkjunnar sjálfrar.

23. mál. Tillaga til þingsályktunar um verkáætlun vegna umhirðu jarða þjóðkirkjunnar 2021-2031

Kirkjuráð samþykkti á fundi sínum 12. ágúst sl. að leggja fram tillögu til þingsályktunar um verkáætlun vegna umhirðu jarða þjóðkirkjunnar 2021-2031. Upphaf þessa máls

má rekja til 22. máls kirkjuþings 2019, þegar kirkjuþing samþykkti þingsályktun um úttekt á prestssetra- og kirkjujörðum vegna endurheimtar votlendis og skógræktar. Kirkjuþing ályktaði að þegar yrði hafist handa við að gera úttekt á því hvaða jarðnæði í eigu þjóðkirkjunnar gæti hentað til skógræktar í stórum stíl sem og til endurheimtar votlendis. Úttektinni skyldi ljúka fyrir kirkjuþing 2020. Kirkjuráð samþykkti á 302. fundi þann 13. nóvember 2019 að beina því til umhverfisnefndar þjóðkirkjunnar að hrinda ofangreindri ályktun í framkvæmd sem hún gerði í samráði við ábendingar frá Skógræktinni og Landgræðslunni. Verkefnaáætlun þessa máls er því lögð fram í samræmi við þingsályktunartillöguna sem unnið var eftir.

Fasteignir.

Um fasteignir þjóðkirkjunnar gilda starfsreglur um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar nr. 950/2009, með síðari breytingum og Fasteignastefna þjóðkirkjunnar sem samþykkt var á kirkjuþingi 2018 en breytt lítillega á kirkjuþingi 2019.

Kirkjuráð annast um rekstur fasteigna kirkjumálasjóðs sem felst m.a. í því að annast viðhald eignanna í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun, gæta réttinda og varðveita þau sem tengjast eignunum, sjá um tryggingar og halda uppi lögskilum.

» Um fasteignasvið.

Fasteignasvið þjóðkirkjunnar er starfrækt af kirkjuráði. Þar er sinnt daglegum rekstri þeirra verkefna sem kirkjuráði eru falin í starfsreglum þessum, eftir nánari fyrirmælum nefndarinnar og ráðsins. Kirkjuráð skipar sviðsstjóra fasteignasviðs og felur honum að annast daglegan rekstur fasteigna og eignaumsýslu samkvæmt samþykktri fjárhags- og framkvæmdaáætlun. Framkvæmdastjóri kirkjuráðs gegnir starfi sviðsstjóra fasteignasviðs.

Verkefni fasteignasviðsins voru til umfjöllunar á öllum fundum kirkjuráðs á starfsárinu enda einn stærsti málaflokkur kirkjuráðs. Skal nú gerð grein fyrir umfangsmestu málum á sviðinu en að öðru leyti vísast til fundargerða kirkjuráðs á starfsárinu, nóvember 2019 til september 2020 og framkvæmdaáætlana fasteignasviðs 2019-2021 og 2021-2023. Þar er að finna nákvæmt yfirlit yfir allar nauðsynlegustu viðhalds-framkvæmdir á eignum kirkjumálasjóðs, s.s. prestsseturshúsum og öðrum eignum.

» Seldar fasteignir.

Tveir prestsbústaðir voru seldir á starfsárinu. Fyrrum prestsbústaður að Hlíðartúni 28, Höfn og Skagabraut 30, Suðurnesjabæ. Fasteignin Hlíðartún 28, Höfn í Hornafirði var einnig seld á árinu. Búið er að samþykkja tilboð í fyrrum prestssetursjörðina Hraungerði í Flóahreppi og í fasteignina Laugaveg 31, Reykjavík.

» Helstu viðhaldsverkefni.

Stærstu viðhaldsframkvæmdir á starfsárinu voru við prestsbústaðina í Ólafsvík, kirkjubæjaklaustri, Heydölum, Möðruvöllum, Syðra Laugalandi og Bolungavík. Þá voru framkvæmdir í Laufási vegna prestaskipta og á Djúpavogi, en stefnt er á að framkvæmdir á Djúpavogi ljúki á árinu. Engir nýir prestbústaðir voru keyptir á árinu. Unnið hefur

verið að nokkrum minni viðhaldsverkefnum í öðrum prestsbústöðum. Vikið er að helstu viðhaldsverkefnum í Skálholti í undirkafla um Skálholt.

Verkefni kirkjuráðs á sviði fjármála.

Verkefni kirkjuráðs á sviði fjármála voru til umfjöllunar á flestum fundum á starfsárinu.

Verkefnin hafa verið með hefðbundnu sniði að öðru leyti en því að framlengdur var frestur umsækjenda í jöfnunarsjóð sókna til 1. september 2020, vegna Covid-19 heimsfaraldursins. Þá var fjárhagsáætlun þjóðkirkjunnar - biskupsstofu til kirkjuþings skilað 28. ágúst þar sem kirkjuþing er nú haldið í september en ekki í nóvember eins og venja er.

Kirkjuráð gerir grein fyrir fjármálum sjóða og stofnana kirkjunnar í 2. máli kirkjuþings 2020; *Skýrsla um fjármál þjóðkirkjunnar* og vísast til hennar um þau verkefni.

Stofnanir sem heyra undir kirkjuráð.

Stofnanir og nefndir skila skýrslum í Árbók kirkjunnar og er vísað þangað til nánari greinargerða um starfsemi þeirra. Sú umfjöllun sem hér fer á eftir er til fyllingar því eða sérstakrar áréttingar á atriðum sem kirkjuráð vill vekja athygli kirkjuþings á.

Skálholt

» *Skálholtsstaður.*

Biskup Íslands og kirkjuráð hafa forræði um framkvæmdir í Skálholti og starfrækslu Skálholtsstaðar. Skálholtsstaður og Skálholtsskóli og hafa verið rekin sem ein rekstrareining síðastliðin ár. Um Skálholt gilda lög nr. 32/1963 um heimild handa ríkisstjórninni til þess að afhenda þjóðkirkju Íslands Skálholtsstað og um Skálholtsskóla lög nr. 22/1993. Í lögum um Skálholtsskóla nr. 22/1993 er kveðið á um hlutverk og stjórnun Skálholtsskóla. Kirkjuráð ber stjórnunarlega og fjárhagslega ábyrgð á rekstri skólans fyrir hönd þjóðkirkjunnar.

Vegna Covid-19 var ekki haldinn fundur í Skálholti þetta starfsárið en kirkjuráð fjallaði þó um málefni Skálholts á flestum fundum sínum.

Kirkjuráð samþykkti á fundi sínum 1. nóvember 2019, að reikningshald vegna Skálholtsstaðar og Skálholtsskóla yrði frá og með 1. janúar 2020 á hendi Skálholtsstaðar í stað þess að vera unnið á Biskupsstofu. Umsjón með endurskoðun reikninga yrði áfram á hendi Biskupsstofu.

Stjórn Skálholts er skipuð af kirkjuráði. Í henni sitja sem aðalmenn: Drífa Hjartardóttir, bóndi og forseti kirkjuþings, sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson, sóknarprestur í Hrunaprestakalli, Suðurprófastsdæmi og Sólborg Lilja Steinþórsdóttir, hótelsstjóri. Til vara: Þórarinn Þorfinnsson, bóndi á Spóastöðum í Biskupstungum, Olga Eleonora Marcher Egonsdóttir, fjármálastjóri og Árborg Arnþórsdóttir, ferðamálafultrúi.

» *Fasteignir í Skálholti.*

Um helstu viðhaldsverkefni í Skálholti ber að nefna að framkvæmdir eru hafnar í Skálholtsskóla og hönnun á móttökuhúsi í Skálholti er að ljúka. Framkvæmdir á útitróppum við Skálholtskirkju eru hafnar. Kirkjuráð samþykkti að farið yrði í viðgerð á þaki Skálholtskirkju, turni og ytra byrði vegna neyðarástands sem komið var upp

í kirkjunni. Undirbúningsvinna við verkið er hafin, en sú vinna fer fram í samráði við Minjastofnun. Vísað er til yfirlits frá fasteignasviði um verkefni sviðsins sem fylgir skýrslu þessari.

Nýr ráðsmaður, Gunnar Óskarsson, hóf störf í Skálholti um mitt sumar en hann er ráðinn til Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu og mun því auk þess að sinna umsjón og viðhaldi fasteigna í Skálholti taka að sér umsjón með verklegum framkvæmdum, viðhaldsverkefnum og tengdum verkefnum við tiltekna fasteignir í Suðurprófastsdæmi.

» *Útboð á Skálholtsskóla.*

Kirkjuráð samþykkti að rekstur Skálholtsskóla yrði boðinn út. Gengið var frá samningi við Sigurbjörgu Ólafsdóttur 7. júlí 2020.

Eftirtalin gögn eru aðgengileg í gagnaherbergi kirkjuþings:
Fundargerðir stjórnar Skálholts og skólaráðs Skálholtsskóla.
Leigusamningur um rekstur í Skálholtsskóla.

» *Verndarsjóður Skálholtsdómkirkju.*

Stjórn Skálholtsstaðar samþykkti stofnun Verndarsjóðs Skálholtdómkirkju með skipulagsskrá dags. 11. ágúst 2016. Markmið sjóðsins var að afla fjármuna, varðveita þá og ráðstafa til endurbóta og viðhalds í og við Skálholtsdómkirkju. Stjórn sjóðsins var skipuð þremur mönnum, og þremur til vara. Biskup tilnefndi einn stjórnarmann og einn til vara, kirkjuráðs einn og til vara og biskup og kirkjuráð ein stjórnarmann sameiginlega og einn til vara. Skipunartími stjórnar var til 30. júní 2019. Á fundi kirkjuráðs, 11. – 12. desember 2019, skipaði kirkjuráð eftirfarandi aðila í stjórn Verndarsjóðs Skálholtsdómkirkju. Aðalmenn voru skipaðir: Árni Gunnarsson rekstrarhagfræðingur, formaður, Erlendur Hjaltason, formaður Skálholtsfélagsins, Kristín Ingólfssdóttir, fv. rektor HÍ. Varamenn voru skipaðir: Séra Helga Kolbeinsdóttir, æskulýðsprestur í Digraneskirkju, Hreinn Loftsson, lögmaður og Bergþóra Baldursdóttir, hjúkrunarfræðingur

Kirkjuráð þakkar stjórn Verndarsjóðsins fyrir störf sín.

» *Skólaráð Skálholtsskóla.*

Á fundi kirkjuráðs, 11-12. desember 2019, skipaði kirkjuráð eftirfarandi aðila í Skólaráð Skálholtsskóla: Aðalmenn voru skipaðir: Sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson, sóknarprestur í Hruna – formaður, Ásborg Arnþórsdóttir, ferðamálafulltrúi uppsveita Árnessýslu og Sigurður Sigursveinsson, framkvæmdastjóri Háskólafélags Suðurlands. Varamenn voru skipaðir: Séra Dagur Fannar Magnússon, prestur í Heydölum, Margrét Bóasdóttir, verkefnisstjóri kirkjutónlistar og Magnea Sverrisdóttir, djákni og verkefnisstjóri á Biskupsstofu.

Tónskóli Þjóðkirkjunnar.

Tónskóli Þjóðkirkjunnar starfar samkvæmt starfsreglum um kirkjutónlist á vegum Þjóðkirkjunnar nr. 1074/2017. Samkvæmt starfsreglunum starfrækir kirkjan Tónskóla Þjóðkirkjunnar „sem annast um menntun organista og kirkjutónlistarfræðslu þeirra og

annars tónlistarfólks innan kirkjunnar. Tónskólinn heyrir undir kirkjuráð. Skólinn starfar eftir námsskrá sem kirkjuráð samþykkir“. Kirkjuráð skipar þriggja manna kirkjutónlistarráð sem stjórn Tónskóla Þjóðkirkjunnar og fagráð í kirkjutónlistarmálum. Í ráðinu sitja nú Guðmundur Sigurðsson, organisti formaður, Helga Þórdís Guðmundsdóttir, organisti og sr. Sigurjón Árni Eyjólfsson, héraðsprestur. Varamenn eru sr. Guðmundur Karl Brynjarsson, sóknarprestur, Hákon Tumi Leifsson, organisti og sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir, prestur. Björn Steinar Sólbergsson, organisti, er skólastjóri Tónskóla Þjóðkirkjunnar.

Fjölskylduþjónusta kirkjunnar.

Fjölskylduþjónusta kirkjunnar veitir sérhæfða þjónustu í fjölskyldumálum á grundvelli kristinna lífsgilda. Fjölskylduþjónustan er á sviði sálgæslu- og kærleiksþjónustu kirkjunnar og lýtur faglegri forystu biskups Íslands, en heyrir að öðru leyti undir kirkjuráð. Kirkjuráð ræður forstöðumann Fjölskylduþjónustu kirkjunnar og skal hann vera prestur með sérmenntun á starfssviði stofnunarinnar. Hann ræður starfsfólk í samráði við biskup Íslands. Kirkjuráð setur forstöðumanni erindisbréf. Í ákvæði til bráðabirgða í starfsreglum um Fjölskylduþjónustu kirkjunnar er kirkjuráði heimilt að ráða forstöðumann úr röðum starfsmanna stofnunarinnar tímabundið og hefur sú heimild verið nýtt undanfarin ár. Starfsmenn Fjölskylduþjónustunnar hafa tekist þessa ábyrgð á hendur með því að takast á hendur forstöðu tímabundið tvö ár í senn. Fjölskylduþjónustan hefur lotið forstöðu Rannveigar Guðmundsdóttir, félagsráðgjafa en bæði hún og Elísabet Berta Bjarnadóttir, félagsráðgjafi, hyggja á starfslok sökum aldurs. Þær Andrea Baldursdóttir, félagsráðgjafi og Guðrún Kolbrún Otterstedt, félagsráðgjafi hófu störf á starfsárinu. Fjölskylduþjónustan hefur nú aðsetur í Háteigskirkju. Fyrirhugað er að ráða forstöðumann fyrir Fjölskylduþjónustu kirkjuna á þessu ári.

Stjórn Kirkjuhússins-Skálholtsútgáfunnar.

Samkvæmt skipulagsskrá Kirkjuhússins – Skálholtsútgáfunnar skal kirkjuráð skipa þrjá af níu stjórnarmönnum. Einn fulltrúi er skipaður árlega og nær hver skipun til þriggja ára í senn. Sr. Sigfús Kristjánsson sat í stjórn Kirkjuhússins – Skálholtsútgáfunnar en hefur nýlega lokið störfum eins og fram hefur komið. Kirkjuráð samþykkti á fundi sínum, 3. september sl. að sr. Hildur Björk Hörpudóttir, nýr sviðsstjóri fræðslu- og kærleiksþjónustusviðs yrði tilnefnd sem fulltrúi kirkjuráðs í hans stað.

Strandarkirkja í Selvogi.

Kirkjuráð hefur forræði yfir málefnum Strandarkirkju. Strandarkirkjunefnd er skipuð af kirkjuráði og hefur nefndin umsjón með rekstri kirkjunnar fyrir hönd kirkjuráðs. Í Strandarkirkjunefnd sitja Ragnhildur Benediktsdóttir, fyrrverandi skrifstofustjóri biskupsstofu, formaður, sr. Gunnar Jóhannesson prestur í Selfossprestakalli og sr. Baldur Kristjánsson fyrrverandi sóknarprestur í Þorlákshafnarprestakalli. Varamenn eru Sigurbjörg Nielsdóttir Hansen, fjármálastjóri biskupsstofu og Margrét Jónsdóttir, bóndi. Nefndin er skipuð til 31. maí 2023.

Kirkjuþing unga fólksins.

Kirkjuþing unga fólksins kemur saman árlega. Hlutverk þess er að ræða stöðu og hlutverk ungs fólks í þjóðkirkjunni og í samfélagi kirkna um heim allan. Þar eiga sæti fulltrúar prófastsdæma þjóðkirkjunnar og fulltrúar frá KFUM og KFUK með málfrelsi, tillögurétti og atkvæðisrétti. Fulltrúarnir skulu vera á aldrinum 14 til 30 ára og skráðir í þjóðkirkjuna. Kirkjuþing unga fólksins er vettvangur ungs fólks til að hafa áhrif á starfsemi kirkjunnar.

Kirkjuþingi unga fólksins hefur ekki verið haldið á starfsárinu, en því var frestað í tvígang vegna Covid-19 heimsfaraldursins og áhrifa hans á íslenskt samfélag.

Önnur viðfangsefni.

» *Starfsáætlun kirkjuráðs vegna komandi starfsárs.*

Biskup Íslands lagði fram að starfsáætlun kirkjuráðs vegna komandi starfsárs á 302. fundi, 13. nóvember 2019. Kirkjuráð samþykkti áætlunina sem fylgt var eftir að mestu leyti en vegna Covid-19 heimsfaraldurs kom til lítillægri breytinga.

» *Samningur STEFs og þjóðkirkjunnar.*

Kirkjuráð samþykkti að gengið yrði til samninga við STEF en gengið var frá tímamótasamningi hinn 16. júní 2020. Samningurinn lýtur að því að greiða rétthöfum fyrir notkun tónlistar í öllu helgihaldi kirkjunnar. Tónlist nýtur höfundarréttar og greiðslu samkvæmt alþjóðlegum samningum í 70 ár eftir dauða höfundar.

Forsaga málsins er sú að felldar voru niður reglur mennta- og menningarmálaráðuneytisins frá 1974 um þóknun til höfunda vegna flutnings tónverka við guðþjónustur og aðrar kirkjulegar athafnir. Settar voru nýjar reglur þar sem ráðuneytið veitti STEFi og þjóðkirkjunni heimild til að ganga til samninga um sömu efnisþætti.

Greiðsla kirkjunnar til STEFs fyrir tónlistarnotkun er rúmlega þrettán milljónir króna árlega og er þá búið að greiða fyrir flutning tónlistar í messum, útförum og brúðkaupum, auk alls annars auglýsts safnaðarstarfs, alls um 8000 athafnir á ári. Einnig munu STEF og þjóðkirkjan stofna nýjan og öflugan tónlistarsjóð, sem tekur við af Tónmenntasjóði kirkjunnar. Í hann munu renna 20% af greiðslum kirkjunnar í sjóðinn. Hlutverk sjóðsins verður að styðja vöxt og viðgang kirkjutónlistarinnar.

Nýi sjóðurinn sem verður stofnaður samkvæmt samningnum mun heita *Tónlistarsjóður þjóðkirkjunnar og STEFs*. Sjóðnum verður sett sérstök skipulagsskrá.

» *Orgelnefnd*

Á 314. fundi kirkjuráðs fjallaði kirkjuráð um drög starfshóps Söngmálastjóra þjóðkirkjunnar að starfsreglum um Orgelnefnd. Kirkjuráð samþykkti reglurnar en taldi óþarft að leggja þær fram á kirkjuþingi. Reglurnar fylgja skýrslu þessari.

» *Opið hús fyrir heimilislausar konur – Dagsetur*

Á tveimur fundum kirkjuráðs var hugmynd biskups um stofnun dagseturs fyrir heimilislausar konur rædd. Í annað skiptið mættu fulltrúar starfshóps um dagsetur fyrir heimilislausar til fundar og fóru yfir stöðu málsins. Kirkjuráð hefur samþykkt að dagsetrinu

skyldi koma upp og að málið skyldi vinna áfram. Fjárveiting til verkefnisins liggur fyrir í fjárhagsáætlun þjóðkirkjunnar fyrir árið 2020.

Fyrirhugað er að dagsetrið muni vera til húsa í Grensáskirkju, þar sem Tónskólinn hefur haft aðsetur. Hjálparstarf kirkjunnar verður falið að sjá um rekstur dagsetursins en dagsetrið verður fjármagnað af Þjóðkirkjunni.

Í starfshópnum sitja Ragnheiður Sverrisdóttir, djákni, sr. Hjalti Jón Sverrisson, prestur í Lauganeskirkju og Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi hjá Hjálparstarfi kirkjunnar. Sr. Hreinn S. Hákonarson, sérþjónustuprestur og fyrrum fangaprestur er hópnum til ráðuneytis.

» *Jafnréttisstefna þjóðkirkjunnar*

Kirkjuráð fjallaði um jafnréttisstefnu þjóðkirkjunnar og yfirfór skyldur kirkjuráðs sem þar eru tilgreindar, á 311. fundi sínum 10. júní 2020. Kirkjuráð samþykkti að lagðar yrði fram tillögur að breytingum á starfsreglum um þingsköp kirkjuþings í samræmi við ákvæði jafnréttisstefnu þjóðkirkjunnar.

» *Uppstillingarnefnd*

Kirkjuþing áréttaði að farið verði eftir ályktun kirkjuþings 2017 um hlutdeild unga fólksins í kirkjustarfi og stjórn og ályktun sama þings um að jöfn hlutföll kynja skuli ávallt vera í öllum stjórnnum, nefndum og ráðum á vegum þjóðkirkjunnar. Til að vanda betur skipan í nefndir svo tekið sé tillit til kynjajafnræðis, kynslóðajafnræðis, landshlutadreifingar, umhverfisverndaráherslna og fjölbreytileika í nefndum þótti rétt að setja upp sérstaka nefnd sem hafi yfirsýn yfir allar nefndir þjóðkirkjunnar og geti stillt upp nefndum svo framangreindum viðmiðum sé fylgt. Biskup Íslands og kirkjuþing geta einnig leitað til uppstillingarnefndar. Kirkjuráð samþykkti á fundi sínum, 6-7. janúar 2020 að skipa eftirfarandi aðila sem aðalmenn í uppstillingarnefnd: sr. Hildur Björk Hörpudóttir, sviðsstjóri fræðslu- og kærleiksþjónustusviðs og jafnréttisfulltrúi þjóðkirkjunnar, formaður, sr. Grétar Halldór Gunnarsson, prestur í Grafarvogssókn og Berglind Hönnudóttir, kirkjuþingsfulltrúi. Varamenn voru skipaðir: sr. Dagur Fannar Magnússon, prestur í Heydölum, sr. Magnús Erlingssókn, prófastur Vestfjarðaprófastsdæmis og sóknarprestur Ísafjarðarkirkju og sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, prestur í Neskirkju.

» *Úttekt kirkjuráðs á aðgengi fatlaðra og hreyfihamlaðra að kirkjum og safnaðarheimilum landsins*

Kirkjuráð fylgdi eftir 26. máli kirkjuþings 2019 um framkvæmd úttektar á aðgengi fatlaðra og hreyfihamlaðra að kirkjum og safnaðarheimilum landsins. Útbúnir voru spurningarlistar í samráði við flutningsmenn málsins og með hliðsjón af viðmiðum Mannvirkjastofnunar um algilda hönnun. Í spurningarlistunum komu fram þau atriðum sem talið var brýnast að kanna. Lagt var upp með að framkvæmd úttekta gæti verið fljótleg og einföld. Með tölvupósti 10. janúar sl. var próföstum í hverju prófastsdæmi var falið að sjá til þess að spurningarlistarnir yrðu fyllt út á hverjum stað og að skila til biskupsstofu. Þannig var próföstum í sjálfsvald sett hvort þeir fælu formönnum sóknarnefnda, kirkjuvörðum,

prestum eða öðrum aðilum framkvæmdina en gert var ráð fyrir að úttekt á hverjum stað tæki á bilinu 5-15 mínútur. Upphaflega var veittur frestur til 12. febrúar en frestinn þurfti að framlengja. Síðustu niðurstöður bárust 28. ágúst sl. Málið er í vinnslu hjá kirkjuráði.

» *Stefnumótun kærleikspjónustu þjóðkirkjunnar*

Á kirkjuþingi 2018, var samþykkt að fela kirkjuráði að skipa nefnd til að vinna að stefnumótun fyrir kærleikspjónustu þjóðkirkjunnar. Eftirfarandi aðilar voru skipaðir í nefndina: Sr. Þór Hauksson tilnefndur af Prestafélagi Íslands, Elísabet Gísladóttir, djákni, tilnefnd af Djáknafélagi Íslands og Ragnheiður Sverrisdóttir, djákni, verkefnisstjóri kærleikspjónustusviðs biskupsstofu. Á 314. fundi kirkjuráðs var samþykkt beiðni nefndarinnar um framlengt umboð til að ljúka vinnu sinni. Áfangaskýrsla nefndarinnar fylgir skýrslu þessari.

» *Flutningar biskupsstofu.*

Biskupsstofa flutti frá Laugavegi 31 í leiguhúsnæði að Katrínartúni 4, Reykjavík í október 2019. Aðlögunin hefur gengið vel. Kirkjuhúsið-Skálholtsútgáfan flutti í húsnæði á jarðhæð Katrínartúns 4 og fyrirhugað er að Tónskólinn flytji á starfsstöð Biskupsstofu í september.

Lokaorð.

Skýrslur kirkjulegra stofnana og nefnda birtast í Árbók kirkjunnar sem nær öllu jöfnu yfir tímabilið frá 1. júní til 31. maí. Árbókin er gefin út á rafrænu formi, nema tölulegar upplýsingar um prófastsdæmi, prestaköll og sóknir.

Reykjavík í september 2020

Kirkjuráð

Agnes M. Sigurðardóttir, forseti kirkjuráðs

Arna Grétarsdóttir

Axel Árnason Njarðvík

Stefán Magnússon

Svana Helen Björnsdóttir

Fylgiskjöl:

1. Yfirlit verkefnisstjóra fasteignasviðs yfir stærstu framkvæmdir á árinu.
2. Framkvæmdaáætlun fasteignasviðs fyrir árin 2019-2021 og 2021-2023.
3. Fundargerðir stjórnar Skálholts og skólaráðs Skálholtsskóla.
4. Leigusamningur vegna reksturs í Skálholtsskóla.
5. Samþykktir uppstillingarnefndar.
6. Áfangaskýrsla nefndar um stefnumótun kærleikspjónustu þjóðkirkjunnar og tillaga um áframhaldandi starf nefndarinnar.
7. Starfsreglur um orgelnefnd.

Kirkjuþing afgreiddi skýrslu kirkjuráðs með eftirfarandi

Þingsályktun:

Kirkjuþing þakkar framtíðarnefnd þeirri, sem kirkjuráð skipaði, þá vinnu sem henni var falið að inna af hendi vegna viðbótarsamnings milli Þjóðkirkjunnar og íslenska ríkisins.

Kirkjuþing þakkar stjórn Skálholts og öðrum sem koma að starfsemi og uppbyggingu í Skálholti.

Kirkjuþing ályktar að farið verði yfir starfsreglur um Fjölskylduþjónustu kirkjunnar.

Kirkjuþing hvetur til að unnið verði úr niðurstöðum úttektar á aðgengi fatlaðra og hreyfihamlaðra að kirkjum og safnaðarheimilum landsins og farið í framkvæmdir þar sem við á.

Kirkjuþing fagnar að hugmynd biskups Íslands um Dagsetur fyrir heimilislausar konur sé að verða að veruleika.

Kirkjuþing þakkar áfangaskýrslu nefndar sem er að semja tillögu að stefnumótun fyrir kærleiksþjónustu kirkjunnar.

Kirkjuþing þakkar öllu Þjóðkirkjufólki framgöngu þess vegna Covid-19 faraldursins.

Nefndarálit allsherjarnefndar um skýrslu kirkjuráðs.

Allsherjarnefnd 2020 hefur fjallað um skýrslu kirkjuráðs og fylgigögn ásamt ávörpum við upphaf kirkjuþings.

Nefndin þakkar þeim sem ávörpuðu kirkjuþing við þingsetningu á Grand Hótel sem og því tónlistarfólki sem þar kom fram.

Drífa Hjartardóttir forseti kirkjuþings setti þingið og greindi í ræðu sinni frá þeim breytingum sem urðu á störfum nefnda kirkjuþings í kjölfar heimsfaraldursins og að tvívegis hefði þurft að fresta kirkjuþingi. Hún ræddi það sjálfstæði sem Þjóðkirkjan býr nú við og minnti um leið á ábyrgð þeirra sem sitja á kirkjuþingi og því sem þeim er trúað fyrir. Hún ræddi og fór yfir frumvarp til Þjóðkirkjulaga sem liggur fyrir þinginu og ítrekaði mikilvægi þess að allar starfsreglur væri einfaldar og skýrar.

Agnes M. Sigurðardóttir biskup Íslands ræddi málefni fólks á flóttu og lagði áherslu á að Þjóðkirkjan léti sig Þjóðfélagsmál varða. Hún ræddi þá hugmynd að gera landið að einu kjördæmi til kosninga á kirkjuþing og hvort rétt væri að stilla upp listum. Hún eins og þingforseti kom inn á ábyrgð kirkjuþings og að alltaf bættust fleiri málaflokkar við þingið sem hafa með fjármál að gera. Bæði biskup og þingforseti ræddu Hjálparstarf kirkjunnar og mikilvægi þess. Sömuleiðis greindu þær frá dagsetri fyrir heimilislausar konur sem opnað verður í húsakynnum Hjálparstarfsins.

Allsherjarnefnd þakkar ítarlega og góða skýrslu kirkjuráðs.

Nefndin leggur til að málið verði samþykkt með ályktun á þskj. 43

Skýrsla um fjármál Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu

Umtalsverðar breytingar hafa verið gerðar á skipulagi fjármála Þjóðkirkjunnar í kjölfar nýs viðbótarsamningsins við Kirkjujarðasamkomulagið sem samþykktur var á kirkjuþingi síðla árs 2019.

Í ársbyrjun 2019 var bókhald kirkjumálasjóðs, Jöfnunarsjóðs og kristnisjóðs fært frá ríkisbókhaldskerfinu Orra yfir í bókhaldskerfið Navision. Bókhald Biskupsstofu var áfram fært í ríkisbókhaldinu. Í ársbyrjun 2020 hætti Þjóðkirkjan að vera hluti af ríkisbókhaldinu og öll launavinnsla var færð til fjármáladeildar kirkjunnar í stað Fjárslu ríkisins áður. Ríkið greiðir nú framlag sitt fyrsta virka dag hvers mánaðar inn á bankareikning Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu með kennitölu 460169-6909. Þessar breytingar kröfðust talsverðrar endurskipulagningar á verkefnum fjármáladeildar og er sú vinna enn í gangi. Verið er að endurskrá öll verkferli fjármála með aðstoð fagaðila. Rekstur Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu er nú allur á einni kennitölu og verður eitt ársuppgjör fyrir árið 2020 í stað fjögurra uppgjöra árin áður.

Árið 2020 hefur verið mikið álag á fjármáladeild við endurskipulagningu og „hönnun“ bókhalds á sama tíma sem verið er að vinna upp eldri verkefni. Verið er að skipuleggja bókhaldið eftir sviðum, deildum og verkefnum, fjárhagsáætlunin er sett upp á sama hátt svo auðvelt verði að bera saman rauntölur og áætlun.

Svið Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu eru fimm, þjónustusvið, rekstrarsvið, fasteignasvið, fræðslusvið og úthlutanir. Undir hverju sviði eru deildir og undir deildum eru verkefni. Hvert svið hefur einn sviðsstjóra sem ber ábyrgð á að hans svið standist fjárhagsáætlun og að kostnaður deilda verði ekki umfram heimildir. Þjóðkirkjan notar rafrænt samþykktakerfi reikninga og eru deildastjórar með samþykktahættum á þeim reikningum sem þeim stofna til en sviðsstjórar samþykkja alla reikninga yfir 100 þús. krónum.

Enn er verið að skipuleggja deildir undir svið. Markmiðið er að raða deildum saman eftir eðli verkefna en áður höfðu sjóðirnir lögbundin hlutverk og verkefni röðuðust á sjóðina eftir þeim hlutverkum.

Kirkjuþing skipaði framtíðarnefnd sem meðal annars gerði tillögur að nýjum starfsreglum um fjármál en þær starfsreglur verða lagðar fram til samþykktar á þessu þingi.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 var unnin með aðstoð frá ráðgjafasviði KPMG en hún er í fyrsta sinn lögð fram á kirkjuþingi til umfjöllunar og samþykktar. Fjárhagsáætlunin var unnin af fjármálastjóra og starfsmanni KPMG í samráði við starfsdeildir og eftir kostnaðarliðum núlíðandi árs, þ.e. 2020.

Eftir fyrstu drög að fjárhagsáætlun ársins 2021 var tekjuhalli áætlunarinnar um 183 millj. kr. Ljóst er að Þjóðkirkjan-Biskupsstofa lendir í fjárhagserfiðleikum ef ekki verður gripið til aðgerða strax og þessari þróun snúið við.

Fundur var haldinn um málið með forseta kirkjuþings, formanni fjárhagsnefndar kirkjuþings, biskupi Íslands, skrifstofustjóra, fjármálastjóra og framkvæmdastjóra kirkjuráðs. Kirkjuráð fundaði einnig um málið. Niðurstaða þessara beggja funda var að skera

niður kostnað eins og hægt er en jafnframt að huga að öðrum aðgerðum sem snúa rekstrinum við til framtíðar.

Ljóst er að greiðsla ríkisins til kirkjunnar reiknast eftir launahækkunum líðandi árs en ef laun presta hækka umfram þá hækkun er strax kominn rekstrarhalli. Ein helsta leiðin til að mæta þessum halla er að fækka prestsembættum því launakostnaður er lang stærsti hluti rekstrarkostnaðar.

Móta þarf verklag við gerð og samþykkt fjárhagsáætlana kirkjunnar en verið er að vinna að tillögum um slíkt verklag. Tillagan ætti að liggja fyrir á næsta kirkjuþingi.

Frumvarp til fjárlaga ríkisins fyrir árið 2021 liggur ekki fyrir og því þarf að áætla fjárhæð greiðslu ríkisins vegna viðbótarsamnings ríkis og kirkju í fjárhagsáætlun kirkjunnar fyrir árið 2021.

Fjármál sókna

Þar sem frumvarp til fjárlaga næsta árs liggur ekki fyrir er ekki hægt að segja fyrir um hvert sóknargjaldið verði árið 2021, en sóknargjaldið eru nú 975,- kr. á einstakling á mánuði.

Upplýsingar um hvernig tekjuskattsstofn ríkisins skiptist og hversu hátt sóknargjaldið er af tekjuskattinum eru ekki aðgengilegar almenningi. Þetta gerir ríkinu auðvelt fyrir að skerða sóknargjaldið og almenningur lítur svo á að um framlag frá ríkinu sé að ræða en ekki endurgreiðslu á innheimtu gjaldi.

Til að reikna út hversu hátt sóknargjaldið á að vera, samkvæmt lögum um sóknargjöld, þarf að reikna upp stofn frá árinu 1997 en stofn sóknargjaldsins það árið var 400,24 kr. á einstakling á mánuði. Þessi stofn á að verðbætast árlega eftir hækkun meðaltekjuskattsstofns einstaklinga á öllu landinu á milli tekjuára. Þessi verðbreytingastuðull fæst með því að deila fjölda framteljenda í tölur frá Ríkisskattstjóra um tekjuskattsstofna á ári.

Leggja þarf áherslu á að fá ríkið að samningaborðinu til að semja um sóknargjöldin. Ljóst er að fjárhagsstaða sókna fer versnandi vegna langvarandi skerðinga og því miður er leiðrétting sóknargjalda ekki í sjónmáli.

Huga þarf að möguleikum sókna til að auka tekjur sínar með ýmsum öðrum leiðum en með hækkun sóknargjalda. Mikilvægt er að hefja umræðu um þessi mál strax og nauðsynlegt að grípa til aðgerða sem fyrst.

Rekstrarafkoma Þjóðkirkjunnar 2019

Biskupsstofa

157,3 millj. kr. tekjuafgangur var á rekstri Biskupsstofu á árinu 2019. Afturvirk launaleiðrétting vegna ársins 2017 var færð til gjalda árið 2018 og skapaði rekstrarhalla það ár en kom síðan til leiðréttingar á tekjum á árinu 2019.

Annar rekstrarkostnaður hækkaði um 81,3 millj. kr. á milli ára, þar af hækkuðu leigugjöld um 23,7 millj.kr. og aðkeypt þjónusta hækkaði um 16,4 millj. kr.

Lausafjárstaða Biskupsstofu var þrátt fyrir allt nokkuð sterk í lok árs 2019. Handbært fé lækkað þó um 96 millj. kr. og nam um 259 millj. kr. í lok árs 2019. Biskupsstofa skuldaði ekki öðrum sjóðum kirkjunnar um áramótin 2019 og 2020, en átti kröfu á Kirkjumálasjóð í árslok.

Kirkjumálasjóður

Ársreikningur kirkjumálasjóðs fyrir árið 2019 er í vinnslu en eftirfarandi fjárhæðir eru samkvæmt drögum að uppgjöri. Uppgjörið er langt komið og ekki er gert ráð fyrir verulegum frávikum.

Lausafjárstaða kirkjumálasjóðs er ekki góð. Halli ársins var um 53,8 millj. kr. og hefur sjóðurinn verið rekinn með viðvarandi halla undanfarin ár.

Tekjur ársins 2019 lækkuðu óverulega á milli ára og námu um 424,5 millj.kr. Rekstrargjöld lækkuðu um 57,9 millj. kr. á milli ára og námu um 465,3 millj.kr. Vaxtagjöld námu um 13,1 millj. kr.

Hækkun fastafjármuna kirkjumálasjóðs er vegna hækkunar á fasteignamati fasteigna. Sú hækkun endurspeglar þó ekki raunvirðishækkun fasteigna því viðhaldskostnaði hefur verið ábótavant í nokkur ár. Greiðslustaða sjóðsins var verulega slæm allt árið 2019 en langtímalán voru öll greidd upp á árinu 2020 eftir að sjóðirnir sameinuðust rekstri Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu.

Kristnisjóður

Ársreikningur kristnisjóðs fyrir árið 2019 er í vinnslu.

Tekjur kristnisjóðs eru hluti af kirkjujarðasamkomulaginu og eiga að jafngilda 15 prestslaunum.

Rekstur kristnisjóðs skilaði tæpum 59 millj. kr. í tekjuafgangi. Tekjur sjóðsins voru 152,5 millj. kr. sem er hækkun frá fyrra ári. Veittir styrkir úr sjóðnum voru 69,5 millj. kr., allt frá 100 þús. kr. til 11,3 millj. kr.

Launakostnaður kristnisjóðs var innheimtur frá Biskupsstofu með kostnaðarhlutdeild en starfsmenn sjóðsins fengu laun sín greidd með launakeyrsly hjá Fjársýslu ríkisins.

Allar eignir kristnisjóðs eru veltufjármunir.

Jöfnunarsjóður sókna

Ársreikningur jöfnunarsjóðs fyrir árið 2019 er endurskoðaður.

Tekjur jöfnunarsjóðs sókna eru 18,5% af sóknargjöldum til þjóðkirkjusafnaða. Tekjurnar eru viðbót við önnur sóknargjöld sem ríkið greiðir sóknum landsins.

Tekjur sjóðsins á árinu 2019 námu 380 millj. kr.

Úthlutaðir styrkir námu 388 millj. kr. og annar rekstrarkostnaður nam 8,5 millj. kr. Fjármunatekjur sjóðsins námu 18,9 millj. kr.

Tekjuafgangur jöfnunarsjóðs árið 2019 var 1,8 millj. kr. sem leggjast við sjóð til úthlutunar styrkja.

Nánast allar eignir sjóðsins eru veltufjármunir.

Drög að fjárhagsáætlun 2021

Drög að fjárhagsáætlun Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu fyrir árið 2021 er fylgiskjal með máli þessu. Kirkjuráð hefur ekki lokið við gerð fjárhagsáætlunar, breytt tímasetning kirkjuþings skýrir dráttinn en nauðsynleg vinnugögn hafa ekki legið fyrir fyrr en nýlega. Þau drög sem fylgja skýrslu þessari eru því eingöngu til kynningar á stöðu mála og þeim áskorunum sem kirkjan stendur frammi fyrir. Eins og fyrr segir var fjárhagsáætlun fyrir árið 2021

unnin með aðstoð frá ráðgjafasviði KPMG. Fyrstu drög að áætluninni voru unnin af fjármálastjóra og starfsmanni KPMG í samráði við starfsdeildir og eftir kostnaðarliðum núlíðandi árs. Í fyrstu drögum var tekjuhalli áætlunarinnar um 334 millj. kr. Sem fyrr segir var haldinn fundur með forseta kirkjuþings, formanni fjárhagsnefndar kirkjuþings, biskupi Íslands, skrifstofustjóra, fjármálastjóra og framkvæmdastjóra kirkjuráðs en einnig fundaði kirkjuráð um málið. Niðurstaðan var að skera þurfti niður í öllum liðum eins og hægt var. Eftir niðurskurð er tekjuafgangur fjárhagsáætlunar Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu 27,4 millj. kr. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 var með 54,2 millj. kr. halla en rekstrarkostnaður hefur farið talsvert fram úr þeirri áætlun meðal annars vegna launahækkana sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun.

Mikilvægt er að stjórnendur temji sér öguð vinnubrögð og veiti ekki heimildir fyrir gjöldum eins og launahækkunum eða fjárfrekum verkefnum nema í samræmi við gerða áætlun.

Frumvarp til fjárlaga ársins 2021 liggur ekki fyrir og var fjárhæð greiðslu ríkisins vegna viðbótarsamnings ríkis og kirkju í fjárhagsáætlun kirkjunnar því áætluð.

Kirkjuráð hyggst leggja fjárhagsáætlun Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu fyrir framhalds-fund kirkjuþings sem fyrirhugað er í nóvember.

Kirkjuþing afgreiddi skýrslu um fjármál Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu með eftirfarandi

Þingsályktun:

Kirkjuþing 2020-2021 samþykkir endurskoðaða eftirfarandi ársreikninga:

Ársreikning Kirkjumálasjóðs fyrir árið 2018

Ársreikning Jöfnunasjóðs fyrir árið 2018.

Ársreikning Þjóðkirkjunnar fyrir árið 2019.

Ársreikning Kristnisjóðs fyrir árið 2019.

Ársreikning Jöfnunarsjóðs sókna fyrir árið 2019.

Enn fremur samþykkir kirkjuþing 2020-2021 fjárhagsáætlun Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu fyrir árið 2021.

Nefndarálit fjárhagsnefndar um skýrslu um fjármál Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu.

Málinu var vísað til allra nefnda en fjárhagsnefnd hefur forræði á því.

Fjárhagsnefnd hefur farið yfir endurskoðaða ársreikninga Jöfnunarsjóðs sókna fyrir árin 2018 og 2019, endurskoðaðan ársreikning kirkjumálasjóðs fyrir árið 2018, endurskoðaðan ársreikning Kristnisjóðs fyrir árið 2019 og ársreikning þjóðkirkjunnar 06-701 fyrir árið 2019 frá fjársýslu ríkisins eins og hann er birtur í ríkisreikningi.

Fjárhagsnefnd hefur einnig farið yfir fjárhagsáætlun Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu fyrir árið 2021.

Fjárhagsnefnd bendir á að brýnt er að ná jafnvægi í fjármálum þjóðkirkjunnar. Nefndin telur að óhjákvæmilegt sé að því markmiði verði náð á næstu þremur árum eins og stefnt er að í fyrirliggjandi fjárhagsáætlun. Er því beint til biskups, biskupsstofu, kirkjuráðs og annarra þeirra aðila, sem að starfi kirkjunnar koma, að byrja þegar að vinna að því að ná þeim hagræðingarmarkmiðum sem þar eru sett fram.

Fjárhagsnefnd leggur til að kirkjuþing 2020-2021 samþykki ofangreinda ársreikninga og fjárhagsáætlun þjóðkirkjunnar vegna ársins 2021 með þingsályktun á sérstöku þingskjali.

Þorkell Heiðarson var fjarverandi.

3. mál 2020-2021

Flutt af forseta kirkjuþings

Þingsályktun um frumvarp til laga um þjóðkirkjuna (heildarlög)

Kirkjuþing 2020-2021 samþykkir að beina þeim tilmælum til dómsmálaráðherra að flutt verði eftirfarandi frumvarp til þjóðkirkjulaga, sbr. 3. mgr. 23. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum.

I. KAFLI

Grundvöllur þjóðkirkjunnar.

1. gr.

Skilgreining.

Þjóðkirkjan á Íslandi er evangelískt lúterskt trúfélag.

Aðild.

2. gr.

Skilyrði aðildar að þjóðkirkjunni er skírn í nafni heilagrar þrenningar.

II. KAFLI

Almennt um þjóðkirkjuna.

3. gr.

Réttarstaða kirkjunnar.

Um stöðu þjóðkirkjunnar fer samkvæmt ákvæðum stjórnarskrárinnar.

Um tengsl þjóðkirkjunnar og ríkisins fer samkvæmt lögum og þeim samningum sem eru í gildi hverju sinni milli þjóðkirkjunnar og ríkisins, sbr. og 1. mgr. þessarar greinar og 4. mgr. 4. gr.

Þjóðkirkjan ræður skipulagi sínu innan lögmæltra marka.

4. gr.

Kirkjuleg og almenn þjónusta vígðra þjóna um allt land.

Þjóðkirkjunni ber að halda úti kirkjulegri þjónustu á landinu öllu og tryggja að allir landsmenn geti átt kost á henni.

Þá heldur þjóðkirkjan úti margs konar almennri faglegri þjónustu, svo sem kærleiksþjónustu, sálgæslu og hjálparstarfi.

Prestar og djáknar gegna þjónustu í þjóðkirkjunni.

Stjórnvöldum skal áfram heimilt að eiga samstarf við þjóðkirkjuna í störfum sínum með sama hætti og verið hefur.

5. gr.

Jafnræði og lýðræði innan þjóðkirkjunnar.

Þjóðkirkjan skal í starfsháttum sínum halda í heiðri grundvallarreglur jafnræðis og lýðræðis.

6. gr.

Innganga og úrsögn úr þjóðkirkjunni.

Um inngöngu í og úrsögn úr þjóðkirkjunni fer samkvæmt 8. og 9. gr. laga um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög, nr. 108/1999, með síðari breytingum, eftir því sem við getur átt.

III. KAFLI

Söfnuðir þjóðkirkjunnar.

7. gr.

Söfnuðir og skilgreining þeirra.

Söfnuður er félagsleg og fjárhagsleg grunneining þjóðkirkjunnar.

Söfnuður á tilteknu landssvæði myndar sókn. Ein eða fleiri sóknir mynda prestakall.

Sóknarbörn eru öll þau sem lögheimili eiga í sókn, hafa hlotið skírn og eru skráð í þjóðkirkjuna.

Vegna sóknarbarna, 16 ára og eldri, greiðast hverjum þjóðkirkjusöfnuði, mánaðarlega, sóknargjöld samkvæmt ákvæðum laga um sóknargjöld o.fl., nr. 91/1987, með síðari breytingum.

Þjóðskrá Íslands skal árlega, án endurgjalds, standa þjóðkirkjunni skil á skrá yfir nöfn, kennitölur og fjölda sóknarbarna sem lögheimili eiga í hverri sókn fyrir sig. Óski þjóðkirkjan tíðari upplýsinga og fyllri um sóknarbörn sín, en tilgreindar eru í þessari málsgrein, skal gjald greitt samkvæmt gjaldskrá skráarhaldara.

IV. KAFLI

Æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar.

8. gr.

Kirkjuþing og biskup Íslands.

Kirkjuþing hefur æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar, þar með talið fjárstjórnarvald, nema lög kveði á um annað. Kirkjuþing markar stefnu þjóðkirkjunnar í sameiginlegum málefnum hennar, öðrum en þeim sem lúta að kenningu hennar.

Á kirkjuþingi skulu leikmenn vera fleiri en vígðir.

Við afgreiðslu mála á kirkjuþingi, er varða fjárstjórnarvald, skulu þeir þingfulltrúar, sem hagsmuna hafa að gæta í tilteknu máli, víkja sæti. Um sérstakt hæfi þingfulltrúa fer eftir starfsreglum kirkjuþings, sbr. 1. mgr. 12. gr. Má í þeim reglum kveða svo á um að þingið sé ályktunarhæft, óháð fjölda fulltrúa, við afgreiðslu þeirra. Rísi ágreiningur um túlkun þessarar málsgreinar sker forseti þingsins úr.

Um yfirstjórn biskups Íslands fer samkvæmt 10. gr.

9. gr.

Samskipti kirkjunnar og stjórnvalda við samningu frumvarpa um kirkjuleg málefni.

Kirkjuþing hefur að jafnaði frumkvæði að frumvörpum til laga um málefni þjóðkirkjunnar og leggur til við ráðherra kirkjumála að þau verði flutt á Alþingi.

Ráðherra kirkjumála leitar umsagnar og tillagna kirkjuþings um lagafrumvörp um kirkjuleg málefni er hann hyggst flytja á Alþingi.

V. KAFLI

Biskupsdæmið.

10. gr.

Eitt biskupsdæmi og skilgreining á valdsviði biskups Íslands.

Ísland er eitt biskupsdæmi. Um biskupskjör fer samkvæmt starfsreglum kirkjuþings, sbr. 1. mgr. 12. gr.

Biskup Íslands fer með yfirstjórn þjóðkirkjunnar eftir því sem kirkjuþing mælir nánar fyrir um, sbr. 8. gr.

Biskup Íslands gætir einingar kirkjunnar og hefur tilsjón með kristnihaldi, kenningu kirkjunnar og þjónustu.

VI. KAFLI

Samningar um eignarrétt milli þjóðkirkjunnar og ríkisins.

11. gr.

Árleg gagngreiðsla vegna viðbótarsamnings þjóðkirkjunnar og ríkisins og samnings um viðtöku kirkjunnar á prestssetrum frá ríkinu.

Íslenska ríkið greiðir þjóðkirkjunni, til viðbótar öðrum tekjustofnum hennar lögbundnum sem ólögbundnum, árlega gagngreiðslu á grundvelli viðbótarsamnings íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar frá 6. september 2019 um endurskoðun á samkomulagi um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997 og samningi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um rekstrarkostnað vegna prestsembætta og prófata, rekstrarkostnað biskupsstofu, framlag til Kristnisjóðs og sérframlög til þjóðkirkjunnar frá 4. september 1998.

Prestssetur, þ.e. prestssetursjarðir og prestsbústaðir sem prestssetrasjóður tók við yfirstjórn á frá ráðuneytinu 1. janúar 1994 með síðari skjalfestum afhendingum frá ráðuneytinu, svo og prestsbústaðir, hús og aðrar eignir sem prestssetrasjóður keypti, eru eign þjóðkirkjunnar með öllum réttindum, skyldum og kvöðum samkvæmt samningi um prestssetur milli íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar.

VII. KAFLI

Starfsreglur, samþykktir og ályktanir kirkjuþings.

12. gr.

Starfsreglur, samþykktir og ályktanir og birting þeirra.

Kirkjuþing setur starfsreglur um málefni þjóðkirkjunnar.

Forseti kirkjuþings skal birta starfsreglur, samþykktir og ályktanir kirkjuþings á opnu vefsvæði kirkjunnar innan fjögurra vikna frá samþykkt þeirra.

VIII. KAFLI Gildistaka o.fl.

13. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Starfsfólk þjóðkirkjunnar sem var skipað í embætti í skilningi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum, við gildistöku 2. mgr. 19. gr. laga, nr. 153/2019, heldur þeim réttindum og skyldum sem af skipuninni leiðir út skipunartíma sinn, en að öðru leyti fer um réttindi þess og skyldur samkvæmt starfsreglum settum af kirkjuþingi.

Starfsreglur, samþykktir og ályktanir, sem kirkjuþing hefur sett í gildistíð laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, með síðari breytingum, halda gildi sínu, eftir því sem við á, þar til kirkjuþing hefur fellt þær niður, breytt þeim eða samþykkt nýjar starfsreglur, þó eigi síðar en 31. desember 2021.

14. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi ...

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, með síðari breytingum.

Greinargerð.

I. Inngangur.

Frumvarp þetta var samið af nefnd sem forsætisnefnd kirkjuþings skipaði til að vinna að frumvarpi til þjóðkirkjulaga og starfaði hún í samvinnu við dómsmálaráðuneytið (ráðuneyti kirkjumála). Nefndina skipuðu kirkjuþingsfulltrúarnir Anný Ingimarsdóttir, Bryndís Malla Elíadóttir og Stefán Magnússon og með nefndinni störfuðu lögfræðingarnir Ragnhildur Benediktsdóttir og Skúli Guðmundsson.

Forsaga þessa frumvarps er sú að á kirkjuþingi 2007 var samþykkt ályktun um að fela kirkjuráði að skipa fimm manna nefnd til að endurskoða lög um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, í ljósi tíu ára reynslu sem komin var þá af lögum og aukins sjálfstæðis kirkjunnar um málefni sín, sbr. 3. mgr. 23. gr. laganna. Nefndin skyldi jafnframt huga að því hver nauðsyn væri að breyta ákvæðum annarra laga í kjölfar breytinga á þjóðkirkjulögum og vegna breyttra aðstæðna. Í greinargerð með tillögunni kom fram að með lögum nr. 78/1997 hefði sjálfstæði kirkjunnar aukist verulega og sú þróun hefði haldið áfram við breytingar sem síðan hefðu orðið á lögum. Með rammalöggjöf um þjóðkirkjuna hefði ákvörðunarvald um skipan mála í kirkjunni verið fært til kirkjuþings í ríkara mæli en verið hefði, sérstaklega um hin ytri mál. Sú þróun hefði haldið áfram og hefði kirkjuþing sett starfsreglur um ýmis atriði í stjórnskipan kirkjunnar sem áður hafi verið bundin í lög. Töluverð reynsla hefði þannig verið byggð upp í starfi kirkjuþings og innri stjórnsýsla kirkjunnar hefði verið að breytast og eflast á þessum tíma. Í greinargerðinni var því meðal annars beint til nefndarinnar að huga sérstaklega að ákvæðum sem leitt gætu

til enn meira sjálfstæðis þjóðkirkjunnar og hvernig færa mætti fleiri ákvæði úr lögum í starfsreglur frá kirkjuþingi.

Ekki varð af framlagningu frumvarps til nýrra þjóðkirkjulaga á Alþingi vegna hins sérstæða ástands í landinu frá hruni bankakerfisins haustið 2008. Frumvarpið var svo að nýju lagt fyrir kirkjuþing 2010 í lítið breyttri mynd. Að tillögu löggjafarnefndar kirkjuþings var málið að því sinni afgreitt með ályktun þingsins um að kjósa fimm manna nefnd til að fara yfir frumvarpið og skila niðurstöðum sínum til kirkjuráðs eigi síðar en 1. ágúst 2011. Þessi fimm manna nefnd lauk störfum á kirkjuþinginu 2012 og skilaði þá drögum að frumvarpi. Í framhaldi af því var kosin önnur nefnd með kirkjuþingsmönnum til að endurskoða þessi drög.

Á árabílinu 2013 til 2016 var unnið við ýmsar tillögur sem lauk með frumvarpi sem löggjafarnefnd lagði fram á kirkjuþingi 2016. Frumvarp þetta byggðist að miklu leyti á frumvörpum þeim sem lögð voru fram á kirkjuþingi á árunum 2013 og 2014. Löggjafarnefnd vann áfram við málið og á kirkjuþingi 2017 var samþykkt þingsályktunartillaga um ný þjóðkirkjulög sem send var ráðherra kirkjumála.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Með frumvarpi þessu er fram haldið sömu þróun og hrundið var af stað við gildistöku núgildandi laga frá 1997. Gengið er út frá þeirri stöðu sem þjóðkirkjunni var þá veitt sem sjálfstæðu trúfélagi í stað þess að líta á hana sem opinbera stofnun eins og talið var eðlilegt að gera fyrir þann tíma. Í þeim anda er svo fyrir mælt að kirkjuþing setji starfsreglur um ýmis ákvæði sem nú er kveðið á um í lögum nr. 78/1997.

Á aukakirkjuþingi, sem haldið var 28. ágúst og 4. september 2019, var samþykktur viðbótarsamningur um endurskoðun á samkomulagi milli íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997 (kirkjujarðasamkomulagið) og samningi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um rekstrarkostnað vegna prestsembætta og prófasta, rekstrarkostnað biskupsstofu, framlag til Kristnisjóðs og sérframlög til þjóðkirkjunnar frá 4. september 1998. Fulltrúar íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar undirrituðu viðbótarsamninginn hinn 6. september 2019. Með viðbótarsamningnum féll síðarnefndi samningurinn frá 4. september 1998 úr gildi en samkomulagið frá 1997 verður áfram í gildi, sbr. þó þær breytingar sem felast í hinum nýja viðbótarsamningi.

Í viðbótarsamningnum felast nýjar viðmiðanir og breytt fyrirkomulag á ýmsum þeim atriðum sem fjallað er um í fyrri samningnum aðila. Markmið viðbótarsamningsins er að einfalda framkvæmd fjárhagslegra samskipta ríkisins við þjóðkirkjuna á grundvelli framangreindra samninga. Með viðbótarsamningnum er einnig stefnt að auknu sjálfstæði þjóðkirkjunnar í fjármálum og starfsmannamálum.

Með viðbótarsamningnum fylgdi viljayfirlýsing, undirrituð af sömu aðilum, þar sem stefnt er að ákveðnum lagabreytingum í þeim tilgangi að einfalda allt lagaumhverfi um fjárhagsleg tengsl ríkis og kirkju á þeim gagngreiðslum sem þjóðkirkjan fær úr ríkissjóði.

Í 7. gr. viðbótarsamningsins var tekið fram að dómsmálaráðherra skyldi „... leggja fram frumvarp til laga á Alþingi, er feli í sér breytingu á V. kafla laga nr. 78/1997, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, á 22. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfs-

manna ríkisins og á lögum nr. 1/1997, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, til samræmis við samning þennan, til að tryggja að efnisatriði hans öðlist lagagildi.“ Í samræmi við þetta lagði dómsmálaráðherra fram frumvarp um ofangreint á 150. löggjafarþingi 2019-2020. Frumvarpið var samþykkt, með smávægilegum breytingum, sem lög frá Alþingi nr. 153/2019 og öðluðust gildi 1. janúar 2020.

Í samræmi við framangreindan viðbótarsamning og breytingar, sem gerðar voru á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1987, með ákvæði til bráðabirgða XII, sbr. 19. gr. laga nr. 153/2019, giltu, um það starfsfólk þjóðkirkjunnar sem tilgreint var í 1. mgr. 61. gr. laga nr. 78/1987 og var í starfi 31. desember 2019, ákvæði [laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996](#), með síðari breytingum, eins og við gat átt, til og með 31. mars 2020, sbr. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 153/2019. Það starfsfólk þjóðkirkjunnar sem var skipað í embætti í skilningi [laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996](#), með síðari breytingum, við gildistöku laga þessara, heldur þeim réttindum og skyldum sem af skipuninni leiðir út skipunartíma sinn, en að öðru leyti fer um réttindi þess og skyldur samkvæmt starfsreglum settum af kirkjuþingi, sbr. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 153/2019. Þá var gjaldskrá um greiðslur fyrir aukaverk presta þjóðkirkjunnar nr. 729/2014, með síðari breytingum, sem sett var með heimild í [3. gr. laga um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra, nr. 36/1931](#), með síðari breytingum, og var birt í B-deild Stjórnartíðinda, sögð skulu halda gildi sínu til 31. mars 2020, sbr. 3. mgr. 19. gr. laga nr. 153/2019.

Með þeim breytingum sem urðu á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, sbr. 19. gr. laga nr. 153/2019, hættu þeir sem undir ákvæðin féllu að vera opinberir starfsmenn en urðu þessi í stað starfsmenn þjóðkirkjunnar. Vegna þessara breytinga hefur þjóðkirkjan ákveðið að ofangreind ákvæði um réttindi og skyldur þessa starfsfólks þjóðkirkjunnar muni verða tekin inn í nýja kjarasamninga um laun og önnur starfskjör þeirra. Meginverkefni kirkjuþings á komandi missirum verður því að setja nýjar starfsreglur í stað þeirra lagaákvæða sem falla brott samkvæmt nýjum lögum og breyta ýmsum. Breytingar felast einnig í reglum um málsmeðferð varðandi gerð árlegra fjárlaga kirkjuþings og jafnframt að setja gjaldskrá kirkjuþings um greiðslur fyrir prestsþjónustu þjóðkirkjunnar. Gjaldskrá kirkjuþings kæmi í stað gjaldskrár ráðuneytis kirkjumála um greiðslur fyrir aukaverk presta þjóðkirkjunnar nr. 729/2014, með síðari breytingum, sem sett var með heimild í 3. gr. laga um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra, nr. 36/1931, með síðari breytingum og sem var birt í B-deild Stjórnartíðinda 31. júlí 2014.

Til þess að brúa bilið, hvað varðar starfsreglur og gjaldskrá til bráðabirgða fyrir prestsþjónustu þjóðkirkjunnar þar til kirkjuþing kæmi næst saman í september 2020 var enn gerð breyting á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, með ákvæði til bráðabirgða XIII, sbr. 3. gr. laga nr. 95/2020. Þar kemur fram í 1. og 2. mgr. að ef brýna nauðsyn ber til er kirkjuráði heimilt, á grundvelli 59. gr., að setja starfsreglur og gjaldskrá til bráðabirgða, með samþykki forseta kirkjuþings. Skulu þær gilda til næsta fundar kirkjuþings, þó ekki lengur en sex mánuði frá þeim degi er forseti kirkjuþings samþykkir þær. Starfsreglur og gjaldskrá skulu undirritaðar af forseta kirkjuráðs og forseta kirkjuþings og birtar með sama hætti og starfsreglur kirkjuþings.

Ákvæði þetta fellur úr gildi 1. janúar 2021. Á grundvelli þessa ákvæðis var sett gjaldskrá um greiðslur fyrir prestsþjónustu þjóðkirkjunnar sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda og er nr. 753/2020.

Til að ná þeim markmiðum sem viðbótarsamningurinn felur í sér og varða árlega gagngreiðslu ríkisins til þjóðkirkjunnar, í stað þeirra framlaga sem runnið hafa til sjóða kirkjunnar samkvæmt fjárlögum, lagði dómsmálaráðherra fram annað frumvarp á 150. löggjafarþingi 2019 – 2020, sem samþykkt var með nokkrum breytingum sem lög frá Alþingi og birt í Stjórnartíðindum sem lög nr. 95 /2020. Lögin öðluðust gildi 23. júlí 2020.

Í lokamálsgrein viljayfirlýsingarinnar sem fylgdi viðbótarsamningnum var stefnt að því að fulltrúar þjóðkirkjunnar og ríkisins ynnu saman að yfirferð yfir gildandi lög er varða þjóðkirkjuna með það að markmiði að einfalda regluverkið. Við þá vinnu yrði meðal annars byggt á þeim tillögum sem þjóðkirkjan hefði þegar fjallað um og sent ríkinu. Við vinnslu þessa frumvarps hafa þau markmið er fram komu í viljayfirlýsingunni verið höfð að leiðarljósi. Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 97/1997, með síðari breytingum, og miðar að því að einfalda til muna löggjöf um þjóðkirkjuna og færa ákvörðunarvald um skipan kirkjunnar, sem kveðið er á um í löggjöf í dag, til kirkjuþings.

3. Meginefni frumvarpsins.

Í frumvarpi þessu eru átta kaflar. Í I. kafla er fjallað um grundvöll þjóðkirkjunnar, skilgreiningu og aðild. Í II. kafla er fjallað um vígða þjóna kirkjunnar og almennt um þjóðkirkjuna, m.a. um réttarstöðu hennar, að þjónusta þjóðkirkjunnar sé um allt land. Þá er fjallað um tengsl kirkjunnar og sveitarfélaga og ríkisvaldsins við ákveðnar aðstæður í samfélaginu, um að kirkjan skuli í starfsháttum sínum halda í heiðri grundvallarreglur lýðræðis og jafnréttis. Einnig er þar að finna ákvæði um inngöngu og úrsögn úr þjóðkirkjunni. III. kafli fjallar um söfnuði þjóðkirkjunnar, um greiðslu sóknargjalda til sóknarbarna kirkjunnar, og skil Þjóðskrár Íslands á skrá eða lista með ákveðnum upplýsingum um sóknarbörn og fjölda þeirra. Í IV. kafla eru ákvæði um kirkjuþing og biskup Íslands og valdmörk þessara eininga innan kirkjunnar. Þar er einnig fjallað um samskipti kirkjunnar og stjórnvalda við samningu frumvarpa um kirkjuleg málefni. V. kafli fjallar um biskupsdæmið, um að biskupskjör fari samkvæmt starfsreglum kirkjuþings og valdsvið biskups Íslands er skilgreint. VI. kafli fjallar um samninga um eignarrétt milli þjóðkirkjunnar og ríkisins, fjármál þjóðkirkjunnar, þ.e. árlegt framlag vegna samninga og endurgjald vegna viðbótarsamnings ríkis og kirkju. Í VII. kafla er fjallað um að kirkjuþing setji starfsreglur, samþykktir og ályktanir um málefni þjóðkirkjunnar og um birtingu þeirra á vefsíðu þjóðkirkjunnar. Í VIII. kafla er ákvæði um gildistöku frumvarpsins og ákvæði til bráðabirgða sem helgast af viðbótarsamningi ríkis og kirkju sem samþykktur var 6. september 2019. Í síðari málsgrein ákvæðisins er fjallað um hvernig skil verði milli starfsreglna, samþykta og ályktana sem settar voru í tíð gildandi laga með komandi löggjöf.

Helstu nýmæli frumvarpsins og aðrar breytingar.

1. Lagt er til að heiti nógildandi laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar

verði breytt í þjóðkirkjulög. Er það til samræmis við þá málvenju sem skapast hefur á síðastliðnum árum.

2. Þá er lagt til að tekið verði upp orðalag úr 1. mgr. 62. gr. stjórnarskrárinnar um heiti þjóðkirkjunnar og sagt að hún sé þjóðkirkja á Íslandi í stað þess að segja að hún sé íslenska þjóðkirkjan eins og stendur í 1. mgr. 1. gr. núgildandi laga. Ekki verði lengur kveðið á um í lögum að þjóðkirkjan sé „sjálfstætt trúfélag á evangelísk-lúterskum grunni“ heldur sagt að hún sé evangelískt lúterskt trúfélag eins og stendur í stjórnarskránni, sbr. 1. gr. frumvarpsins.

3. Lagt er til að ekki verði lengur kveðið á um að skráning í þjóðskrá ásamt skírn í nafni heilagrar þrenningar veiti aðild að þjóðkirkjunni heldur einungis að skilyrði aðildar að þjóðkirkjunni sé skírn í nafni heilagrar þrenningar, en hún er kjarninn í evangelísku lútersku trúfélagi. Með því er aðild að þjóðkirkjunni ekki lengur háð skráningu hjá stjórnvaldi, sbr. nú 2. gr. frumvarpsins. Slík lagabreyting lýsir enn frekar þjóðkirkjunni sem sjálfstæðara trúfélagi en áður, eins og áformað er með þessu frumvarpi. Samkvæmt lögum um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög er hvergi tekið fram að félagar í þeim verði að skrá sig í þjóðskrá til þess að teljast vera í viðkomandi félagi. Þannig ákvæði hefur einungis verið varðandi þjóðkirkjuna enda er hún eina trúfélagið með sérstaka löggjöf. Aftur á móti verða félagar í öllum trú- og lífsskoðunarfélögum að vera skráðir í tilgreint félag hjá Þjóðskrá Íslands við 16 ára aldur svo sóknargjöld greiðist til viðkomandi félags. Sama gildir um skráningu í þjóðkirkjuna þegar kemur að greiðslu sóknargjalda.

4. Lagt er til í frumvarpinu, þar sem fjallað er um réttarstöðu þjóðkirkjunnar, að hún ráði málefnum sínum um skipulag sitt, þjónustu og starfsemi innan lögmætra marka og enn fremur að henni beri að tryggja öllum landsmönnum kirkjulega þjónustu, sbr. 3. og 4. gr. frumvarpsins.

5. Þá er almenn þjónusta kirkjunnar um allt land tilgreind frekar en verið hefur í lögum og fjallað um ýmsa nærþjónustu kirkjunnar í samfélaginu m.a. hvað varðar kærleiksþjónustu.

6. Lagt er til að kirkjuþing fari með æðsta vald í fjármálum þjóðkirkjunnar nema lög kveði á um annað, sbr. 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins.

7. Lagt er til að flest ákvæði í gildandi lögum er varða innra starf þjóðkirkjunnar og skipulag hennar falli brott og verði því einungis fjallað um þau mál á kirkjuþingi og hjá öðrum kirkjulegum stjórnvöldum.

Ákvæði sem falli brott úr gildandi lögum:

6.1. Ákvæði um að ráðuneyti kirkjumála hafi með höndum tengsl við þjóðkirkjuna af hálfu ríkisvaldsins að því er varðar fjárlagagerð og yfirumsjón þess ráðuneytis.

6.2. Ákvæði um að forseti Íslands skipi biskup Íslands og vígslubiskupa.

6.3. Ákvæði um biskupsþjónustuna.

6.4. Ákvæði um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd.

6.5. Ákvæði um ráðgjafarnefnd um kenningarleg málefni.

6.6. Ákvæði um skipan og störf kirkjuþings og um kirkjuráð.

6.7. Ákvæði um prestastefnu, prófasta og vígslubiskupa.

6.8. Ákvæði um héraðsnefndir og héraðsfundi.

6.9. Ákvæði um þjónustu presta og djákna og um val á prestum.

6.10. Ákvæði um skipun, störf og starfsemi sókna, safnaðarfundu og leikmannastefnu.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Á grundvelli 62. gr. stjórnarskrárinnar ber Alþingi að kveða á um meginreglur og lögbundið skipulag er til þess sé fallið að gera kirkjunni kleift að rækja í hvívetna veigamiklar skyldur sínar sem þjóðkirkja á Íslandi.

Í greinargerð með frumvarpi því sem lagt var fram á 121. löggjafarþingi og varð að lögum nr. 78/1997 var fjallað ítarlega um tengsl ríkis og kirkju og tildrög þess að veita þjóðkirkjunni meira sjálfstæði í innri málum kirkjunnar. Þar sagði meðal annars: Í 62. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands frá 1944 segir að „hin evangelíska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.“ Ákvæði þetta hefur staðið í stjórnarskránni allt frá 1874, en upphaflega var þó notað orðalagið „hið opinbera“ í staðinn fyrir „ríkisvaldið“. Í stjórnarskránni, sem er hin æðsta réttarheimild, eru ekki gefin nánari fyrirmæli um þetta efni, t.d. um það hvernig ríkisvaldið skuli styðja þjóðkirkjuna og vernda. Með „ríkisvaldinu“ er vafalaust átt við alla þætti þess, þ.e. löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald og þær stofnanir sem með þessi málefni fara – einkum þá að sjálfsögðu tvo fyrri þættina. Nánari framkvæmd þessa stjórnarskrárákvæðis er því í höndum ríkisvaldsins og ber Alþingi fyrst og fremst ábyrgð á því að með almennum lögum sé tryggt að skilyrðum ákvæðisins sé fullnægt. Það sem mestu máli skiptir varðandi það efni sem hér er til meðferðar er það að af þessari stjórnarskrárgrein verður sú ályktun dregin, svo að tvímælaust er, að ríki og þjóðkirkja eru ekki eitt – þ.e. tiltekinn aðili, ríkið, á að styðja og vernda annan aðila, þjóðkirkjuna. Skilyrði þess að vera íslenskur ríkisborgari annars vegar og þjóðkirkjuþegn hins vegar þurfa heldur ekki að fara saman, svo sem kunnugt er. Það breytir ekki þessari niðurstöðu að mjög nán tengsl eru milli ríkisvaldsins og þjóðkirkjunnar. Hún er eftir sem áður sjálfstæð stofnun, sjálfstæður réttaraðili sem getur borið, og ber réttindi og skyldur að lögum. Þjóðkirkjan og stofnanir hennar geta því átt eignir sem njóta m.a. fullrar verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar og verða eigi af þeim teknar nema ströngum skilyrðum þeirrar greinar sé fullnægt, enda komi þá ætíð fullt verð fyrir eins og þar er mælt fyrir um. Þegar talað er um íslensku þjóðkirkjuna sem stofnun, er hafi a.m.k. nokkurt sjálfstæði eftir lögum og venju og verði eigi talin sem hver annar angi ríkisvaldsins, verður að minnast þess að hugtakið þjóðkirkja verður ekki til hér á landi fyrr en með tilkomu stjórnarskrárinnar frá 1874, en fyrirmynd viðkomandi ákvæðis var hliðstætt ákvæði í grundvallarlögunum dönsku frá 5. júní 1849. Með breyttu lagaumhverfi þykir rétt að hætt verði almennt að nefna þjóðkirkjuna stofnun en í stað þess ræða um þjóðkirkjuna sem trúfélag. Undir það sem hér var rakið úr athugasemdum við frumvarp það sem varð að lögum nr. 78/1997 má að flestu leyti taka. Því var bætt við 62. gr. stjórnarskrárinnar 1915 að breyta mætti kirkjuskipaninni með lögum og 1920 var því enn aukið við að slíka breytingu skuli bera undir þjóðina í almennri leynilegri atkvæðagreiðslu til samþykktar eða synjunar, sbr. 2. mgr. 79. gr. Ákvæði 62. gr. á rætur að rekja til 3. gr. dönsku grundvallarlaganna frá 1849. Með því var slegið föstu að evangelíska lúterska kirkjan væri aðgreinanleg frá ríkisvaldinu og þar með sjálfstæðari gagnvart því en ríkiskirkja fyrri alda hafði verið.

Í 80. gr. dönsku grundvallarlaganna frá 1849 var ákvæði um að setja skyldi lög um stjórn þjóðkirkjunnar („Folkekirkens Forfatning ordnes ved Lov“) en samfelld lög um það efni hafa þó ekki verið sett í Danmörku og þjóðkirkjan þar lýtur enn stjórn ríkisvaldsins sem ríkiskirkja. Hliðstætt ákvæði 80. gr. dönsku grundvallarlaganna var ekki tekið upp í íslensku stjórnarskrána þótt framkvæmdin hér á landi hafi orðið á þann veg sem fyrirhuguð var í dönsku grundvallarlögnum. Líta má á lög nr. 78/1997 sem slíka stjórnskipan fyrir þjóðkirkjuna.

Í 62. gr. stjórnarskrárinnar er ekki skilgreint með hvaða hætti ríkisvaldið skuli styðja og vernda þjóðkirkjuna heldur er það eftirlátið löggjafarvaldinu að ákvarða um það. Líta má svo á að setning laga á borð við lög nr. 78/1997 sé hluti þess stuðnings enda skýra þau stöðu kirkjunnar gagnvart ríkisvaldinu og setja ramma um starfsemi hennar.

Með lögum nr. 78/1997 var haldið áfram á þeirri braut sem þegar var lagt inn á með setningu dönsku og síðar íslensku stjórnarskrárinnar, þ.e. að aðgreina þjóðkirkjuna frá ríkinu. Samkvæmt 1. gr. laganna er þjóðkirkjan skilgreind sem „sjálfstætt trúfélag“ og í 2. gr. segir að þjóðkirkjan njóti sjálfræðis gagnvart ríkisvaldinu innan lögmæltra marka, njóti sjálfstæðrar eignhelgi og komi fram sem sjálfstæður aðili gagnvart almannavaldinu eftir því sem við geti átt. Með þessu verður ekki litið svo á að slit hafi orðið á sambandi ríkis og kirkju enda getur löggjafarvaldið breytt tédum ákvæðum og aukið þar með eða dregið úr því sjálfstæði sem þjóðkirkjunni er veitt. Þessi staðhæfing um að ekki hafi orðið slit á sambandi ríkis og kirkju breytist ekki með frumvarpi þessu.

Hvað varðar alþjóðlegar skuldbindingar við gildistöku þessa frumvarps mun ekki verða breyting á tengslum þjóðkirkjunnar við þær alþjóðlegu stofnanir sem hún er aðili að en það eru Lúterska heimssambandið og Alkirkjuráðið (World Council of Churches). Þá er þjóðkirkjan einnig í samtökum evangelískra kirkna í Evrópu, Community of Protestant Churches in Europe, CPCE og í kirknaráði Evrópu, Conference of European Churches, KEK.

Þjóðkirkjan hefur gert samning um játningar með samþykkt sem undirrituð var í Porvoo í Finnlandi 1995. Í samþykktinni er útlístuð guðfræði sem lútersku kirkjurnar hafa sameinast um.

Að öðru leyti vekur frumvarpið ekki upp spurningar er varða stjórnarskrá eða alþjóðlegar skuldbindingar.

5. Samráð.

Frumvarp þetta er unnið í samráði við ráðherra kirkjumála (dómsmálaráðuneytið). Í lokamálgrein viljayfirlýsingar þeirrar sem fylgdi ofangreindum viðbótasamningi ríkis og kirkju kemur fram að fulltrúar þjóðkirkjunnar og ríkisins vinni saman að yfirferð yfir gildandi lög er varða þjóðkirkjuna með það að markmiði að einfalda regluverkið. Við þá vinnu verði m.a. byggt á þeim tillögum sem þjóðkirkjan hefur þegar fjallað um og sent ríkinu.

Enn fremur felst samráð í því að á kirkjuþingi situr fólk úr öllum kjördæmum þjóðkirkjunnar, 29 kirkjuþingsfulltrúar. Leikmenn á kirkjuþingi eru 17 en vígðir fulltrúar 12, þ.e. þjónandi prestar eða djáknar íslensku þjóðkirkjunnar eða hjá íslenskum söfnuðum þjóðkirkjunnar erlendis. Einnig sitja kirkjuþingið, með málfrelsi og tillögurétt,

biskup Íslands, vígslubiskuparnir í Skálholti og á Hólum, kirkjuráðsmenn sem eigi eru þingfulltrúar, ráðherra sá er fer með málefni þjóðkirkjunnar eða fulltrúi hans, fulltrúi guðfræði- og trúarbragðafræðideildar Háskóla Íslands og fulltrúi kirkjuþings unga fólksins.

6. Mat á áhrifum.

Með frumvarpi þessu er svo sem áður er lýst stefnt að því að einfalda mjög allt regluverk þjóðkirkjunnar og lagt til að kirkjuþing fjalli enn frekar en verið hefur um innra skipulag og starf þjóðkirkjunnar og fari með fjárstjórnvarvald hennar að því marki sem því eru ekki sett takmörk með lögum. Með samþykkt frumvarps þessa verður þjóðkirkjan sjálfstæðari en áður í öllum sínum verkum. Íslenska ríkið greiðir þjóðkirkjunni árlega gagngreiðslu á grundvelli samninga milli þjóðkirkjunnar og ríkisins. Prestar og starfsmenn biskupsstofu verða ekki lengur opinberir starfsmenn og falla ekki lengur undir lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Þjóðkirkjulögin verða einföld rammalöggjöf en kirkjuþing mun setja starfsreglur, samþykktir og ályktanir um alla starfsemi kirkjunnar.

Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið hafi áhrif á jafnrétti eða stöðu kynjanna.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessu ákvæði er kveðið á um trúfræðilega stöðu þjóðkirkjunnar, að hún sé hin evangeliska lúterska þjóðkirkja á Íslandi eins og mælt hefur verið fyrir í stjórnarskrám frá árinu 1874.

Kenningar þjóðkirkjunnar á Íslandi, sem evangelisk lúterskrar kirkju, eru reistar á grundvelli eftirtalinna játningarrita:

1. Postullegu trúarjåtningunni.
2. Níkeujátningunni.
3. Aþanasíusarjåtningunni.
4. Hinni óbreyttu Ágsborgarjåtningu frá 1530.
5. Fræðum Lúters hinum minni.

Lagt er til að heiti þjóðkirkjunnar, sem í núgildandi lögum er ritað íslenska þjóðkirkjan, verði breytt í „þjóðkirkjan á Íslandi“ eins og kveðið er á um í stjórnarskránni. Samkvæmt stjórnarskránni er hin evangelisk lúterska kirkja þjóðkirkja á Íslandi. Það skilur hana frá öðrum kristnum kirkjudeildum. Sífelld fjölgar kristnum trúfélögum á Íslandi og þess vegna þarf að skilgreina að það sé einmitt hin evangeliska lúterska kirkja sem er þjóðkirkja á Íslandi. Orðalagið í núgildandi lögum: „á evangelisk lúterskum grunni“ er ekki í samræmi við stjórnarskrárákvæðið né heldur heimssamtök lúterskra kirkna, sem þjóðkirkjan er aðili að. Þar að auki getur orðalagið leitt til þeirrar mistúlkunar að þessi grunnur beri með sér eitthvað annað en það sem gerir þjóðkirkjuna að evangelisk lúterskri kirkju, nefnilega hinar sameiginlegu játningar og grundvallarrit evangelisk lútersku kirknanna í heiminum, en þær eru ráðandi í kirkjuskipaninni allri. Þá er enn fremur lagt til að fellt verði brott hugtakið „sjálfstætt trúfélag“ eins og nú er í gildandi lögum þar sem litið er svo á að óþarf

sé að taka það fram vegna þess að réttur þjóðkirkjunnar á Íslandi til sjálfstæðis telst vera nægjanlega varinn í stjórnarskránni.

Um 2. gr.

Ákvæði um skírn í nafni heilagrar þrenningar er óbreytt frá því sem er í núgildandi lögum. Eigi er skilyrði að skírn hafi farið fram innan vébanda þjóðkirkjunnar þar eð þjóðkirkjan viðurkennir hverja þá skírn sem helguð er í nafni heilagrar þrenningar. Sú breyting er gerð frá gildandi lögum, sbr. 3. mgr. 1. gr. þeirra, að fellt er niður það skilyrði ákvæðisins að binda aðild að þjóðkirkjunni við skráningu í þjóðskrá. Það að skráning hjá stjórnvaldi sé skilyrði aðildar að trúfélagi er ekki hjá skráðum trúfélögum hér á landi eða hjá skráðum lífsskoðunarfélögum. Skráning í þjóðskrá er fyrst og fremst forsenda greiðslu sóknargjalda, sbr. 4. mgr. 9. gr. laga um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög nr. 108/1999, með síðari breytingum. Þjóðkirkjan er því í raun, samkvæmt lagaákvæði, eina trúfélagið hér á landi sem hefur haft félagatal sitt í þjóðskrá enda hefur Þjóðskrá Íslands og forverar hennar áratugum saman haldið úti sóknartali allra safnaða þjóðkirkjunnar. Sjá frekari umfjöllun í athugasemdum um 6. gr. og í greinargerð um meginefni frumvarpsins, þar sem fjallað er í 3. tölulið um helstu nýmæli frumvarpsins og aðrar breytingar.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er verið að vísa til stjórnarskrárinnar hvað varðar stöðu þjóðkirkjunnar og þá átt við þær greinar stjórnarskrárinnar sem varða sérstaklega þjóðkirkjuna og trúfélög almennt svo og frelsi til að standa utan trúfélaga, sbr. VI. og VII. kafla hennar. Í 2. mgr. 1. gr. núgildandi laga segir að ríkisvaldinu beri að styðja og vernda þjóðkirkjuna. Með því að vísa nú í þessari málsgrein á ákvæði í tilgreindum köflum stjórnarskrárinnar er lúta að þjóðkirkjunni er ekki nauðsyn að nefna sérstaklega að ríkisvaldinu beri að styðja og vernda þjóðkirkjuna. Í 2. mgr. er kveðið á um tengsl þjóðkirkjunnar og ríkisins og vísað í ákvæðinu til þeirra samninga sem í gildi eru milli þessara aðila en kirkjujarðasamkomulagið frá 10. janúar 1997 og nánari útfærslu þess í samningi ríkisins og þjóðkirkjunnar frá 4. september 1998 eru að hluta grundvöllur þeirra greiðslna sem árlega renna úr ríkissjóði til þjóðkirkjunnar svo og viðbótarsamningurinn milli ríkis og kirkju frá 6. september 2019; sjá frekari umfjöllun um 12. gr. frumvarpsins. Í 3. mgr. er tekið fram að þjóðkirkjan ráði skipulagi sínu innan lögmæltra marka. Lögð er áhersla á ábyrgð starfsmanna þjóðkirkjunnar til þess að mæta breyttum aðstæðum og laga skipulag hennar, án atbeina ríkisvaldsins, að kröfum og aðstæðum sem skapast á hverjum tíma. Um þetta er m.a. fjallað í svokölluðu Feneyjarákvæði um takmörk opinberra afskipta af málefnum trúfélaga. https://www.althingi.is/pdf/Feneyjanefnd_skyrsla_isl.pdf.

Um 4. gr.

Í ákvæðum 1. og 2. mgr. er nýmæli. Mikilvægt er að leggja áherslu á að með auknu sjálfstæði þjóðkirkjunnar fylgir ábyrgð á því að allir landsmenn geti átt aðgang að þjónustu hennar eftir því sem þeir kjósa og aðstæður leyfa á hverjum stað og tíma.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að þjóðkirkjunni beri að tryggja öllum landsmönnum

kirkjulega þjónustu. Meginþættir kirkjulegrar þjónustu eru helgihald, þ.e. guðsþjónustur og aðrar helgiathafnir, skírnir, fermingar, hjónavígslur, útfarir, trúfræðsla og kærleiksþjónusta. Kirkjuleg þjónusta nær hins vegar yfir fleiri atriði en hægt er að lýsa í lagatexta eða greinargerð. Hluti kærleiksþjónustu getur til að mynda verið fagleg sálgæsla ráðgjöf við fjölskyldur og hjálparstarf. Þá telst hluti kirkjulegrar þjónustu felast í því áralanga samstarfi þjóðkirkjunnar um allt land við þar til bær stjórnvöld, þegar stórslys verða í samfélaginu og almannavarnaástand skapast. Í því sambandi hefur kirkjan skipað hópslysanevnd þjóðkirkjunnar sem er tengiliður hennar við stjórnvöld, svo sem almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, embætti landlæknis og Rauða kross Íslands. Hópslysanevnd kirkjunnar hefur, samkvæmt samþykkt kirkjuþings 2004, yfirumsjón með skipulagi á viðbrögðum kirkjunnar vegna stórslysa og þegar almannavarnarástand ríkir. Viðbragðaáætlun þjóðkirkjunnar er ætlað að samræma viðbrögð kirkjunnar við stórslysum og almannavarnaástandi, enda er kirkjan hluti stærri heildar sem starfar náið saman við slíkar aðstæður. Í desember 2018 gerðu biskupsstofa, embætti landlæknis, Landspítalinn, Rauði krossinn á Íslandi, ríkislögreglustjóri og Samband íslenskra sveitarfélaga með sér samkomulag um áfallahjálp í skipulagi almannavarna á Íslandi. Samkomulagið um áfallahjálp var endurnýjað í mars 2019 til næstu 5 ára.

Með sama hætti og þjóðkirkjunni ber að halda úti kirkjulegri þjónustu á landinu öllu og tryggja að landsmenn geti átt kost á henni, sbr. 1. mgr. 4. gr., er í 2. mgr. kveðið á um að kirkjan skuli áfram, eins og áður, halda úti margs konar annarri faglegri almenntri þjónustu um allt land og að hún nái til allra landsmanna, sem þess óska. Með almenntri þjónustu er auk fræðslu m.a. átt við kærleiksþjónustu, þar sem prestar, djáknar og annað starfsfólk kirkjunnar, veitir ýmsa faglega þjónustu við andlát og önnur áföll í nærsamfélagi, sinnir sálgæslu og hjálparstarfi.

Með tilurð þjóðkirkjunnar við siðaskiptin hafa landsmenn átt kost á þjónustu hennar og sér þess nú stað í stjórnarskránni, þar sem sagt er að evangelísk lútersk kirkja skuli vera þjóðkirkja hér á landi, og skuli ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda. Auk almennrar þjónustu eru tekin dæmi um hvað geti falist í kærleiksþjónustu kirkjunnar, sem prestar, djáknar og annað starfsfólk veitir á faglegum grunni. Sem dæmi má nefna að áfallahjálp í nærsamfélaginu felur í sér sálgæslu þegar óvæntir og alvarlegir atburðir eiga sér stað t.d. í fyrirtækjum, skólum og stofnunum sem hafa áhrif á alla í nærsamfélaginu. Hér er einkum haft í huga alvarlegar slysfarir einstaklinga, sjálfsvíg og annað sem getur komið litlu samfélagi úr jafnvægi. Algengt er að prestar séu kallaðir til í skóla í kjölfar alvarlegra atvika í nærsamfélaginu til þess að ræða við nemendur og kennara. Þá má nefna að margir djáknar sinna kærleiksþjónustu, t.d. á dvalar- og hjúkrunarheimilum, þar sem ekki eru prestar og stundum hafa þeir verið við hlið presta þar.

Almenn prests- og djáknaþjónusta í sérstökum aðstæðum tekur til þeirra sem ekki geta notið hefðbundinnar vígðrar þjónustu kirkjunnar ýmist um lengri eða skemmri tíma. Þá má nefna að í almenntri þjónustu kirkjunnar, annað en tilgreint hefur verið áður, felst enn fremur í hinum sérstöku aðstæðum (sérþjónustu) þjónusta í fangelsum, meðal heyrnarskertra, innflytjenda, fatlaðs fólks og eldri borgara.

Í 3. mgr. er kveðið á um þjónustu vígðra þjóna þjóðkirkjunnar. Með þjónustu í

kirkjunni er m.a. átt við að þjónandi prestar og djáknar þjóðkirkjunnar séu þeir sem starfi þar á grundvelli köllunar og vígslu. Prestar, sem gegna föstu prestsstarfi í þjóðkirkjunni, lúta tilsjón biskups Íslands. Þá lúta enn fremur þeir prestar, sem gegna launuðu starfi hjá öðrum en þjóðkirkjunni, s.s. á sjúkrastofnunum og hjúkrunarheimilum tilsjón biskupsins.

Í núgildandi lögum er kveðið á um hlutverk prófasta en þar segir að biskup Íslands útnefni prófasta úr hópi presta og að þeir séu fulltrúar biskups Íslands í prófastsdæmum og trúnaðarmenn hans, hafi í umboði hans almenna tilsjón með kirkjulegu starfi þar. Samkvæmt þessu falla hlutverk og störf prófasta undir það sem skilgreint er sem innri málefni kirkjunnar og eru því ekki tilgreindir í texta frumvarpsins.

Í 38. gr. gildandi laga eru tilgreind almenn skilyrði til tímabundinnar eða ótímabundinnar ráðningar í prestsstarf og samkvæmt 9. gr. sömu laga eru djáknar ráðnir af sóknarnefnd til þess að gegna sérstaklega tilgreindum störfum á sviði líknar- og fræðslumála innan safnaða. Þá er heimilt að ráða djákna til starfa á sjúkrastofnun.

Með samþykkt þessa frumvarps þarf kirkjuþing að taka afstöðu til þess hvort sömu skilyrði verði áfram við ráðningu í störf presta og djákna þjóðkirkjunnar.

Við ýmsa af þjónustu kirkjunnar, sbr. 4. mgr., hefur þjóðkirkjan árum saman átt í samstarfi við sveitarfélög og ríkisvaldið, þegar eftir því er óskað, t.d. hvað varðar þátttöku kirkjunnar í aðgerðum stjórnvalda þegar almannavarnaástand skapast í samfélaginu, en einnig við aðrar aðstæður svo sem við þingsetningu Alþingis.

Um 5. gr.

Hér er kveðið á um að þjóðkirkjan skuli í starfsháttum sínum halda í heiðri grundvallarreglur jafnræðis og lýðræðis. Það lýtur að því að starfsfólk þjóðkirkjunnar skuli í störfum sínum fara eftir jafnréttislögum og persónuverndarlögum og hafa hliðsjón af meginreglum almennrar stjórnslu þó svo að málsmeðferð á kirkjulegum vettvangi lúti ekki lengur reglum stjórnslulaga, þar sem hvorki prestar né starfsfólk biskupsstofu eru lengur starfsmenn ríkisins eftir breytingu sem gerð var á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, sbr. ákvæði til bráðabirgða XII, sbr. 19. gr. laga nr. 153/2019.

Þjóðkirkjan hefur sett sér jafnréttisstefnu sem var samþykkt á kirkjuþingi 6. nóvember 2019 og byggist hún á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, með síðari breytingum. Persónuverndarstefna þjóðkirkjunnar var enn fremur samþykkt á kirkjuþingi 6. nóvember 2019 og byggist hún á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, með síðari breytingum. Þá hefur kirkjan sett sér stefnu og starfsreglur um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar, ásamt verklagsreglum um úrvinnslu mála. Þar er tekið mið af lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980, með síðari breytingum og reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum nr. 1009/2015. Þá ber þjóðkirkjunni í störfum sínum að halda í heiðri jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir: „Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ættar og

stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.“ Þetta ákvæði var skrifað í stjórnarskrána árið 1995, en hafa ber í huga að skilgreiningar á kyni hafa tekið breytingum síðan.

Um 6. gr.

Í þessari grein er vísað til ákvæða 8. og 9. gr. laga um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög, nr. 108/1999, með síðari breytingum, sem kveða á um aðild að skráðum trúfélögum og lífsskoðunarfélögum, inngöngu í þau og úrsögn úr þeim og eiga einnig við um þjóðkirkjuna hvað þetta varðar. Rétt þykir að vísa til þessara tveggja lagagreina þar sem aðrar greinar laganna eiga ekki beint við um þjóðkirkjuna því um hana eru sérstök lög. Áður en lögin um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, með síðari breytingum, tóku gildi voru í gildi lög um trúfélög nr. 18/1975. Í I. kafla þeirra voru almenn ákvæði um trúfélög en í II. kafla laganna var fjallað um skráð trúfélög utan þjóðkirkjunnar. Í lögnum frá 1975 og lögnum frá 1999 eru hliðstæð ákvæði um inngöngu og úrsögn úr skráðum trúfélögum en síðan bættust við lögin skráð lífsskoðunarfélög með lögum nr. 6/2013. Í 8. gr. laganna frá 1975 er gert ráð fyrir því að meginreglan við inngöngu í trúfélag gerist fyrir atbeina prests eða forstöðumanns og sama gildir um úrsagnir. Þá segir í fyrri málsl. 4. mgr. greinarinnar: „Að því leyti sem tilkynning til þjóðskrár um inngöngu og úrsögn úr trúfélagi ræður skráningu vegna sérstakra atriða í sambandi við aðild að félagi, svo sem álagningar opinberra gjalda, ræðst gildistími í þeim atriðum af lögmætri tilkynningu til þjóðskrár.“ Þessi ákvæði 8. gr. eru efnislega eins í 9. gr. laganna frá 1999. Í reynd hafa þessi skráningamál um inngöngu og úrsögn færst alfarið yfir á hvern og einn einstakling án atbeina presta eða forstöðumanna viðkomandi féлага. Þjóðskráin hefur áratugum saman haft sérstök eyðublöð vegna þessara skráninga, sem uppfærðar voru í þjóðskrá 1. desember ár hvert, sbr. 8. gr. laga um þjóðskrá og almannaskráningu, nr. 54/1962, en í mars 1986 var farið að skrá þessar tilkynningar jafnóðum. Í dag tekur Þjóðskrá Íslands einungis við þessum tilkynningum á rafrænan hátt.

Í lögnum frá 1975 og 1999 eru ákvæði um hvernig skráningu nýfæddra barna skuli háttáð. Skráning barna ræðst af skráningu foreldra og er þá ekki litið til þess hvort foreldri er í reynd í trúfélaginu vegna skráningarinnar. Við setningu laganna frá 1975 voru flestir landsmanna skráðir í þjóðkirkjuna og flest börn fengu nafn við skír. Því þótti raunhæft á þeim tíma að skráning í þjóðskrá væri skilyrði þess að vera sóknarbarn í þjóðkirkjunni, því litið var svo á að skráin væri sóknartal þjóðkirkjunnar og var hver sókn sérgreind í kerfi þjóðskrár. Hjá skráðum trúfélögum og nú einnig skráðum lífsskoðunarfélögum er ekki skilyrði að vera skráður í þjóðskrá til þess að geta verið í ákveðnu félagi heldur ræðst það af samþykktum eða lögum viðkomandi félags. Skráning í þjóðskrá hefur nú fyrst og fremst þýðingu við 16 ára aldur því við það aldursbil hefst greiðslur sóknargjalda frá ríkissjóði til skráðra trú- og lífsskoðunarfélaga og þjóðkirkjunnar. Með nýjum lögum um þjóðskrá hefur Þjóðskrá Íslands tilkynnt þjóðkirkjunni að það sé ekki lengur hlutverk stofnunarinnar að skrá sóknarbörn þjóðkirkjunnar í sérstakar sóknir heldur verði þjóðkirkjan að sjá um slíkar skráningar. Þjóðkirkjan er eina trúfélagið þar sem greidd sóknargjöld eru tilgreind á hverja sókn; önnur félög hafa fengið sóknargjöldin ótilgreind

og þar af leiðandi óháð lögheimilisskráningu í tilteknu sveitarfélagi. Hafa verður í huga að ef þessi staðhæfing Þjóðskrár Íslands gengur eftir, um að hætta að skrá sóknarbörn þjóðkirkjunnar í tilgreindar sóknir, þá yrði það í ósamræmi við bein lagaákvæði um greiðslu sóknargjalda, sbr. lög um sóknargjöld o.fl., nr. 91/1987, með síðari breytingum. Í 1. gr. þeirra laga segir m.a. að þjóðkirkjusöfnuðir skuli eiga ákveðna hlutdeild í tekjuskatti álögðum samkvæmt lögum um tekjuskatt. Í 1. mgr. 2. gr. segir m.a. að ríkissjóður skuli af óskiptum tekjuskatti, skila fjárhæð er rennur til þjóðkirkjusafnaða. Í 1. mgr. 3. gr. segir m.a. að gjald skv. 2. gr. sé miðað við einstakling, sem skráður er í þjóðkirkjuna, og skuli greiðast til þess safnaðar sem hann tilheyrir og í 4. gr. er sagt að Fjársýsla ríkisins annast skiptingu gjaldsins. Ef þjóðkirkjan ætti nú að fara að sjá um hvernig sóknarbörn raðist í sóknir yrði að breyta lögum um sóknargjöld. Ef af því yrði og þjóðkirkjan færi að annast þessa skiptingu væri það eina trúfélagið eða lífsskoðunarfélag í landinu sem ríkissjóður yrði að reiða sig á upplýsingar um sóknarbarnafjölda við útteilingu sóknargjalda, sem er ákveðinn hlutdeild af óskiptum tekjuskatti skv. lögum um sóknargjöld. Áratugum saman hefur þótt rétt að slíkar upplýsingar séu sóttar í skráningarkerfi ríkisins. Sjá frekari umfjöllun um sóknargjöld og sóknarbörn þjóðkirkjunnar í umfjöllun um 7. gr.

Um 7. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er fjallað um söfnuði þjóðkirkjunnar og skilgreiningu þeirra. Að lúterskum skilningi er hinn staðbundni söfnuður (sókn) grunneining kirkjunnar. Hann safnast til sameiginlegrar guðsþjónustu og ástundar saman trúfræðslu, kærleiksþjónustu og annað kirkjulegt starf á starfssvæði sínu og í samvinnu við aðra söfnuði, samtök og stofnanir utan þess, t.d. á vettvangi alþjóðlegs hjálparstarfs. Af þessum ástæðum þykir rétt að ganga út frá sókninni sem félagslegri og fjárhagslegri grunneiningu kirkjunnar eins og í núgildandi lögum. Kirkjusókn er félag þess fólks innan þjóðkirkjunnar sem býr innan sóknarmarkna en á sókn og söfnuði er sá munur að sókn er landfræðileg eining en söfnuðir vísa til sóknarbarna á tilteknum landssvæðum. Sóknarbörn eiga rétt á kirkjulegri þjónustu í sókn sinni og bera sameiginlega skyldur eftir því sem nánar er kveðið á um í starfsreglum og ákvörðunum kirkjuþings.

Árið 2019 var stofnað Sóknasamband Íslands en tilgangur sambandsins er að standa vörð um hagsmuni sókna í íslensku þjóðkirkjunni, efla og styrkja sóknir hennar bæði félagslega og fjárhagslega og vera samnefnari og talsmaður sókna út á við.

Í 1. mgr. er kveðið á um að sóknin sé félagsleg og fjárhagsleg grunneining þjóðkirkjunnar og í 2. mgr. er skilgreining á sókn, þ.e. að söfnuður á tilteknu landssvæði myndi sókn. Í 3. mgr. segir að sóknarbörn séu öll þau sem lögheimili eigi í sókn, hafi hlotið skírni í nafni heilagrar þrenningar og séu skráð í þjóðkirkjuna í þjóðskrá. Fellt er brott það skilyrði núgildandi laga að sóknarbörn þurfi að hafa átt lögheimili í sókninni 1. desember næstliðinn og eru því réttindi sóknarbarna, s.s. til kjörs í sóknarnefnd, ekki lengur bundin því tímamarki.

Í 4. mgr. er áréttað hvernig sóknargjöld eru greidd þjóðkirkjusöfnuðum, samkvæmt ákvæðum laga um sóknargjöld o.fl., nr. 91/1987, með síðari breytingum, og vísast þar til umfjöllunar um 6. gr. Er þetta gert svo ekki fari á milli mála að það hefur ávallt verið

í höndum ríkisvaldsins að skipta þessum gjöldum og til þess hafa verið nýttar skrár Þjóðskrár Íslands (undir ýmsum heitum þjóðskrárinnar) frá upphafi almannaskráningar hér á landi 1. janúar 1953.

Í 5. mgr. er lagt til að ríkissjóður skuli árlega, án endurgjalds, standa þjóðkirkjunni skil á skrá yfir nöfn, kennitölur og fjölda sóknarbarna sem lögheimili eiga í hverri sókn fyrir sig. Slík afhending skrár, endurgjaldslaus, sem nú hin síðari ár hefur verið hýst hjá Þjóðskrá Íslands, hefur frá upphafi skráningar tíðkast miðað við 1. desember ár hvert, enda eru greiðslur ríkissjóðs á sóknargjöldum miðaðar við þá dagsetningu, deilt út á tólf mánuði. Með sama hætti fengu skráð trúfélög og nú skráð lífsskoðunarfélög sína árlegu skrá. Vitaskuld mundi þjóðkirkjan greiða gjald, eins og verið hefur, ef hún óskaði tíðari upplýsinga og fyllri um sóknarbörn sín, eins og tilgreint er í síðari málslið málgreinarinnar.

Um 8. gr.

Kirkjuþing hefur samkvæmt núgildandi lögum æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar innan lögmætra marka og þar með talið það hlutverk að setja starfsreglur um starf og starfshætti kirkjunnar. Kirkjuþing markar enn fremur stefnu í sameiginlegum málefnum þjóðkirkjunnar öðrum en kenningarlegum. Með sameiginlegum málefnum þjóðkirkjunnar er einkum átt við þau málefni sem varða kirkjuna í heild, en t.d. ekki sérhvert málefni og ákvarðanir sókna eða safnaðarfunda sem er á þeirra valdi að ákveða.

Í 1. mgr. er áréttað, sérstaklega, að auk þess að fara með æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar hafi kirkjuþing fjárstjórnarvald hennar. Með ákvæði þessu er ætlunin að styrkja stöðu og vald kirkjuþings innan þjóðkirkjunnar. Fjárstjórnarvaldi kirkjuþings geta þó verið sett þau takmörk að bundið verði í lögum að fjárstjórn geti verið í höndum og á ábyrgð annarra innan þjóðkirkjunnar. Kirkjuþing hefur hingað til þó haft aðkomu að fjármálum þjóðkirkjunnar s.s. með ákvörðunum sínum um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma og með ákvörðunum um kaup og sölu fasteigna og um eftirlit með fjárfrekum verkefnum, sbr. viðeigandi starfsreglur. Í samræmi við viðbótarsamning íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar, sem samþykktur var 6. september 2019, hefur þjóðkirkjan nú fengið aukið sjálfstæði í fjármálum og starfsmannamálum sínum. Meðal annars hefur hún tekið yfir öll sín launamál, þ. á m. launamál presta og tiltekinna starfsmanna biskupsstofu, sem áður voru á hendi ríkisins. Mikilvægt er að höfð sé hliðsjón af þessu nýja verkefni við ákvarðanir kirkjuþings er snúa að fjárstjórnarvaldi hennar, svo sem við ákvarðanir um launamál tiltekinna starfsmanna kirkjunnar, sem geta valdið vanhæfi þeirra séu þeir fulltrúar kirkjuþings, sbr. nánar um 3. mgr.

Samkvæmt núgildandi lögum fer kirkjuráð með framkvæmdarvald í málefnum þjóðkirkjunnar. Starfsemi kirkjuráðs heyrir til innri málefna þjóðkirkjunnar og er þess því ekki getið í frumvarpstexta. Orðin í 1. mgr. „nema lög kveði á um annað“ vísa til lagaákvæða um ofangreinda skipan. Þannig fær þjóðkirkjan samkvæmt 2. gr. laga um sóknargjöld o.fl., nr. 91/1987, með síðari breytingum, gjöld sem renna til þess safnaðar þar sem sóknarbarn á lögheimili. Í 1. mgr. kemur enn fremur fram að kirkjuþing marki stefnu í sameiginlegum málefnum þjóðkirkjunnar öðrum en kenningarlegum.

Í 2. mgr. er lagt til, eins og í gildandi lögum, að á kirkjuþingi skulu leikmenn vera fleiri

en vígðir, sbr. 3. mgr. 21. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, með síðari breytingum.

3. mgr. er nýmæli en þar er kveðið á um þegar til afgreiðslu eru á kirkjuþingi tillögur um fjármál, sem geta varðað tiltekna þingfulltrúa, svo sem ef fjallað er um launamál þeirra, aukatekjur eða önnur fjármál sem þá snertir, skuli þeir víkja sæti. Tekið er fram að við slíka afgreiðslu verði ekki gerð krafa um að tiltekinn fjöldi þingfulltrúa taki þátt í afgreiðslu máls, eins og er um afgreiðslu annarra mála. Ákvæðið er talið nauðsynlegt, m.a. þar sem sjálfstæði kirkjunnar í fjármálum og starfsmannamálum hefur aukist mikið frá gerð fyrrgreinds viðbótarsamkomulags milli ríkis og kirkju. Þar á meðal hefur kirkjan frá 1. janúar 2020 haft yfirstjórn allra launamála sinna, en fram til þess tíma voru prestar og nokkrir starfsmenn kirkjunnar opinberir starfsmenn og þáðu laun sín úr ríkissjóði. Mikilvægt er að kirkjuþing setji nánari starfsreglur um hvernig standa skuli að ákvörðunum um fjárstjórn kirkjunnar hvað þetta varðar.

Í 4. mgr. er fjallað um yfirstjórn biskups Íslands, sjá hér umfjöllun um 10. gr.

Um 9. gr.

Í núgildandi lögum er heimildarákvæði til handa kirkjuþingi að hafa frumkvæði að frumvörpum um kirkjuleg málefni. Í frumvarpi þessu er lagt til að kirkjuþing hafi almennt frumkvæði að frumvörpum til laga um málefni þjóðkirkjunnar, sbr. 1. mgr. Í þessu felst ekki að verið sé að útiloka frumkvæði annarra í yfirstjórn kirkjunnar svo sem biskups. Þá hefur kirkjuþing að jafnaði ekki frumkvæði að málum um kirkjuleg málefni nema þau tengist þjóðkirkjunni á einhvern hátt.

Í 2. mgr. er áfram gert ráð fyrir því að ráðherra kirkjumála leiti umsagnar og tillagna kirkjuþings um lagafrumvörp um kirkjuleg málefni er hann hyggst flytja á Alþingi. Rétt þykir að kirkjuþing, sem hefur æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar, geti komið að sjónarmiðum sínum varðandi löggjöf er varða kirkjuleg málefni, einkum í ljósi þess sjálfstæðis sem kirkjunni hefur verið markað frá árinu 1997.

Um 10. gr.

Lagt er til í frumvarpinu að áfram verði tilgreint í löggjöf um þjóðkirkjuna að Ísland sé eitt biskupsdæmi eins og kveðið er á um í 1. mgr. 6. gr. núgildandi laga.

Frá öndverðu voru biskupsstólar tveir hér á landi annar í Skálholti en hinn á Hólum í Hjaltadal. Með konungsráskurði og svo konungsbréfi árið 1785 var ákveðið að flytja biskupssetrið í Skálholti til Reykjavíkur og með konungsbréfi 1801 var Hólastóll lagður niður. Á þennan hátt varð landið eitt biskupsdæmi og hefur svo verið æ síðan.

Frá ofanverðri 19. öld og nær alla 20. öld hafa verið uppi hugmyndir á Alþingi og innan kirkjunnar sjálfrar um breytingar á biskupsembættinu. Ýmist lutu hugmyndirnar að því að leggja embættið hreinlega niður eða fjölga biskupum og þá langoftast að biskupsdæmin yrðu þrjú. Árið 1909 var lagt fram á Alþingi stjórnarfrumvarp um stofnun embættis varabiskups. Meginrökin fyrir þessu embætti þá voru þau að mönnum þótti óviðeigandi að íslenskur biskup þyrfti að sækja vígslu til annarra landa. Þingmönnum þótti embættisheitið varabiskup ótækt og hugnaðist betur heitið vígslubiskup. Á þessu þingi var

þá borið fram nýtt frumvarp um endurreisn Hólabiskupsdæmis og um tvo vígslubiskupa. Ákvæðið um biskup á Hólum var fellt en ákvæði um tvo vígslubiskupa samþykkt, sbr. lög nr. 38/1909, og er svo enn.

Með stjórnarfrumvarpi frá árinu 1990 um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands var lagt til að landið yrði áfram eitt biskupsdæmi. Jafnframt var lagt til að embætti vígslubiskupa yrðu eflað verulega. Með því að efla embætti vígslubiskupa var talið að komið væri að verulegu leyti til móts við sjónarmið þeirra sem töldu þörf á að styrkja biskupsembættið í landinu. Jafnframt var með þessum tillögum talið að komið væri til móts við sjónarmið þeirra sem töldu að það að skipta landinu í þrjú biskupsdæmi gæti skapað vissa óeiningu innan kirkjunnar. Þá var bent á að þessi tilhögun hefði lítinn aukakostnað í för með sér.

Samkvæmt núgildandi lögum skipar forseti Íslands biskup Íslands og vígslubiskupa og voru þeir því embættismenn ríkisins. Vegna viðbótarsamkomulagsins og lagabreytinga í kjölfar þess eru biskuparnir ekki lengur embættismenn ríkisins heldur eru þeir nú starfsmenn þjóðkirkjunnar og þar afleiðandi getur forseti Íslands ekki skipað þá samkvæmt lögum, sbr. 20. gr. laga nr. 153/2019 og 1. mgr. 20. gr. stjórnarskrárinnar.

Eins og áður hefur komið fram er meginmarkmið þessa frumvarps að draga sem mest úr afskiptum ríkisvaldsins af málefnum þjóðkirkjunnar og þá sérstaklega þeim sem lúta að innri málefnum hennar. Í ljósi þessa er lagt til í frumvarpinu að biskupsdæmið verði áfram eitt og að biskup Íslands sé getið í lögnum og að um kjör hans fari samkvæmt starfsreglum kirkjunnar. Hvað varðar vígslubiskupa er litið svo á að störf þeirra heyri til innri málefna kirkjunnar og verði því heiti þeirra ekki getið í frumvarpstexta. Segja má að starf biskups Íslands falli með sama hætti undir innra starf kirkjunnar, eins og vígslubiskupa, en þar sem biskup Íslands er í forsvari fyrir þjóðkirkjuna þykir rétt að tilgreina starf hans í lögum eins og gert er um alla aðra forstöðumenn í lögum um skráð trú- og lífsskoðunarfélög.

Í 2. mgr. er kveðið á um að biskup Íslands fari með yfirstjórn þjóðkirkjunnar eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum og starfsreglum frá kirkjuþingi. Biskup hefur í starfi sínu sér til fulltingis við framkvæmd stjórnunar þjóðkirkjunnar, fyrir utan kirkjuþing, m.a. forstöðumenn kirkjulegrar starfsemi, stjórnir kirkjumíðstöðva, sóknarnefndir, kirkjugarðsstjórnir, Kirkjugarðaráð og stjórnir ýmissa sjóða. Biskup Íslands er æðsti yfirmaður stærsta trúfélags þjóðarinnar og eru verkefni biskups margþætt. Í núgildandi lögum eru sérstök ákvæði um verkefni og stöðu biskups, þ.m.t. um sérstöðu biskups í kirkjustjórninni.

Í 3. mgr. er tiltekið að eitt af hlutverkum biskups sé að gæta einingar kirkjunnar en það er nú tilgreint til viðbótar þeim hlutverkum sem tilgreind eru í núgildandi lögum, þ.e. að hafa tilsjón með kristnihaldi, kenningu kirkjunnar og þjónustu hennar í landinu. Með einingu kirkjunnar er átt við að biskup gæti kenningarinnar og boðskapar fagnaðarerindisins. Hér má vísa til Porvoo-samþykktarinnar, en þar segir m.a.: „Við trúum að þjónusta hirðis og tilsjónarmanns (episkope) sem starfar á persónulegan, samábyrgan og félagslegan hátt, sé nauðsynleg til að vitna um og varðveita einingu og postullegt einkenni kirkjunnar ... tryggja undir stjórn Guðs samfellt líf kirkjunnar í postullegu lífi og vitnisburði.“ (Porvoo, bls. 21).

Um 11. gr.

Í 1. mgr. er fjallað um árlega gagngreiðslu vegna viðbótarsamnings þjóðkirkjunnar og ríkisins frá 6. september 2019 en með samningi þessum skuldbatt ríkið sig til að greiða þjóðkirkjunni, til viðbótar öðrum tekjustofnum hennar lögbundnum sem ólögbundnum, árlegt endurgjald á grundvelli samningsins. Viðbótarsamningurinn er endurskoðun á samkomulagi um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997 og samningi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um rekstrarkostnað vegna prestsembætta og prófasta, rekstrarkostnað biskupsstofu, framlag til Kristnisjóðs og sérframlög til þjóðkirkjunnar frá 4. september 1998. Markmið viðbótarsamningsins var að einfalda framkvæmd fjárhagslegra samskipta ríkisins við þjóðkirkjuna og auka sjálfstæði hennar í fjármálum og starfsmannamálum. Áður en viðbótarsamningurinn var undirritaður af fulltrúum ríkisins og þjóðkirkjunnar var hann samþykktur á aukakirkjuþingi sem haldið var 28. ágúst og 4. september 2019. Með viðbótarsamningnum fellur samningurinn frá 1998 úr gildi en samkomulagið frá 1997 verður áfram í gildi, sbr. þó þær breytingar sem felast í hinum nýja viðbótarsamningi.

Með viðbótarsamningnum fylgdi viljayfirlýsing, undirrituð af sömu aðilum þar sem stefnt er að ákveðnum lagabreytingum í þeim tilgangi að einfalda allt lagaumhverfi um fjárhagsleg tengsl ríkis og kirkju á þeim gagngreiðslum sem þjóðkirkjan fær úr ríkissjóði. Samningurinn felur í sér nýjar viðmiðanir og breytt fyrirkomulag á ýmsum þeim atriðum sem fjallað er um í áðurnefndum fyrri samningum aðila.

2. mgr. er efnislega eins og 2. mgr. 62. gr. núgildandi laga, eins og henni var breytt með 6. gr. laga nr. 82/2007, og var sett til samræmis við samkomulag íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur til presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar 10. janúar 1997, sbr. nánari útfærslu í samningi 4. september 1998, og síðar samkomulag 20. október 2006 af hálfu biskups Íslands, dóms- og kirkjumálaráðherra og fjármálaráðherra um að íslenska ríkið afhendi þjóðkirkjunni til eignar prestssetur eins og nánar greinir í samkomulaginu. Að þessu óbreyttu eru engin efni til breytinga á þessu ákvæði.

Um 12. gr.

Um starfsreglur kirkjuþings er fjallað í 2. mgr. 59. gr. núgildandi laga. Í athugasemdum með þeirri grein var sagt að þessum reglum væri ætlað að hafa bindandi gildi innan þjóðkirkjunnar. Ætlast væri til þess að reglur af þessu tagi yrðu settar um kirkjuleg málefni og gætu þær e.t.v. smám saman tekið að nokkru leyti við hlutverki settra laga svo sem verið hefur um starfsemi þjóðkirkjunnar. Núgildandi ákvæði um starfsreglur kirkjuþings þykir mega vera skýrara og því er hér lagt til að lögfesta ótvíræða og almenna heimild kirkjuþings til að setja bindandi starfsreglur um málefni þjóðkirkjunnar enda verði þess gætt að þær séu ekki í andstöðu við sett lög. Slík víðtæk heimild er auk þess í samræmi við þann megintilgang frumvarpsins að einfalda löggjöf frá Alþingi um málefni þjóðkirkjunnar, auka sjálfstæði hennar og færa fulla ábyrgð og ákvarðanatöku í málefnum þjóðkirkjunnar í enn ríkara mæli til kirkjuþings en nú er.

Í 2. mgr. er kveðið á um birtingu ákvarðana kirkjuþings. Í gildistíð núverandi laga hafa stafsreglur kirkjuþings verið birtar í Stjórnartíðindum. Með brottfalli þeirra laga

mun þjóðkirkjan birta starfsreglur, samþykktir og ályktanir kirkjuþings á opnu vefsvæði kirkjunnar innan fjögurra vikna frá samþykkt þeirra.

Um 13. gr.

Starfsfólk þjóðkirkjunnar sem talið er upp í 1. mgr. 60. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar mun ekki lengur teljast til embættismanna eða starfsmanna ríkisins, eftir setningu laga nr. 153/2019, heldur verða þeir starfsmenn þjóðkirkjunnar. Með lögnum var 4. tölul. 1. mgr. 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, því felldur brott, en þar sagði að biskup Íslands, vígslubiskupar, prófastar og prestar þjóðkirkjunnar teldust vera embættismenn. Í samræmi við það voru gerðar orðalagsbreytingar á þeim ákvæðum laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, þar sem vísað var til orðsins „embættis“ eða tengdra orða. Var meðal annars gerð sú breyting að nota þess í stað orðin „starf“ og „þjónusta“. Einnig var lagt til að hverfa frá orðalaginu um að „setja eða skipa í embætti“ og taka í staðinn upp orðalagið „að ráða til starfa“. Þá var gerð sú breyting að ákvæði laganna sem vísuðu til launagreiðslna til starfandi presta og annarra starfsmanna þjóðkirkjunnar frá ríkinu féllu brott, sbr. ákvæði 2. mgr. 3. gr. og V. kafla þeirra, enda muni ríkið framvegis hætta að greiða árleg laun tiltekins fjölda starfsfólks og tiltekið framlag í sjóði kirkjunnar og þess í stað greiða eina fjárhæð árlega, gagngreiðslu, til þjóðkirkjunnar vegna skuldbindinga á grundvelli kirkjujarðasamkomulagsins, sbr. viðbótarsamninginn.

Meginverkefni kirkjuþings á næstu missirum er að setja nýjar starfsreglur í stað þeirra lagaákvæða sem brott falla samkvæmt lögnum, og breyta ýmsum starfsreglum eða fella niður. Breytingar felast einkum í reglum um málsmeðferð varðandi gerð árlegra fjárlaga kirkjuþings og jafnframt að setja gjaldskrá kirkjuþings um greiðslur fyrir prestsþjónustu þjóðkirkjunnar. Gjaldskrá kirkjuþings kæmi í stað gjaldskrár ráðuneytis kirkjumála um greiðslur fyrir aukaverk presta þjóðkirkjunnar, nr. 729/2014, með síðari breytingum, sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda. Gjaldskrá ráðuneytisins var sett með heimild í 3. gr. laga um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra, nr. 36/1931, með síðari breytingum, sem felld voru brott með lögum nr. 153/2019. Þessi gjaldskrá ráðuneytisins hefði fallið úr gildi 1. janúar 2020, ef ekki hefði verið lögfest ákvæði til bráðabirgða XII, við lög nr. 78/1997, sem framlengdi gildi hennar til 31. mars 2020, sbr. 3. mgr. 19. gr. laga nr. 153/2019. Með nýju ákvæði til bráðabirgða XIII, við lög nr. 78/1997, sem gildir til 1. janúar 2021, var aftur gerð breyting á lögum þjóðkirkjunnar, hvað varðar gjaldskrá fyrir prestsþjónustu þjóðkirkjunnar, þar sem kirkjuráð fékk heimild til að setja til bráðabirgða gjaldskrá, með samþykki forseta kirkjuþings, sbr. 3. gr. laga nr. 95/2020. Á grundvelli þess ákvæðis er nú í gildi gjaldskrá sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda og er nr. 753/2020. Á næsta kirkjuþingi þjóðkirkjunnar, í september 2020, mun þingið samþykkja nýja gjaldskrá fyrir prestsþjónustu þjóðkirkjunnar.

Um 14. gr.

Ákvæði þessarar greinar þarfnast ekki skýringa.

Nefndarálit allsherjarnefndar, fjárhagsnefndar og löggjafarnefndar

Allsherjarnefnd, fjárhagsnefnd og löggjafarnefnd hafa fjallað um málið. Á fund nefndarinnar komu Skúli Guðmundsson, lögfræðingur og forseti kirkjupings, Drífa Hjartardóttir.

Nefndirnar leggja til að málið verði samþykkt óbreytt.

4. mál 2020-2021

Flutt af biskupi Íslands

Tillaga til þingsályktunar um samskipta- og siðareglur þjóðkirkjunnar

Málinu var frestað til kirkjuþings 2021-2022. (Sjá viðauka.)

5. mál 2020-2021

Flutt af forsætisnefnd

Starfsreglur um kjaranefnd Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu

1. gr.

■ Kirkjuþing kýs kjaranefnd Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu. Í starfsreglum þessum skal heiti nefndarinnar vera kjaranefnd kirkjunnar.

2. gr.

■ Hlutverk kjaranefndar kirkjunnar er:

1. Að gæta hagsmuna Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu gagnvart samtökum þeirra launþega sem ráðnir eru þar til starfa, sérstaklega að því er varðar kaup og kjör.
2. Að koma fram sem samningsaðili fyrir hönd Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu gagnvart stéttarfélögum hlutaðeigandi starfsfólks eða öðrum þeim, sem umboð hafa til slíkrar samningsgerðar.
3. Að vinna að því að móta starfskjarastefnu Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu.

3. gr.

■ Kjaranefnd kirkjunnar hefur óskorað umboð til samningsgerðar við þá sem tilgreindir eru í 2. tölul. 2. gr. Samningar kjaranefndarinnar skulu þó undirritaðir með fyrirvara um samþykki kirkjuþings.

4. gr.

■ Kjaranefnd kirkjunnar er skipuð þremur aðalmönnum og þremur til vara, sem kosnir eru til fjögurra ára í senn. Skulu nefndarmenn vera skráðir í þjóðkirkjuna og mega þeir ekki gegna launuðu starfi sem greitt er fyrir af hálfu Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu. Enginn getur setið nema tvö kjörtímabil samfellt í nefndinni. Nefndin er kosin á þriðja reglulega kirkjuþingi eftir kirkjuþingskosningar. Kirkjuþing ákveður hver skuli vera formaður kjaranefndarinnar, auk þess sem kosinn skal varaformaður. Varamenn taka sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir til. Skal fyrsti varamaður gegna formennsku í kjaranefndinni hátti svo til að allir aðalmenn í kjaranefnd starfi ekki að tilteknum samningum.

Forfallist aðal- eða varamaður í kjaranefnd kirkjunnar varanlega, skal á næsta kirkjuþingi kjósa nýjan í hans stað er sitji út kjörtímabil nefndarinnar.

Skylt er nefndarmönnum að gæta þagmælsku um það sem fram kemur á fundum og leynt á að fara eftir ákvörðun fundar eða samkvæmt eðli máls.

5. gr.

■ Formaður kjaranefndar kirkjunnar ákveður hvenær nefndin skuli koma saman og hvar fundir skulu haldnir. Skylt er þó að kalla nefndina saman ef meiri hluti nefndarmanna óskar þess.

Fundir í kjaranefnd kirkjunnar eru lögmætir hafi þeir verið boðaðir með minnst eins sólarhrings fyrirvara með dagskrá og meiri hluti nefndarinnar er mættur.

6. gr.

- Í aðdraganda að gerð kjarasamninga skal kjaranefnd kirkjunnar hafa samráð við fjárhagsnefnd kirkjuþings og kirkjuráð. Kjaranefndin og kirkjuráð, ásamt fjárhagsnefnd kirkjuþings, hafa gagnkvæman rétt til að óska eftir samráðsfundi þeirra í millum, þegar þurfa þykir.
- Fundargerðir kjaranefndarinnar skulu, svo fljótt sem auðið er, vera aðgengilegar í gagnaherbergi kirkjuþings.
- Þjóðkirkjan-Biskupsstofa annast nauðsynlega þjónustu við kjaranefndina eins og nefndin kann að óska eftir.
- Þóknananefnd þjóðkirkjunnar ákvarðar þóknun til kjaranefndar kirkjunnar.

7. gr.

- Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Nefndarálit löggjafarnefndar

Löggjafarnefnd hefur fjallað um málið.

Á fund nefndarinnar mætti Skúli Guðmundsson, lögfræðingur.

Löggjafarnefnd leggur til að tillagan á þingskjali 5 verði samþykkt með breytingartillögu á þskj. 38.

Hreiðar Örn Zoëga Stefánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Beytingartillaga löggjafarnefndar.

Í stað orðsins „ótakmarkað“ í fyrra málslið 3. gr. komi orðið: óskorað.

2. gr.

Við 2. mgr. 5. gr. bætast orðin: og meiri hluti nefndarinnar er mættur.

3. gr.

Í 1. mgr. 6. gr. fellur brott orðið: náíð.

Starfsreglur um fjármál Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu

I. KAFLI

Fjárlög Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu.

1. gr.

Rekstur Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu greiðist samkvæmt fjárlögum sem kirkjuþing samþykkir fyrir hvert almanaksár.

Óheimilt er að inna af hendi greiðslu nema heimild sé til þess í samþykktum fjárlögum.

2. gr.

Í fjárlögum kirkjuþings skal gera ráð fyrir sérstakri fjárheimild til að bregðast við útgjöldum sem brýna nauðsyn ber til að inna af hendi, eru tímabundin, ófyrirsjáanleg, óhjákvæmileg og ekki er unnt að bregðast við með öðrum hætti samkvæmt starfsreglum þessum. Fjárheimild þessi skal nema að lágmarki 1% af heildarútgjaldaliðum fjárlaga.

Greiðslur af fjárheimild skv. 1. mgr. eru ákvarðaðar af biskupi Íslands sem hefur, eins og kostur er, samráð við kirkjuráð og fjárhagsnefnd kirkjuþings um ráðstafanir samkvæmt 1. mgr., m.a. hvort öll skilyrði séu uppfyllt.

Sé fjárheimild skv. 1. mgr. nýtt skal gera grein fyrir því í umfjöllun um ársreikning Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu á kirkjuþingi.

3. gr.

Mynda skal varasjóð sem safna skal í uns höfuðstóll hans verður 25% af árlegri heildar-gagngreiðslu frá ríkinu til Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu. Skal leggja í hann a.m.k. 15% af tekjuafgangi fjárhagsársins, að frádregnu tapi sem hefur verið flutt frá fyrra ári.

Úr varasjóðnum er heimilt að jafna tap á rekstri Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu, sem ekki er hægt að jafna með öðrum hætti. Greiðslur úr varasjóðnum eru ákvarðaðar af kirkjuþingi og þarf 2/3 hluta atkvæða til að hún teljist gild.

II. KAFLI

Fjárlagatillögur.

4. gr.

Kirkjuráð, í samráði við forseta kirkjuþings og fjárhagsnefnd kirkjuþings, undirbýr gerð fjárlaga kirkjunnar með gerð fjárlagatillagna. Skal sú vinna hefjast eigi síðar en í maímánuði ár hvert vegna næsta fjárlagaárs og frumdrög tillagna lögð fram á kirkjuráðsfundi þann mánuð. Fjárlagatillögur skulu sundurliðaðar í samræmi við ákvæði 5. og 6. gr.

Gengið skal frá fyrstu drögum að fjárlagatillögum á fundi kirkjuráðs í júní og þær kynntar forsvarsmönnum sviða, stofnana og sjóða.

Um málsmeðferð vegna úthlutunar styrkja sem áður heyrðu undir ákvæði um

Jöfnunarsjóð sókna og kristnisjóð, er féllu brott með 4.-6. gr. laga nr. 95/2020, fer samkvæmt 5.-10. gr. starfsreglna þessara.

Kirkjuráð skal ganga frá endanlegum fjárlagatillögum vegna næsta árs fyrir 20. september ár hvert og skulu þær þá birtar í samráðsgátt kirkjunnar.

5. gr.

Fjárlagatillögur skulu settar fram með áætluðum heildartekjum, þ.m.t. sértekjum Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu, á fjárlagaárinu svo og með heildargjöldum. Skal sundurliða gjaldahlið áætlunarinnar eftir liðum sem hér segir:

- a. Launa- og starfskostnaður vegna prestsþjónustunnar í landinu. Kirkjuþing skal árlega uppfæra fjárhæðir þær sem greiðast sem starfskostnaður vegna prestsþjónustu og prófastsstarfa. Kirkjuþing ákvarðar einnig árlegt verð eininga sem notaðar eru til að ákvarða þóknanir sem þóknanagernd kirkjunnar mælir fyrir um, þóknanir samkvæmt gjaldskrá um greiðslur fyrir prestsþjónustu þjóðkirkjunnar og þóknanir vegna gæslu veiðihlunninda á prestssetrum.
- b. Rekstrar- og launakostnaður biskups Íslands – biskupsstofu.
- c. Rekstrar- og launakostnaður vegna starfsmanna sem ráðnir eru til sérstakra verkefna í þágu þjóðkirkjunnar skv. ákvörðun kirkjuþings.
- d. Rekstrarkostnaður vegna prestssetra og annarra fasteigna kirkjunnar.
- e. Kostnaður vegna kirkjuþings, kirkjuráðs, prestastefnu og leikmannastefnu.
- f. Kostnaður vegna nefnda sem starfa á grundvelli laga, starfsreglna eða annarra samþykka kirkjuþings og samkvæmt ákvörðun biskups Íslands eða kirkjuráðs.

6. gr.

Fjárlagatillögur vegna verkefna sem kristnisjóður, sbr. II. kafla laga um Kristnisjóð o.fl. nr. 35/1970, með síðari breytingum, og Jöfnunarsjóður sókna, sbr. II. kafla laga um sóknargjöld o.fl. nr. 91/1987, með síðari breytingum, sinntu skulu settar fram á eftirfarandi hátt:

1. Fjárheimildir til að styðja hvers konar starfsemi kirkjunnar til eflingar kristinni trú, svo sem útgáfu á hjálpargögnum í safnaðarstarfi og kristilegu fræðsluefni, enn fremur félög og stofnanir, sem vinna að mikilvægum verkefnum á kirkjunnar vegum.
2. Fjárheimild til þeirra verkefna sem áður heyrðu undir Jöfnunarsjóð sókna, svo sem:
 - a. Að veita styrki til þeirra kirkna, sem hafa sérstöðu umfram aðrar sóknarkirkjur, þannig að þær vegna sögulegra eða annarra sérstakra ástæðna geta talist kirkjur alls landsins. Er hér fyrst og fremst átt við Dómkirkjuna í Reykjavík, Hóladómkirkju, Skálholtsdómkirkju, Hallgrímskirkju í Reykjavík og Hallgrímskirkju í Saurbæ.
 - b. Að leitast við að jafna aðstöðu sókna og styrkja sóknir, þar sem tekjur skv. lögum um sóknargjöld o.fl., nægja ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum að dómi sóknarnefndar og sóknarprests og að fenginni umsögn héraðsnefndar.
 - c. Að veita styrki til nauðsynlegra verklegra framkvæmda á vegum sókna, til að styrkja rekstur kirkna, t.d. til kaupa á nauðsynlegum búnaði þeirra og til að styðja kirkjulegt starf innan sókna. Enn fremur er heimilt að veita styrki til að greiða fyrir sameiningu fámennra sókna og til að styrkja sóknir, sem bera sérstakan

kostnað. Með styrkjum til verklegra fram-kvæmda er átt við framlög til viðhalds, endurbóta og nýbygginga kirkna. Enn fremur styrki til byggingar þjónusturýmis og safnaðarheimila, þar sem þeirra er þörf.

d. Að veita styrki til að auðvelda stofnun sókna í nýjum byggðahverfum og greiða fyrir kirkjulegu starfi þar.

e. Að styrkja safnaðaruppbyggingu og aðra kirkjulega félags- og menningarstarfsemi innan sókna eða prófastsdæma og veita héraðssjóðum styrki til verkefna, er undir þá féllu, sbr. 8. gr. laga um sóknargjöld o.fl. Við mat á styrkveitingum til héraðssjóða, skal m.a. höfð hlið-sjón af því, hvort þeir fullnýti tekjustofna sína, sbr. 11. gr. starfsreglna um héraðsfundi og héraðsnefndir nr. 965/2006.

Enn fremur er heimilt samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. að veita styrki til kirkjulegrar félags- og menningarstarfsemi og verkefna, sem þjóðkirkjan í heild eða einstakar stofnanir hennar standa fyrir. Enn fremur að styrkja landssamtök, sem eiga rétt á að tilnefna fulltrúa á leikmannastefnu kirkjunnar.

7. gr.

Framlag skv. 5. gr. skal aldrei vera lægra en 0,5% til 1. tölul. og 10% til 2. tölul. af árlegu gagn-gjaldi ríkisins á grundvelli viðbótarsamnings íslenska ríkisins og kirkju frá 6. september 2019. Sé talin nauðsyn á að skerða fjárheimild til þessara töluliða frá því lágmarki sem ákveðið er í starfs-reglum þessum, þarf samþykki a.m.k. 2/3 atkvæðisbærra kirkjuþingsmanna miðað við fullskipað þing.

III. KAFLI

Umsóknir um framlög og styrki.

8. gr.

Umsóknir um styrki samkvæmt 4. gr. skulu berast Þjóðkirkjunni-Biskupsstofu fyrir 1. september ár hvert.

Umsóknir skulu rökstuddar og þeim skulu fylgja greinargerðir, þar sem m.a. skal gerð grein fyrir fjárþörf og þeim verkefnum, sem sótt er um styrk til, ásamt ársreikningum.

Kirkjuráð annast um framlög og styrkveitingar samkvæmt 5. gr.

Úthlutun skal lokið fyrir 1. febrúar ár hvert.

IV. KAFLI

Málsmeðferð við styrki skv. 5. gr.

9. gr.

Kirkjuþing kýs nefnd til fjögurra ára sem úthlutar styrkjum skv. 8., 9. og 10. gr. Kjósa skal þrjá aðalmenn og þrjá varamenn, sem taka sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir. Kirkjuþing ákveður hver er formaður nefndarinnar og varaformaður.

Hlutverk úthlutunarnefndar er að fjalla um styrkumsóknir og veita úrlausn um þær, sbr. 1. mgr.

Úthlutunarnefnd ber að fjalla um allar umsóknir og skal rökstyðja niðurstöðu sína í hverju tilfelli.

10. gr.

Úthlutunarnefnd skal hafa lokið yfirferð yfir allar umsóknir fyrir 15. desember og skulu tillögur að úthlutunum þá sendar til umsagnar héraðsnefnda.

Umsóknir um styrki til nýbygginga kirkna og annarra fjárfrekra framkvæmda skulu að jafnaði berast áður en hafist er handa um framkvæmdir. Umsóknum skulu fylgja nákvæmar kostnaðar- og framkvæmdaáætlanir, ásamt teikningum.

Úthlutunarnefnd getur leitað álits sérfróðra aðila um fyrirhugaðar framkvæmdir, sérstaklega hafi það ekki þegar verið gert.

Heimilt er að veita greiðsluloforð til allt að fjögurra ára.

Kirkjuráð staðfestir úthlutun úthlutunarnefndar. Telji kirkjuráð þörf á endurskoðun ákvörðunar úthlutunarnefndar skal sú ákvörðun færð til bókar í fundargerð og rökstudd. Nú er starfandi prestur í kirkjuráði og er honum þá óheimilt að fjalla um umsókn sóknar úr prestakalli sem hann þjónar þegar kirkjuráð fjallar um þá umsókn. Sé leikmaður í kirkjuráði í sóknarnefnd er honum óheimilt að fjalla um umsókn þeirrar sóknar.

Reikningsskil skulu vera í samræmi við viðurkenndar bókhalds- og reikningsskilareglur. Skal reikningurinn áritaður af kirkjuráði og endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda.

V. KAFLI

Framkvæmd fjárlaga.

11. gr.

Fjárlög skulu samþykkt á haustþingi. Kirkjuráð annast, ásamt biskupi Íslands, um framkvæmd fjárlaga og eftirlit með útgjöldum. Skal eftirliti m.a. hagað þannig að bera að lágmarki saman rauntölur og fjárlög á þriggja mánaða fresti.

Komi fram frávik frá samþykktum fjárlögum þannig að gjöld séu umfram tekjur eða tekjur lægri en áætlað var, skal kirkjuráð þegar í stað gera nauðsynlegar ráðstafanir til að bregðast við þannig að samþykkt fjárlög haldi.

VI. KAFLI

Ársreikningur.

12. gr.

Ársreikningur Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu skal gerður fyrir hvert almanaksár.

Reikningsskil skulu vera í samræmi við viðurkenndar bókhalds- og reikningsskilareglur. Skal reikningurinn áritaður af kirkjuráði og endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda.

Kirkjuþing kýs endurskoðanda, eða staðfestir kjör þess sem fyrir er, á vorþingi ár hvert.

Ársreikningurinn skal lagður fyrir kirkjuþing að vori.

VII. KAFLI

Ákvæði til bráðabirgða.

13. gr.

Verð hverrar einingar, sbr. a-lið 5. gr. starfsreglna þessara, skal vera kr. 10.388 frá 1. júlí 2020-31. desember 2020.

VIII. KAFLI

Gildistaka.

14. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. október 2020.

Nefndarálit fjárhagsnefndar

Fjárhagsnefnd hefur fjallað um málið. Nefndin telur brýnt að nafn Jöfnunarsjóðs sókna haldist inni í fjárhagsáætlun.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Starfsreglur um starfskostnað vegna prestsþjónustu og prófastsstarfa.

I. KAFLI

Rekstrar- og aksturskostnaður.

1. gr.

Skrifstofukostnaður vegna starfa sóknarpresta og presta greiðist sem hér greinir. Þar sem íbúar eru:

- a. 3.500 eða fleiri, greiðast kr. 306.072 á ári.
- b. 1.500-3.500, greiðast kr. 327.941 á ári.
- c. 1.500 eða færri, greiðast kr. 357.091 á ári.

Auk þess greiðast vegna síma-, pósts- og fatakostnaðar kr. 187.131 á ári. Þessar fjárhæðir skulu sundurliðaðar og jafnað niður í mánaðarlegar greiðslur.

Héraðsprestar og sérþjónustuprestar fá greitt samkvæmt a-lið.

2. gr.

Til árlegs starfskostnaðar vegna prófastsstarfa greiðast til viðbótar starfskostnaði samkvæmt 1. gr. kr. 260.604.

3. gr.

Árlegur aksturs- og ferðakostnaður vegna prests- og prófastsstarfa er greiddur samkvæmt eftir-farandi flokkun:

I. flokkur – kr. 303.631 á ári vegna starfa:

- a. Sóknarpresta og presta með eina sókn eða fleiri og þar sem tveir eða fleiri prestar starfa saman í prestakalli.
- b. Sérþjónustupresta.
- c. Héraðspresta.
- d. Prófasta, að frátöldum þeim sem getið er í II. flokki.

II. flokkur – kr. 461.528 á ári vegna starfa:

- a. Sóknarpresta á höfuðborgarsvæðinu sem starfa einir og með fleiri en eina sókn.
- b. Sóknarpresta og presta í þéttbýli eða þar sem stærstur hluti íbúa býr í þéttbýli, með eina eða tvær sóknir.
- c. Sóknarpresta í dreifbýli með eina sókn.
- d. Sérþjónustupresta sem hafa aðallega þjónustuskyldu á höfuðborgarsvæðinu.
- e. Prófasta í víðfeðmum prófastsdæmum.

III. flokkur – kr. 728.743 á ári vegna starfa:

- a. Sóknarpresta og presta í dreifbýli með tvær sóknir eða fleiri og þar sem sóknir hafa verið sameinaðar og messuskylda helst.
- b. Sérþjónustupresta með fasta þjónustuskyldu um land allt.
- c. Presta erlendis.

d. Héraðspresta í dreifbýli og víðfeðmum prestaköllum.

IV. flokkur – allt að kr. 850.000 á ári vegna starfa sóknarpresta og presta í víðfeðmum presta-köllum.

Biskup Íslands annast um flokkun starfa svo og endurskoðun vegna sameininga eða annarra breytinga sem áhrif geta haft, samkvæmt framangreindu að höfðu samráði við stjórn Prestafélags Íslands.

4. gr.

Starfskostnaður vegna prests- og prófastsstarfa greiðist að hálfu vegna aukabjónustu og veikindaleyfa en ekki koma til sérstakar greiðslur vegna sumarafleysinga.

5. gr.

Greiðslur vegna 1., 2. og 3. gr. eru inntar af hendi mánaðarlega vegna næstliðins mánaðar.

Heimilt er að sækja um undanþágu frá föstum mánaðarlegum akstursgreiðslum og fá í stað þess greiddan akstur samkvæmt akstursdagbók sem prófastur staðfestir mánaðarlega. Til að geta sótt um slíkt þarf að leggja fram akstursdagbók vegna þriggja mánaða aksturs í þágu prestakallsins. Biskup Íslands metur þörf viðkomandi prests á því að fá þessa undanþágu. Endurskoða þarf undanþáguna árlega. Greiðslur samkvæmt akstursdagbók geta aldrei orðið hærri en hámarksfjárhæð skv. IV. flokki. Prestur sem hyggst sækja um undanþágu skal tilkynna það prófasti.

II. KAFLI

Annar rekstrarkostnaður.

6. gr.

Leggja skal prestum til hempu og kruga samkvæmt nánari ákvörðun biskups Íslands.

7. gr.

Greiða skal hæfilegan kostnað vegna flutnings búslóðar milli landshluta, allt að kr. 250.000 eftir framlögðum, fullnægjandi gögnum.

8. gr.

Ferðakostnaður presta á prestastefnu og vegna starfa í fastanefndum kirkjunnar er til viðbótar öðrum greiðslum í starfsreglum þessum.

9. gr.

Fjárhæðir í starfsreglum þessum skulu breytast í samræmi við ákvarðanir kirkjuþings fyrir hvert fjárlagaár kirkjunnar.

III. KAFLI

Gildistaka.

10. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. október 2020.

Nefndarálit fjárhagsnefndar

Fjárhagsnefnd hefur fjallað um málið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

8. mál 2020-2021

Flutt af forsætisnefnd

Þingsályktun um gjaldskrá um greiðslur fyrir prestsþjónustu þjóðkirkjunnar

Kirkjuþing 2020-2021 samþykkir eftirfarandi:

Gjaldskrá um greiðslur fyrir prestsþjónustu þjóðkirkjunnar.

1. gr.

Prestum ber greiðsla þóknunar fyrir þá þjónustu sem greinir í gjaldskrá þessari. Þóknun reiknast í einingum og ákvarðar kirkjuþing verð hvorrar einingar þegar þurfa þykir.

2. gr.

Greiða ber prestum fyrir þjónustu sem hér greinir:

Þjónusta	Einingar	Fjárhæð
a. Skírn, sem ekki fer fram í guðsþjónustu	0,7 ein.	kr. 7.272
b. Ferming	2,0 ein.	kr. 20.777
c. Hjónavígsla	1,3 ein.	kr. 13.505
d. Kistulagning	0,8 ein.	kr. 8.311
e. Útför	2,6 ein.	kr. 27.011
f. Jarðsetning duftkers eða kistu, sem ekki er í beinu framhaldi af útför	0,8 ein.	kr. 8.311
g. Vottorð um þjónustu prests	0,2 ein.	kr. 2.078

3. gr.

Þóknun vegna þjónustu samkvæmt 2. gr. greiðir sá sem þjónustunnar beiðist.

4. gr.

Ferðakostnað prests vegna þjónustu samkvæmt 2. gr. greiðir sá sem beiðist þjónustunnar. Akstursgjald miðast við sama gjald og ríkisstarfsmenn fá greitt hverju sinni samkvæmt gildandi auglýsingu ferðakostnaðarnefndar fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Presti ber að upplýsa greiðendur fyrirfram um ferðakostnað.

Ekki skal greiða ferðakostnað vegna fermingar.

5. gr.

Presti er skylt að gefa út vottorð án endurgjalds um skírn og hjónavígslu, enda vitji hlutaðeigandi þess innan viku frá athöfn.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. október 2020.

Nefndarálit fjárhagsnefndar

Fjárhagsnefnd hefur fjallað um málið.

Nefndin bendir á að endurskoða þurfi fyrirkomulag aukaverka.

Nefndin leggur til að málið verði samþykkt óbreytt.

**Starfsreglur um breytingar á ýmsum starfsreglum kirkjuþings
samkvæmt heimildum í lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar
nr. 78/1997, með síðari breytingum**

I. KAFLI

Breyting á starfsreglum um biskupsstofu nr. 1230/2016.

1. gr.

Orðin „og laga um starfsemi opinberra stofnana“ í 4. mgr. 1. gr. starfsreglnanna falla brott.

2. gr.

2. mgr. 2. gr. starfsreglnanna fellur brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. starfsreglnanna.

2. mgr. orðast svo: Biskupsstofa gerir árlega starfs- og fjárhagsáætlun, sem lögð er fram á kirkjuþingi og starfar síðan á grundvelli samþykkrar fjárhagsáætlunar kirkjuþings.

Orðin „samkvæmt nánari fyrirmælum í lögum svo og annarra sjóða“ í 3. mgr. falla brott.

4. gr.

8. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Laus störf skulu auglýst á vef kirkjunnar, www.kirkjan.is og skal umsóknarfrestur ekki vera skemmri en 14 dagar frá birtingardegi. Meta skal hverju sinni hvort auglýst séu tíma-bundin störf, allt að 12 mánuði í senn, í forföllum starfsfólks, til afmarkaðra verkefna eða meðan ekki hefur verið ráðið í starfið. Starfsfólk getur verið flutt til í starfi án þess að starfið sé auglýst laust til umsóknar. Hið sama á við um ráðningu starfsfólks í vinnu gegn greiðslu tímagjalds.

Biskup ræður presta og annast biskupsstofa starfsmannamál þeirra, þar með talið launagreiðslur, greiðslur starfskostnaðar og önnur starfsmannamál. Biskup ræður starfsmenn á biskupsstofu þar á meðal biskupsritara, skrifstofustjóra, forstöðumenn sviða, fulltrúa og aðra starfsmenn og setur þeim starfslýsingu. Biskup setur nánari reglur um almenn hæfisskilyrði til þess að fá ráðningu í starf hjá biskupsstofu.

Óheimilt er að ráða til starfa á biskupsstofu einstakling til að sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldri, sem hlotið hefur refsidóm vegna brota á eftirtöldum lagabálkum:

- a. Barnaverndarlögum nr. 80/2002.
- b. Almennum hegningarlögum nr. 19/1940, þ.e. kynferðisbrot skv. 22. kafla, önnur ofbeldisbrot, skv. 23. kafla og brot gegn frjálrsræði manna, skv. 24. kafla, að undanskildum minniháttar líkamsmeiðingum samkvæmt 217. gr.

- c. Lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sem og 173. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og hlotið refsidóm á fimm undangengnum árum.

Kallað er eftir vottorði sakaskrár um umsækjanda um starf hvað varðar framangreinda brotaflokkka. Ef þurfa þykir er einnig heimilt að óska eftir sakavottorði umsækjanda um starf hjá biskupsstofu vegna annars konar brota. Biskup Íslands skal leita eftir samþykki umsækjenda til þess að fá aðgang að upplýsingum úr sakaskrá. Synji hlutaðeigandi umsækjandi um heimild til þess, er óheimilt að ráða hann til starfa.

Sérákvæði í starfsreglum eða samningum, sem öðruvísi mæla um réttindi og skyldur einstakra hópa starfsfólks, skulu haldast.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. starfsreglnanna:

Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

- a. Biskupsstofa annast umsýslu námsleyfa presta og starfsmanna biskupsstofu.
Biskupsstofa skipuleggur handleiðslu presta og djákna í samvinnu við fjölskylduþjónustu kirkjunnar.
- b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: Starfsþjálfun, námsleyfi og handleiðsla.

6. gr.

Ný 10. gr. starfsreglnanna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Starfslok.

Fastráðning starfsfólks biskupsstofu fellur úr gildi án uppsagnar, frá og með næstu mánaðamótum eftir að það nær 70 ára aldri.

Starfsfólki ber að sinna störfum sínum, eins og þeim er lýst í ráðningarsamningi, starfslýsingu, erindisbréfi, eða samkvæmt fyrirmælum yfirboðara, af alúð, samviskusemi og stundvísi og sýna háttvísi í framkomu og athöfnum. Starfsfólki er óheimilt að vera undir áhrifum vímuegja á vinnutíma.

Ef starfsskyldum er ekki sinnt eins og þeim er lýst hér að ofan, skal að jafnaði gefa hlutaðeigandi kost á að bæta ráð sitt áður en til uppsagnar kemur. Ef um er að ræða trúnaðarbrest, alvarlegt trúnaðarbrot eða alvarlegt brot á lögum, reglum og samningum, sem ber að virða við rækslu starfa hjá kirkjunni, er heimilt að segja hlutaðeigandi upp án fyrirvara.

7. gr.

10. gr. starfsreglnanna verður 11. gr.

II. KAFLI

Breyting á starfsreglum um íslensku þjóðkirkjuna erlendis nr. 1003/2005, með síðari breytingu.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar vera á 5. gr. starfsreglnanna:

- a. Í stað orðsins „embætta“ í staflið i kemur: prestsstarfa.
- b. Í stað orðsins „embætti“ í staflið ii kemur: prestsþjónustu.

9. gr.

6. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Biskup Íslands ákveður hvar veita skuli prestsþjónustu meðal íslenskra ríkisborgara erlendis á grundvelli samþykkrar fjárhagsáætlunar kirkjuþings.

10. gr.

7. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Heimilt er að ákvarða og greiða starfskostnað og annan kostnað en laun í mynt þess lands þar sem viðkomandi prestur starfar.

11. gr.

Í stað orðsins „prestsembættið“ í 2. másl. 8. gr. starfsreglnanna kemur: prestsþjónustan.

12. gr.

Í stað orðsins „Biskupsstofa“ í 2. másl. 2. mgr. 9. gr. starfsreglnanna kemur: Þjóðkirkjan-Biskupsstofa.

III. KAFLI

Breyting á starfsreglum um kirkjur og safnaðarheimili nr. 822/2000, með síðari breytingum.

13. gr.

Stafliður e) í 1. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Höfuðkirkjur. Sóknarkirkjur sem hafa sérstöðu umfram aðrar sóknarkirkjur. Er þar átt við Dómkirkjuna í Reykjavík, Hóladómkirkju, Skálholtsdómkirkju, Hallgrímskirkju í Reykjavík og Hallgrímskirkju í Saurbæ.

IV. KAFLI

Breyting á starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000, með síðari breytingum.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. starfsreglnanna:

- a. Í stað orðsins „ályktunar“ í 2. mgr. kemur: samþykktar.
- b. 3. mgr. fellur brott.

15. gr.

4. mgr. 6. gr. starfsreglnanna fellur brott.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. starfsreglnanna:

- a. Við 1. mgr. bætast orðin: á grundvelli samþykkrar fjárhagsáætlunar kirkjuþings.

- b. Við 2. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ráðstöfun fjárins skal vera á grundvelli samþykkrar fjárhagsáætlunar kirkjuþings.
- c. Við 3. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ráðstöfun fjárins skal vera á grundvelli samþykkrar fjárhagsáætlunar kirkjuþings.
- d. Orðið „kirkjumálasjóðs“ í 4. mgr. fellur brott.

17. gr.

8. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Kirkjuráð fer með stjórn sjóða þar sem svo er mælt fyrir um í skipulagsskrá eða samþæringum heimildum.

18. gr.

9. gr. starfsreglnanna fellur brott.

19. gr.

Í stað orðsins „stjórnsýslukæru“ í staflíð f) í fyrri málsgrein 15. gr. starfsreglnanna kemur: kæru.

20. gr.

21. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Vígslubiskupar sitja fundi kirkjuráðs þegar störf þeirra eru á dagskrá ráðsins eða þegar sérstök málefni vígslubiskupsstólanna eru rædd þar.

V. KAFLI

Breyting á starfsreglum um kjör til kirkjuþings nr. 1075/2017, með síðari breytingu.

21. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. starfsreglnanna:

- a. Í stað orðanna „embættismenn í föstu, launuðu starfi hjá Þjóðkirkjunni“ í 2. mgr. kemur: starfsfólk í föstu, launuðu starfi hjá Þjóðkirkjunni-Biskupsstofu.
- b. 6. mgr. fellur brott.

22. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. starfsreglnanna:

- a. Í stað orðsins „Þjóðkirkjunni“ í 3. mgr. kemur: Þjóðkirkjunni-Biskupsstofu.
- b. 6. mgr. fellur brott.

23. gr.

7. mgr. 20. gr. starfsreglnanna fellur brott.

VI. KAFLI

Breyting á starfsreglum um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 333/2017.

24. gr.

Í stað orðanna „embættis“ og „prestsembætti“ í 1. gr. starfsreglnanna kemur: starfs; og prestsþjónustu.

25. gr.

Í stað orðanna „val og veitingu prestsembætta“ í 8. mgr. 3. gr. starfsreglnanna kemur: ráðningu í prestsstörf og starfslok.

VII. KAFLI

Breyting á starfsreglum um presta nr. 1110/2011, með síðari breytingum.

26. gr.

Ný 2. mgr. 1. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Hugtakið embætti er guðfræðilegt og merkir þjónusta. Við prestsvígslu afhendir biskup vígsluþega hið heilaga prests- og prédikunarembætti.

27. gr.

Í stað orðsins „embættisbækur“ í fyrri málslið 7. mgr. 3. gr. starfsreglnanna kemur: prestsþjónustubækur.

28. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. starfsreglnanna:

- a. Í stað orðsins „embættisbækur“ í staflíð d) kemur: prestsþjónustubækur.
- b. Í stað orðsins „embættisins“ í staflíð d) kemur: prestsþjónustunnar.

29. gr.

9. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Sóknarprestur ber ábyrgð á færslu prestsþjónustubóka prestakallsins og skil á skýrslum úr prestsþjónustubókum til biskups og Þjóðskrár Íslands.

VIII. KAFLI

Breyting á starfsreglum um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar nr. 950/2009, með síðari breytingum.

30. gr.

Í stað orðanna „kirkjumálasjóðs“ og „kirkjumálasjóður“ í 2., 3., 4., 6., 9., 10., 11., 14., 15., 18., 20., 21. og 23. gr. starfsreglnanna kemur: Þjóðkirkjan-Biskupsstofa í viðeigandi beygingarfalli.

31. gr.

3. og 4. málsliður fyrri málsgreinar 23. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Presti skal greidd þóknun fyrir gæslu veiðihlunninda Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu sem nemur fjórum einingum á mánuði. Verð hvernar einingar er ákveðið árlega í fjárhagsáætlun kirkjuþings.

IX. KAFLI

Breyting á starfsreglum um prófasta nr. 966/2006, með síðari breytingum.

32. gr.

Í stað orðanna „val og veitingu prestsembætta“ í 10. gr. starfsreglnanna kemur: ráðningu í prestsstörf og starfslok.

33. gr.

15. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Prófastur setur nýja presta í embætti og afhendir þeim prestsþjónustubækur og gögn að boði biskups.

34. gr.

Orðið „embættismönnum“ í 1. másl. 29. gr. starfsreglnanna fellur brott.

35. gr.

Í stað orðsins „embættisskýrslum“ í 30. gr. starfsreglnanna kemur: starfsskýrslum.

X. KAFLI

Breyting á starfsreglum um samfélags- og fræðslunefnd þjóðkirkjunnar nr. 1111/2018.

36. gr.

2. mgr. 2. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Samfélags- og fræðslunefndin gerir starfs- og fjárhagsáætlun sem kirkjuráð fjallar um og leggur fram í fjárhagsáætlun fyrir kirkjuþing.

37. gr.

4. gr. starfsreglnanna fellur brott.

XI. KAFLI

Breyting á starfsreglum um sóknarnefndir nr. 1111/2011, með síðari breytingum.

38. gr.

Í stað orðanna „embættiskostnað“ og „rekstrarkostnað prestsembætta og vegna prófastsstarfa“ í 2. mgr. 8. gr. starfsreglnanna kemur: starfskostnað; og starfskostnað vegna prestsþjónustu og prófastsstarfa.

39. gr.

26. gr. starfsreglnanna fellur brott.

XII. KAFLI

Breyting á starfsreglum um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar nr. 730/1998, með síðari breytingum.

40. gr.

2. mgr. 3. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Úrskurðarnefndin fjallar ekki um málefni sem varðar starfslok starfsfólks Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu.

41. gr.

36. gr. starfsreglnanna fellur brott.

XIII. KAFLI

Breyting á starfsreglum um vígslubiskupa nr. 968/2006, með síðari breytingum.

42. gr.

4. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Vígslubiskupi ber að rækja starf sitt á grundvelli fjárhagsáætlunar kirkjuþings.

43. gr.

Orðið „embættismönnum“ í fyrri málsgrein 7. gr. starfsreglnanna fellur brott.

XIV. KAFLI

Gildistaka.

44. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfs-
hætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

10. mál 2020-2021

Flutt af biskupi Íslands

**Starfsreglur um breyting á starfsreglum
um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. starfsreglnanna:

Lagt er til að Hvanneyrar- og Reykholtsprestakall, Vesturlandsprófastsdæmi, sameinast í eitt nýtt prestakall, Reykholtsprestakall.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 50. gr., sbr. 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Nefndarálit löggjafarnefndar

Löggjafarnefnd hefur fjallað um málið.

Lagt er til að Hvanneyrar- og Reykholtsprestaköll, Vesturlandsprófastsdæmi, sameinist í eitt nýtt prestakall, Reykholtsprestakall.

Þegar málið var lagt fram á kirkjuþingi í september sl. hafði ekki verið haldinn héraðsfundur prófastsdæmisins en hann var áætlaður 11. október 2020.

Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu var ekki hægt að halda boðaðan héraðsfund Vesturlandsprófastsdæmis. Á fundinum var ætlunin að bera upp til afgreiðslu sameiningu Hvanneyrar- og Reykholtsprestakalla (10. mál kirkjuþings 2020). Vegna þessara aðstæðna leitaði prófastur samþykkis forsætisnefndar kirkjuþings til að afgreiða ofangreinda ályktun með því að senda þeim, sem seturétt hefðu á héraðsfundi, tillöguna rafrænt og óska eftir svörum af eða á. Forseti kirkjuþings féllst á þessa málsmeðferð. Meiri hluti þeirra sem seturétt áttu á fundinum sendu svör og voru þeir allir hlynntir sameiningartillögum. Einnig kom fram í bréfi prófasts að hann hefði rætt sameiningu Hvanneyrar- og Reykholtsprestakalla við formenn viðkomandi sóknarnefnda og að allir samþykktu þeir þessa málsmeðferð. Svör nefndarmanna eru fylgiskjal með nefndarálitinu.

Af þessu er ljóst að sameiningartillagan hefur hlotið fullnægjandi kynningu heima í héraði og ljóst að meginþorri heimamanna er sáttur við hana.

Löggjafarnefnd leggur til að tillagan á þingskjali 10 verði samþykkt.

Stefán Magnússon sat hjá við afgreiðslu málsins.

11. mál 2020-2021

Flutt af biskupi Íslands

**Tillaga að starfsreglum um breyting á starfsreglum
um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. starfsreglnanna:

Lögbýlin Auðsholt 1, Auðsholt 2, Auðsholt 3, Auðsholt 4 og Auðsholt 5, sem nú tilheyra Skálholtssókn í Skálholtsprestakalli, tilheyri eftirleiðis Hrepphólasókn í Hrunaprestakalli. Felst í þessu breyting sóknarmarká á milli téðra sókna og prestakalla.

2. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 50. gr., sbr. 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 7871997, með síðari breytingum, öðlast gildi 30. nóvember 2020.

Málið var dregið til baka.

**Starfsreglur um breytingu á starfsreglum
um þingsköp kirkjuþings, nr. 949/2009, með síðari breytingum**

1. gr.

Við 6. gr. starfsreglnanna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Við birtingu starfsreglna og ályktana kirkjuþings má ekkert undan fella sem þar á að standa og fram hefur komið á þinginu og hljóðupptaka ber með sér. Engar efnisbreytingar má gera nema leiðrétta þurfi auðsæjar og sannanlegar villur sem telst sjálfsögð leiðrétting.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. starfsreglnanna:

Á eftir 1. málsl. 2. mgr. kemur nýr málslíður sem orðast svo: Forsætisnefnd skal við tillögugerð sína gæta þess að fylgt sé jafnréttisstefnu þjóðkirkjunnar.

Við 3. mgr. bætist nýr málslíður sem orðast svo: Telji forsætisnefnd að breytingartillaga kunni að leiða til niðurstöðu sem andstæð er jafnréttisstefnu þjóðkirkjunnar skal forsætisnefnd skýra kirkjuþingi frá þeirri niðurstöðu sinni áður en gengið er til atkvæðagreiðslu.

3. gr.

Við 10. gr. starfsreglnanna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Heimilt er forseta kirkjuþings, mæli enginn kirkjuþingsfulltrúi gegn því, að ákveða að þingmál megi afgreiða með einni umræðu og án umfjöllunar fastanefndar kirkjuþings. Skal forseti kynna þá tillögu að ákvörðun svo skjótt sem kostur er og áður en umræða um þingmálið hefst. Heimilt er kirkjuþingsfulltrúum að óska umfjöllunar fastanefndar kirkjuþings og seinni umræðu um málið, allt fram til þess að forseti lýsir umræðu um mál lokið.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. starfsreglnanna:

Við 3. málsl. 2. mgr. bætast orðin: nema annað sé ákveðið í öðrum starfsreglum kirkjuþings.

Við 4. mgr. bætist nýr málslíður sem orðast svo: Jafnframt skal þess gætt að hafa hliðsjón af jafnréttisstefnu þjóðkirkjunnar svo og þeirra jafnréttisviðmiða sem kirkjan vill byggja á, svo sem jafnræðis kynslóða og þátttöku fulltrúa frá öllum landshlutum.

5. gr.

Í stað orðsins „Kirkjumálasjóður“ í 3. málsl. 1. mgr. 14. gr. starfsreglnanna kemur: Þjóðkirkjan-Biskupsstofa.

6. gr.

Við 15. gr. starfsreglnanna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ef efni þingsmáls getur að einhverju leyti varðað jafnréttisstefnu þjóðkirkjunnar skal þess getið í greinargerð og jafnframt hvernig tryggt skuli að jafnréttisstefnunni verði fylgt í hvívetna. Forsætisnefnd fer yfir hvert mál með hliðsjón af því, sbr. 17. gr. starfsreglna þessara.

7. gr.

Við 21. gr. starfsreglnanna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Leggi fastanefnd, meiri hluti eða minni hluti, til breytingar á þingmáli, sem gæti varðar jafnréttisstefnu þjóðkirkjunnar, skal gerð grein fyrir því í nefndarálitum hvernig jafnréttisstefnunni verði fylgt. Forsætisnefnd fer yfir þær breytingartillögur og kynnir kirkjuþingi, ef þurfa þykir, álit sitt á því sem betur mætti fara.

8. gr.

Við 22. gr. starfsreglnanna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Heimilt er forsætisnefnd að ákveða að störf kirkjuþings fari fram með fjarfundarbúnaði þegar sérstakar aðstæður krefjast þess. Forseta kirkjuþings er heimilt að samþykkja að einstakir kirkjuþingsfulltrúar, sem þess óska, geti tekið þátt í störfum þingsins með notkun fjarfundarbúnaðar, kosið og greitt atkvæði með handauppréttingu eða rafrænum hætti.

9. gr.

Við fyrri málsgrein 23. gr. starfsreglnanna bætist nýr málslíður sem orðast svo:

Starfi kirkjuþing, með notkun fjarfundarbúnaðar, fara kosningar fram með rafrænum hætti.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 33. gr. starfsreglnanna:

Við 1. mgr. bætist nýr málslíður sem orðast svo: Starfi kirkjuþing, með notkun fjarfundarbúnaðar, fara atkvæðagreiðslur fram með handauppréttingu eða rafrænum hætti.

Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Kirkjuþingsfulltrúar skulu í störfum sínum fylgja ákvæðum II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, með síðari breytingum, um sérstakt hæfi, eins og við getur átt. Forsætisnefnd gætir þess að fulltrúi eða fulltrúar sem kunna að vera vanhæfir til meðferðar tiltekins þingmáls víki sæti. Þetta gildir þó ekki ef það leiðir til þess að kirkjuþing verði ekki ályktunarhæft. Skulu þá allir kirkjuþingsfulltrúar taka ákvörðun um hæfi kirkjuþingsfulltrúa þeirra, sem í hlut eiga.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er kirkjuþing ályktunarfært þótt fleiri en 1/3 kirkjuþingsfulltrúa víki sæti.

11. gr.

Við 2. mgr. 35. gr. starfsreglnanna bætist nýr málsliður sem orðast svo:
Heimilt er að fresta afgreiðslu máls úr þingnefnd, og seinni umræðu, til næsta kirkjuþings á eftir.

12. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Nefndarálit meiri hluta löggjafarnefndar

Meiri hluti löggjafarnefndar hefur fjallað um málið.

Á fund löggjafarnefndar mætti Skúli Guðmundsson, lögfræðingur.

Meiri hluti löggjafarnefndar leggur til að tillagan á þingskjali 12 verði samþykkt óbreytt.

Hreiðar Örn Zoëga Stefánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndarálit minni hluta löggjafarnefndar

Minni hluti löggjafarnefndar hefur fjallað um málið.

Á fund löggjafarnefndar mætti Skúli Guðmundsson, lögfræðingur.

Minni hluti löggjafarnefndar leggur til að tillagan á þingskjali 12 verði samþykkt með breytingartillögu á þskj. 41.

Hreiðar Örn Zoëga Stefánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Breytingartillaga minni hluta löggjafarnefndar

11. gr. tillögunnar fellur brott.

12. gr. verður 11. grein.

13. mál 2020-2021
Flutt af kirkjuráði

Tillaga til þingsályktunar um kaup og sölu fasteigna

Málinu var frestað til kirkjuþings 2021-2022. (Sjá viðauka.)

14. mál 2020-2021

Flutt af forsætisnefnd

**Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um prestssetur
og aðrar fasteignir Þjóðkirkjunnar nr. 950/2009, með síðari breytingum**

1. gr.

4. mgr. 4. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Kirkjuþing ákveður hvaða fasteignir Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu skulu seldar og hvort Þjóðkirkjan-Biskupsstofa skuli kaupa fasteign eða ráðast í nýbyggingu. Ákveði kirkjuþing ekki annað, framfylgir kirkjuráð ákvörðun kirkjuþings samkvæmt þessari málsgrein.

2. gr.

Við 1. mgr. 14. gr. starfsreglnanna bætist nýr málslíður, svohljóðandi:

Prestur skal skila prestssetri sínu til Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu, eigi síðar en við starfslok, nema um annað semjist.

3. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfs-
hætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. október 2020.

Nefndarálit og breytingartillaga fjárhagsnefndar

Fjárhagsnefnd hefur fjallað um málið.

Í 23. gr. starfsreglnanna er kveðið á um að presti skuli greidd þóknun fyrir gæslu veiðihlunninda kirkjumálasjóðs sem nemi fjórum einingum á mánuði eins og hver eining var ákvörðuð prestum af kjararáði 17. desember 2017. Fjárhæð eininganna taki breytingum samkvæmt vísitölu neysliverðs miðað við janúar ár hvert. Ekki skuli þó greiða hærri þóknun en sem nemur hlunnindatekjum viðkomandi prestsseturs.

Í ljósi þess að ákvæði þetta kom inn í starfsreglurnar árið 2018 og var samþykkt af kirkjuþingi vegna þess að breytt hafði verið reglum um greiðslur til presta vegna hlunninda á jörðum telur nefndin ekki rétt að fella brott þessar greiðslur til viðkomandi presta.

Í málinu kemur fram að samkvæmt upplýsingum frá biskupsstofu sé þremur prestum nú greitt fyrir hagsmunagæslu af þessu tagi vegna þriggja jarða. Nemi fjárhæð hvers um sig innan við 500 þúsund á ári.

Nefndin telur ekki ljóst að um sparnað verði að ræða við að kaupa á þjónustu sérfræðinga til að sinna þessari hagsmunagæslu eins og bent er á í greinargerð. Að öðru leyti er nefndin samála tillögunni.

Fjárhagsnefnd leggur til að málið verði samþykkt með eftirfarandi

Breytingartillögu:

3. gr. tillögunnar falli brott.

15. mál 2020-2021

Flutt af kirkjuráði

Þingsályktun um breytingu á fasteignastefnu Þjóðkirkjunnar.

1. gr.

Í stað orðsins „kirkjumálasjóðs“ í fyrra kaflaheiti og 6.-8., 10.-12., 14.-16. og 18.-19. gr. fasteignastefnunnar kemur: Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu.

2. gr.

2. gr. orðast svo:

Við 4. gr. fasteignastefnunnar bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Verkátun um umhirðu jarða Þjóðkirkjunnar skal vera í gildi á hverri tíð. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna skulu höfð til hliðsjónar eftir því sem við á og aðstæður leyfa.

Kirkjuráð skal leggja verkátun til samþykktar á kirkjuþingi.

3. gr.

4. gr. fellur brott.

4. gr.

5. gr. fellur brott að öðru leyti en því að í stað orðsins „kirkjumálasjóðs“ í fyrsta málslið 19. gr. í kemur Þjóðkirkjan-Biskupsstofa.

5. gr.

6. gr. breytist og orðast svo:

21. gr. fasteignastefnunnar orðast svo:

Þjóðkirkjan fjárfestir ekki í uppbyggingu landbúnaðarstarfsemi á jörðum í eigu Þjóðkirkjunnar, nema því aðeins að brýna nauðsyn beri til, lög mæli fyrir um, eða telja megi slíkt fjárhagslega hagkvæmt.

Fjárfestingar Þjóðkirkjunnar skal byggja á verkátun um umhirðu jarða hennar og fjárfestingarstefnu kirkjunnar.

16. mál 2020-2021
Flutt af kirkjuráði

**Þingsályktun um skipun starfshóps til að vinna að mótun
heildstæðrar eignastefnu þjóðkirkjunnar**

Kirkjuþing 2020-2021 samþykkir að fela kirkjuráði að skipa þriggja manna nefnd sem vinni að mótun heildstæðrar eignastefnu þjóðkirkjunnar og leggi hana fram á kirkjuþingi 2021-2022.

Nefndarálit fjárhagsnefndar

Fjárhagsnefnd hefur fjallað um málið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

17. mál 2020-2021

Flutt af Bryndísi Möllu Elíddóttur, Skúla S. Ólafssyni, Hreiðari Erni Zoëga Stefánssyni, Örnunni Grétarsdóttur, Guðrúnu Karls Helgudóttur og Hildi Ingu Rúnarsdóttur.

Tillaga að starfsreglum um ráðningu í prestsstörf

Málinu var frestað til kirkjuþings 2021-2022. (Sjá viðauka.)

Starfsreglur um héraðsfundi og héraðsnefndir

Almennt.

1. gr.

Héraðsfundi skal halda í hverju prófastsdæmi ár hvert. Héraðsfundur er vettvangur til að ræða sameiginleg málefni kirkjunnar í héraðinu.

Héraðsnefnd prófastsdæmis er framkvæmdanefnd héraðsfundar.

Um héraðsfundi.

2. gr.

Héraðsfundur er aðalfundur prófastsdæmis og fjallar um málefni sem varða starf þjóðkirkjunnar í prófastsdæminu. Þar fara fram starfsskil héraðsnefndar vegna síðasta árs, svo og reikningsskil héraðssjóðs.

Héraðsfundur samræmir og markar sameiginlegt kirkjustarf í prófastsdæminu og ráðstafar héraðssjóði fyrir næsta ár og afgreiðir fjárhagsáætlun héraðssjóðs fyrir næsta ár.

3. gr.

Á héraðsfundi mæta:

þjónandi prestar í prófastsdæminu.

safnaðarfulltrúar og formenn sóknarnefnda eða varamenn þeirra.

djákna, starfandi í prófastsdæminu.

kirkjuþingsmenn viðkomandi kjördæmis.

fulltrúar prófastsdæmisins á leikmannastefnu.

Vígslubiskupi umdæmisins skal boðið að sitja héraðsfund með málfrelsi og tillögurétt.

Starfsmönnum sókna og prófastsdæmis svo og öllum áhugamönnum innan þjóðkirkjunnar um kirkjuleg málefni er heimilt að mæta á héraðsfundi með málfrelsi og tillögurétt.

Á héraðsfundi hafa atkvæðisrétt tveir fulltrúar frá hverri sókn, sbr. b-lið, starfandi prestar og djákna. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á héraðsfundi. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði prófasts.

4. gr.

Héraðsfundi skal halda að jafnaði í hverju prófastsdæmi eigi síðar en 15. júní ár hvert. Héraðsfundur er vettvangur prófastsdæmis til þess að ræða um sameiginleg málefni þjóðkirkjunnar í prófastsdæminu og önnur þau málefni sem lög leggja til hans eða stjórnvöld kirkjumála vísa þangað til umfjöllunar, umsagnar eða úrlausnar eða safnaðarfundir, sóknarnefndir, sóknarprestar og starfsmenn sókna óska eftir að þar verði rædd. Héraðsnefnd ákveður fundarstað.

5. gr.

Prófastur boðar héraðsfund skriflega með hálfmánaðar fyrirvara og skal í fundarboði greina frá dagskrá fundar. Fundarboð skal sent öllum sóknarnefndum, prestum og djáknum í prófastsdæminu, fulltrúum á kirkjuþingi í kjördæminu og fulltrúum prófastsdæmisins á leikmannastefnu, sbr. starfsreglur um leikmannastefnu. Fundurinn skal einnig auglýstur.

Rétt boðaður fundur er lögmætur.

6. gr.

Dagskrá héraðsfundar:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla héraðsnefndar um starfsemi liðins árs þar sem m.a. skal getið um framkvæmd ályktana og samþykktá síðasta héraðsfundar.
3. Ársreikningar héraðssjóðs til samþykktar.
4. Starfsáætlun héraðsnefndar þ.m.t styrkir og fjárhagsáætlun héraðssjóðs fyrir næsta almanaksár til samþykktar.
5. Starfsskýrslur sókna, nefnda, héraðsprests og annarra starfsmanna prófastsdæmisins lagðar fram svo og ársreikningar sókna og kirkjugarða.
6. Mál er varða kirkjuþing, tekin til umfjöllunar og afgreiðslu.
7. Samþykktir prestastefnu og leikmannastefnu kynntar.
8. Ákvörðun um greiðslur til kjörinna héraðsnefndarmanna fyrir störf þeirra á liðnu ári.
9. Sameiginleg mál sóknarnefnda er varða rekstur og starfsmannahald.
10. Kosningar:
 - a) Kosning aðalmanna og varamanna til héraðsnefndar, annarra en formanns, til tveggja ára í senn.
 - b) Kosning tveggja skoðunarmanna eða endurskoðenda reikninga héraðssjóðs og tveggja til vara til tveggja ára í senn.
 - c) Kosning fulltrúa og varamanna þeirra á leikmannastefnu til fjögurra ára í senn, sbr. starfsreglur um leikmannastefnu.
 - d) Kosning aðalmanns og varamanns til fulltrúaráðs Hjálparstarfs kirkjunnar til tveggja ára í senn.
11. Aðrar kosningar eða tilnefningar sem heyra undir héraðsfund.
12. Önnur mál.

7. gr.

Prófastur boðar aukahéraðsfund, ef þurfa þykir. Skyld er að boða slíkan fund, ef fjórðungur atkvæðisbærra héraðsfundarmanna óskar þess eða ef kirkjuráð mælir svo fyrir. Ákvæði starfsreglna þessara eiga við um slíka fundi eins og við getur átt.

Um héraðsnefnd.

8. gr.

Héraðsnefnd fer með stjórn héraðssjóðs. Hún er framkvæmdanefnd héraðsfundar og skal starfa á milli héraðsfunda. Héraðsnefnd er í fyrirsvari fyrir prófastsdæmið að því er

varðar sameiginleg málefni prófastsdæmisins. Héraðsnefnd skipa þrjú menn. Formaður nefndarinnar er starfandi prófastur en héraðsfundur kýs aðra nefndarmenn til tveggja ára í senn og varamenn þeirra með sama hætti. Héraðsfundi er þó heimilt að kjósa annan fulltrúann til eins árs, þannig að leikmaður verði eftirleiðis kosinn annað hvort ár og prestur hitt. Sama gildir þá um varamenn þeirra. Nefndin skiptir að öðru leyti sjálf með sér verkum.

9. gr.

Verkefni héraðsnefndar eru sem hér segir:

1. Héraðsnefnd fylgir eftir samþykktum héraðsfunda og sendir þær biskupi Íslands, vígslubiskupi og öðrum, sem hlut eiga að máli.
2. Héraðsnefnd ákveður úthlutanir úr héraðssjóði á grundvelli samþykpta héraðsfunda og sér um reikningshald hans.
3. Héraðsnefnd gerir grein fyrir starfsemi sjóðsins á héraðsfundi og skal leggja fram ársreikninga liðins almanaksárs og fjárhagsáætlun næsta almanaksárs til samþykktar á héraðsfundi.
4. Héraðsnefnd ræður starfsmenn til að gegna einstökum verkefnum, sem héraðsfundur hefur samþykkt.
5. Héraðsnefnd leggur fram starfs- og fjárhagsáætlun á héraðsfundi og ber ábyrgð á framkvæmd hennar. Heimilt er héraðsnefnd að skipa starfshópa eða nefndir til að vinna að einstökum þáttum starfsáætlunar.
6. Héraðsnefnd sér til þess að starfsemi og rekstur, samkvæmt ákvörðunum héraðsfundar, færsla bókhalds, varsla gagna og önnur atriði í rekstri séu jafnan í góðu horfi.

10. gr.

Prófastur kveður héraðsnefnd saman til fundar svo oft sem þörf krefur. Skylt er að halda fund ef tveir nefndarmanna óska þess. Nefndarmenn fá greidda reikninga fyrir útlagðan kostnað úr héraðssjóði. Nefndarmenn fá greidda þóknun fyrir fundarsetu, en þó ekki prófastur.

Um héraðssjóð.

11. gr.

Héraðsfundi er heimilt að ákveða að allt að 5% af innheimtum sóknargjöldum, skv. I. kafla laga um sóknargjöld o.fl. nr. 91/1987, með síðari breytingum, renni í sérstakan sjóð, héraðssjóð, í vörslu prófasts.

Héraðssjóður styrkir eða kostar kirkjulega starfsemi innan prófastsdæmis, einkum er varðar samstarf og samstarfsverkefni sókna, fræðslu, málþing, náms- og mótsferðir, fundi og einstök þróunarverkefni.

Sjóðnum er ætlað að standa undir kostnaði af sameiginlegum kirkjulegum verkefnum innan prófastsdæmisins eftir ákvörðun héraðsfundar og héraðsnefndar. Jafnframt er heimilt að veita styrki úr sjóðnum til einstakra sókna.

Héraðssjóði er heimilt að styrkja, kosta eða veita sameiginlega þjónustu fyrir sóknir sem eru í formlegu samstarfi innan prófastsdæmisins.

12. gr.

Héraðssjóður greiðir að jafnaði ekki laun utan nefndarlaun og laun sérstakra starfsmanna prófastsdæmisins, sbr. 3. tölul. 11. gr. Héraðssjóður styrkir að jafnaði ekki hefðbundið safnaðarstarf einstakra sókna, sbr. starfsreglur um sóknarnefndir nr. 1111/2011, með síðari breytingum, nýbyggingar og viðhald bygginga. Héraðssjóður styrkir ekki það sem fellur undir starfskostnað presta og prófaste, sbr. starfsreglur um starfskostnað vegna prestsþjónustu og prófastsstarfa.

13. gr.

Endurskoðun reikninga sjóðsins annast tveir endurskoðendur eða skoðunarmenn kjörnir af héraðsfundi til tveggja ára í senn.

Gildistaka.

14. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 32. gr., sbr. 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu. Jafnframt falla brott starfsreglur um héraðsfundi og héraðsnefndir nr. 965/2006, með síðari breytingum.

Nefndarálit allsherjarnefndar

Allsherjarnefnd hefur fjallað um málið og leggur til að tillagan á þingskjali 18 verði samþykkt óbreytt.

**Starfsreglur um breytingu á starfsreglum
um val og veitingu prestsembættis nr. 144/2016, með síðari breytingum**

1. gr.

Í stað orðanna „val og veiting prestsembættis“ í heiti starfsreglnanna kemur: ráðningu í prestsstörf og starfslok.

2. gr.

1. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Biskup Íslands ræður í störf sóknarpresta, presta, héraðspresta og sérþjónustupresta þjóðkirkjunnar. Prestar eru almennt ráðnir til starfa ótímabundið með gagnkvæmum uppsagnarfresti.

Ef prestar eru ráðnir tímabundið skal tekið fram í ráðningarsamningi að segja megi slíkum samningi upp af hálfu hvors aðila um sig áður en ráðning fellur sjálfkrafa úr gildi við lok samningstíma.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. starfsreglnanna:

- a. Í stað orðsins „embættis“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: prestsstarfs.
- b. Í stað orðsins „embætti“ í 1. tölul. 3. málsl. 2. mgr. kemur: starf.

4. gr.

3. gr. starfsreglnanna orðist svo, ásamt fyrirsögn:

Auglýsing um laust prestsstarf.

Biskup Íslands auglýsir laus prestsstörf. Laus prestsstörf skal auglýsa á vef kirkjunnar, www.kirkjan.is og skal umsóknarfrestur ekki vera skemmri en tíu dagar frá birtingardegi.

Heimilt er, án auglýsingar, að flytja presta til í starfi, sbr. 4. mgr. 4. gr. starfsreglna þessara.

Heimilt er, án auglýsingar, að ráða tímabundið, allt að 12 mánuði í senn, í forföllum, til afmarkaðra verkefna eða meðan ekki hefur verið ráðið í starfið.

Við undirbúning auglýsingar skal tekið tillit til þarfagreiningar samkvæmt 2. gr. Í auglýsingu skal a.m.k. eftirtalið koma fram:

1. Lýsing á prestakallinu og sóknnum þess, ef um er að ræða starf sóknarprests eða prests.
2. Lýsing á umfangi prestsþjónustunnar, starfsaðstöðu o.fl. er varðar hið kirkjulega starf.
3. Hvort lögð sé sérstök áhersla á hæfni umsækjenda til að sinna tilteknum þáttum prestsþjónustunnar.
4. Hvort prestsstarfið geri kröfu um sérstaka þekkingu eða reynslu svo sem af stjórnarstörfum.
5. Að matsnefnd fjalli um umsóknir samkvæmt starfsreglum þessum.

6. Frá hvaða tíma ráðið er í prestsstarfið, svo og til hve langs tíma, ef um tímabundna ráðningu er að ræða.
7. Að umsækjendur leggi fram prófskírteini og staðfestingu um að viðkomandi hafi lokið starfsþjálfun. Einnig vottorð um aðra menntun og þjálfun sem nýtist í starfi.
8. Upplýsingar um starfsferil og annað það sem umsækjendur telja nauðsynlegt að fram komi.
9. Umsækjendur skili greinargerð, að hámarki 500 orð, um framtíðarsýn og væntingar er varða prestsstarfið.
10. Að umsækjandi skuli leggja fram sakavottorð.
11. Hvenær umsóknarfrestur um starfið renni út.
12. Hver veiti nánari upplýsingar um starfið, starfskjör, starfslýsingu og helstu lög og reglur sem um starfið gilda.
13. Hvort prestssetur fylgi prestsstarfinu.
14. Að sótt skuli um starfið á vef kirkjunnar.
15. Að heimilt sé að óska eftir almennum prestskosningum samkvæmt lögum nr. 78/1997.
16. Að nöfn umsækjenda verði birt á opnum vef þjóðkirkjunnar að liðnum umsóknarfresti, hafi ekki verið óskað nafnleyndar. Nafnleynd umsækjenda á ekki við þegar um almennar prestskosningar er að ræða, sbr. 13. gr. starfsreglnanna.

Áður en biskup sendir umsóknir til meðferðar matsnefndar skal hann gæta þess að umsækjandi uppfylli skilyrði til ráðningar eða kjörs, samkvæmt 38. gr. laga nr. 78/1997, þar með talið starfsþjálfun samkvæmt nánari ákvæðum í starfsreglum um þjálfun prestsefna nr. 788/2002, með síðari breytingum. Biskup Íslands skal leita eftir samþykki umsækjenda til þess að fá aðgang að upplýsingum úr sakaskrá. Synji hlutaðeigandi umsækjandi um heimild til þess, er óheimilt að ráða hann til starfa.

Óheimilt er að ráða til starfa einstakling til að sinna börnum og ungmönnum undir 18 ára aldri, sem hlotið hefur refsídóm vegna brota á eftirtöldum lagabálkum::

- a. Barnaverndarlögum nr. 80/2002.
- b. Almennum hegningarlögum nr. 19/1940, þ.e. kynferðisbrot skv. 22. kafla, önnur ofbeldisbrot, skv. 23. kafla og brot gegn frjálrsræði manna, skv. 24. kafla, að undanskildum minniháttar líkamsmeiðingum samkvæmt 217. gr.
- c. Lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sem og 173. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og hlotið refsídóm á fimm undangengnum árum.

Biskup skal afla og varðveita lista yfir þá sem eru atkvæðisbærir í prestakalli þegar auglýsing er birt.

5. gr.

4. gr. starfsreglnanna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Tímabundin ráðning í prestsstarf og starfaskipti.

Biskupi Íslands er heimilt að fengnu álit/umsögn sóknarnefnda/héraðsnefnda að ráða

í prestsstarf án auglýsingar tímabundið, falli sá frá sem ráðinn eða skipaður hefur verið eða er fjarverandi um lengri tíma vegna veikinda, fæðingarorlofs eða af öðrum ástæðum.

Óski prestur/prestar heimildar til að skipta um starf við annan prest, getur biskup að fenginni umsögn sóknarnefnda/héraðsnefnda leyft tímabundið þau skipti, að hámarki í eitt ár. Engar bætur verða greiddar ef laun lækka við skiptin.

Biskupi er heimilt að flytja presta úr einu prestsstarfi í annað með samþykki viðkomandi sóknarnefnda eða héraðsnefnda, ef við á. Flytjist maður í annað prestsstarf sem er lægra launað en fyrra starfið, skal greiða honum launamismuninn þann tíma sem uppsagnarfrestur er í fyrra prestsstarfinu.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. starfsreglnanna:

- a. Fyrirsögn orðast svo: Matsnefnd um hæfni til prestsstarfs.
- b. Í stað orðsins „prestsembætti“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: prestsstörf.
- c. Í stað orðsins „áheyrnarfulltrúum“ í 1. málsl. 6. mgr. kemur: tilkvöddum sérfræðingum.
- d. 3. málsl. 6. mgr. fellur brott.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. starfsreglnanna:

- a. Í stað orðsins „embættinu“ í 11. mgr. kemur: starfinu.
- b. Í stað orðsins „kirkjumálasjóði“ í 19. mgr. kemur: Þjóðkirkjunni-Biskupsstofu.

8. gr.

Á eftir fyrri málsl. 6. mgr. 7. gr. starfsreglnanna kemur nýr málslíður sem orðast svo:
Prófasti er heimilt að fara þess á leit við biskup Íslands að löglærður ráðgjafi aðstoði við undirbúning fundar kjörnefndar og að hann taki þátt í undirbúningsfundi.

9. gr.

Í stað orðsins „prestsembætti“ í 8. og 10. mgr. 8. gr. starfsreglnanna kemur í viðeigandi beygingarfalli: prestsstarf.

10. gr.

9. gr. starfsreglnanna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Verkefni biskups við ráðningu til prestsstarfs.

Að undangenginni auglýsingu og matsferli og kjöri ræður biskup Íslands þann umsækjanda í prestsstarf sem meiri hluti kjörnefndar hefur kosið og kynnir umsækjendum niðurstöðuna.

Hafi enginn umsækjenda hlotið meiri hluta gildra atkvæða, miðað við fullskipaða kjörnefnd, er biskupi heimilt að ráða í starfið þann sem hann metur hæfastan, framlengja umsóknarfresti eða auglýsa prestsstarfið að nýju.

Hafni meiri hluti kjörmanna umsækjendum, með því að skila auðum kjörseðlum, er biskupi ekki heimilt að ráða í prestsstarfið. Skal þá starfið auglýst að nýju, sbr. 3. gr.

11. gr.

Í stað orðsins „skipar“ í 10. gr. starfsreglnanna kemur: ræður.

12. gr.

Í stað orðsins „skipar í embætti“ í 11. gr. starfsreglnanna kemur: ræður í störf.

13. gr.

Í stað orðanna „skipa ekki í embættið“ í 1. mgr. 12. gr. starfsreglnanna kemur: ráða ekki í starfið.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. starfsreglnanna:

- a. Í stað orðanna „í Lögbirtingablaði“ í 1. mgr. kemur: á opnum vef þjóðkirkjunnar.
- b. Í stað orðsins „embætti“ í 1. mgr. kemur: starf.

15. gr.

21. gr. starfsreglnanna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Ráðning kjörins umsækjanda.

Ráða skal þann umsækjanda í prestsstarfið sem hlotið hefur flest greidd atkvæði. Verði atkvæði jöfn skal varpa hlutkesti. Nú er aðeins einn umsækjandi í kjöri og telst hann kjörinn hljóti hann meiri hluta greiddra atkvæða. Ef enginn hlýtur bindandi kosningu getur biskup Íslands ráðið í prestsstarfið, úr hópi umsækjenda, þann sem hann metur hæfastan, framlengt umsóknarfrest eða auglýst starfið að nýju.

16. gr.

Ný 22. gr. starfsreglnanna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Starfslok.

Uppsögn ráðningarsamnings skal birta með sannanlegum hætti. Talin er nægileg birting að senda uppsögn á opinbert netfang biskupsstofu og netfang prests hjá kirkjunni.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er þrjú mánuðir að lágmarki. Prestur getur ávallt sagt upp starfi sínu með þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Ráðning prests, sem ráðinn er tímabundið, fellur úr gildi við lok samningstíma án uppsagnar. Heimilt er að segja upp presti á tímabundinni ráðningu skv. uppsagnarákvæði í viðkomandi ráðningarsamningi. Uppsagnarfrestur er einn mánuður þegar um tímabundna ráðningu er að ræða.

Fastráðning presta fellur úr gildi, án uppsagnar, frá og með næstu mánaðamótum eftir að 70 ára aldri er náð.

17. gr.

22. og 23. gr. starfsreglnanna verða 23. og 24. gr.

18. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

20. mál kirkjuþings 2020-2021
Flutt af biskupi Íslands

**Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum
um presta nr. 110/2011, með síðari breytingum**

1. gr.

Við 11. gr. starfsreglnanna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Heimilt er, með samþykki hlutaðeigandi presta og sóknarnefndar eða sóknarnefnda, að færa sóknarprestsskyldur með reglulegu millibili milli presta í prestakalli, enda sé gert um það skriflegt samkomulag framangreindra aðila. Prófastur skal staðfesta slíkt samkomulag svo það öðlist gildi.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi öðlast gildi 1. október 2020.

Nefndarálit löggjafarnefndar

Löggjafarnefnd hefur fjallað um málið.

Á fund löggjafarnefndar mættu Drífa Hjartardóttir, forseti kirkjuþings og flutningsmaður tillögunnar og Skúli Guðmundsson, lögfræðingur.

Löggjafarnefnd leggur til með að málinu verði hafnað þar sem nefndin lítur svo á að biskup hafi heimild í starfsreglum til að fara í þær breytingar sem tillagan fjallar um.

Hreiðar Örn Zoëga Stefánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

21. mál 2020-2021

Flutt af Steindóri R. Haraldssyni

**Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um prestssetur
og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar, nr. 950/2009, með síðari breytingum**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. starfsreglnanna:

2. mgr. orðast svo: Leiga af prestssetrum, þ.e. jörðum og húsum, auk hlunninda, ítaka og annarra réttinda sem prestur nýtur vegna embættis síns, skal nema 5% af fasteignamati hins leigða á ári á þeim svæðum þar sem gildistalan er 1,0 skv. reglum ríkisskattstjóra um skattmat af hlunnindum hvað varðar afnot af fasteignum, 4% á þeim svæðum þar sem gildistalan er 0,8 og 3,5% á þeim svæðum þar sem gildistalan er 0,7.

3. mgr. orðast svo: Leiga prestssetra í eigu kirkjunnar á svæðum með gildistöluna 0,8 og 0,7 skal ekki vera lægri en kr. 52.000 á mánuði og ekki hærri en kr. 108.000 og tekur sú fjárhæð breytingum árlega samkvæmt vísitölu neysluverðs. Um leigu fyrir aðrar eignir skal samið.

2. gr.

22. gr. starfsreglnanna fellur brott.

3. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Nefndarálit fjárhagsnefndar

Fjárhagsnefnd hefur fjallað um málið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

22. mál 2020-2021

Flutt af vígslubiskupi á Skálholtsstað

Tillaga að starfsreglum um Skálholtsstað

Málinu var frestað til kirkjuþings 2021-2022. (Sjá viðauka.)

23. mál 2020-2021
Flutt af kirkjuráði

Þingsályktun um verkáætlun vegna umhirðu jarða þjóðkirkjunnar 2021-2031

Kirkjuþing 2020-2021 samþykkir verkáætlun vegna umhirðu jarða þjóðkirkjunnar 2021-2031 á þingskjali 23. Enn fremur samþykkir kirkjuþing 2020-2021 að lagðar verði kr. 5.1 milljón á árinu 2021 til verkefnisins enda verði ítarlegri skýrslu skilað til kirkjuþings 2021-2022 um framvindu þess og hvernig fjármunir þeir sem lagðir eru til verkefnisins verði nýttir.

Nefndarálit fjárhagsnefndar

Fjárhagsnefnd hefur fjallað um málið.

Málið er lagt fram af kirkjuráði og fjallar um verkáætlun fyrir umhirðu jarða þjóðkirkjunnar 2021-2031. Þetta mál er framhald 22. máls kirkjuþings 2019 þar sem kirkjuþing samþykkti þingsályktun um úttekt á prestssetra- og kirkjujörðum vegna endurheimtar votlendis og skógræktar. Kirkjuþing ályktaði þá að þegar yrði hafist handa við að gera úttekt á því hvaða jarðnæði í eigu þjóðkirkjunnar geti hentað til skógræktar í stórum stíl sem og til endurheimtar votlendis. Verkáætlunin, sem þetta mál fjallar um, er því framhald af þeirri samþykkt kirkjuþings.

Í greinargerð með málinu kemur fram að umhverfisnefndin lagði til að ábyrgð á framkvæmdum væri á hendi kirkjuráðs og að lagðar yrðu 20 milljónir á ári til verkefnisins til að standa undir kaupum á ráðgjöf og greiningu á landi, auk heldur til skógræktar (sala á kolefnisbindingu).

Fjárhagsnefnd hefur nú borist ný fjárhagsáætlun, dags 26. september 2020, frá umhverfishópi þjóðkirkjunnar, sem vann málið fyrir kirkjuráð, þar sem fallið er frá því að óska eftir kr. 20 milljónum á ári en í stað þess óskað eftir 5,1 milljón til verkefnisins á árinu 2021. Einnig hafa nefndinni borist athugasemdir frá umhverfishópi þjóðkirkjunnar þar sem gerð er nánari grein fyrir verkefninu, þýðingu þess og áætlun um hvernig það verði unnið. Hér er um að ræða tvö dagskrármál hjá kirkjunni næstu tvö árin, þ.e. umhverfismálin og skírnerskógamálin. Umhverfismálin eru einnig eitt af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna núna og ljóst að þjóðkirkjan getur ekki staðið hjá þegar um er að ræða málefni eins og loftslagsmálin sem varða heimsbyggðina alla.

Fjárhagsnefnd leggur áherslu á að við vinnslu verkefnisins verði haft samráð við prófastsdæmin um framkvæmd þess í stað þess að kalla eingöngu til sérfræðinga.

Fjárhagsnefnd telur rétt að umbeðnir fjármunir verði lagðir til verkefnisins á árinu 2021 en leggur mikla áhersla á að skýrslu verði skilað til kirkjuþings 2021 um framvindu verkefnisins og hvernig fjármunir sem lagðir eru til þess hafi verið nýttir.

Fjárhagsnefnd leggur til að kirkjuþing samþykki málið á þingskjali 23 með þingsályktun á sérstöku skjali nr. 68

24. mál 2020-2021

Flutt af Einari Má Sigurðarsyni og Ólöfu Margréti Snorradóttur

**Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um
sóknarnefndir, nr. 1111/2011, með síðari breytingum**

1. gr.

Á eftir orðinu „leggja“ í 2. másl 2. mgr. 8. gr. starfsreglnanna kemur: starfandi.

2. gr.

Á eftir 1. másl. 1. mgr. 15. gr. starfsreglnanna bætist nýr málslíður, svohljóðandi:
Sóknarnefnd skal í samráði við starfandi sóknarprest og/eða starfandi prest boða til aðalsafnaðarfundar sóknarinnar.

3. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 55., og 57. gr., sbr. 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Nefndarálit og breytingartilla löggjafarnefndar

Löggjafarnefnd hefur fjallað um málið.

Á fund löggjafarnefndar mættu Drífa Hjartardóttir, forseti kirkjuþings og Skúli Guðmundsson, lögfræðingur.

Nefndin leggur til að tillagan á þingskjali 24 verði samþykkt með eftirfarandi

Breytingartillögu:

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Sóknarnefnd skal í samráði við starfandi sóknarprest og/eða starfandi prest boða til aðalsafnaðarfundar sóknarinnar.

2. gr.

3. gr. fellur brott.

25. mál 2020-2021.

Flutt af biskupi Íslands

Þingsályktun um mótun stefnu þjóðkirkjunnar í málum fólks á flóttta og umsækjenda um alþjóðlega vernd

Kirkjuþing 2020-2021 samþykkir að málinu verði vísað til biskups til áframhaldandi vinnu.

Stefna þjóðkirkjunnar í málum fólks á flóttta og umsækjenda um alþjóðlega vernd.

1. Þjóðkirkjan er opin öllum íbúum Íslands og þeim sem dvelja á Íslandi.
2. Þjóðkirkjan hefur miklar áhyggjur af aðstæðum flóttafólks (þ.m.t. umsækjendum um alþjóðlega vernd) í heiminum en ekki síst á Íslandi. Aðstæður sem flest flóttafólk býr við eru ein af grófum birtingarmyndum afmennskunnar. Þjóðkirkjan vill berjast gegn henni. Sérhver manneskja er sköpun Guðs. Mennska er því hluti af henni og hún er barn Guðs og nýtur blessunar hans óháð því hvort hún trúir á hann eða ekki. Þess vegna berst Þjóðkirkjan gegn afmennskun í heiminum og reynir að varðveita mennsku mannanna.
3. Þjóðkirkjan vill þjóna öllum hælisleitendum óháð trúarlegum bakgrunni þeirra. Jafnframt býður hún hælisleitendur velkomna þegar þeir vilja kynnast kristinni trú, verða kristnir og hluti af kirkjunni.
4. Þjóðkirkjan vill vera málsvari og sjálfstæður aðili í málefnum flóttafólks. Hún er tilbúin til að eiga samstarf við félög og stofnanir, kirkjur eða trúfélög hér á landi til að ná sem bestum árangri í þessum málaflokki.
5. Þjóðkirkjan vill styrkja þjónustu við flóttafólk með sérstakri áherslu á hlutverk kirkjunnar sem skjólshús (e. sanctuary). Hlutverk kirkjunnar sem skjólshús hefur ekki sömu merkingu og hugtakið kirkjugrið. Skjólshús í þessu samhengi felur í sér viðleitni til að vera virkur þátttakandi í að efla guðsríki sem er „mitt á meðal yðar“ auk þess að leggja áherslu á gullnu regluna í verki, að við komum fram við aðra eins og við viljum að komið sé fram við okkur, ekki síst á erfiðum tímum. Kirkjan sem skjólshús er farvegur fyrir huggun og náð Guðs sem veitir hvíld og frið og býður flóttafólki sem hingað leitar í neyð sinni að verða hluti af fjölskyldu sinni.
6. Biskup Íslands skipar sex manna starfshóp „Seekers ministry“ sem starfar sérstaklega að málefnum flóttafólks. Starfshópurinn hefur umboð til að kalla til sín sjálfboðaliða á eigin ábyrgð. Hlutverk Seekers ministry er að skipuleggja starfsemi og þjónustu við flóttafólk, leiða framkvæmd þjónustunnar auk þess að leggja mat á árangur þjónustunnar. Þá skal hópurinn leiðbeina og aðstoða söfnuði Þjóðkirkjunnar í málefnum flóttafólks.
7. Þjóðkirkjan stefnir að því að veita eftirfarandi þjónustu:
 - a) Málsvörn (samtal, samstaða)
 - b) Sálgæslu (huggun)
 - c) Helgihald/bænagjörð/samverur (samvera)

- d) Þjónusta í samstarfi við aðra (samvinna)
- e) „Mentor-stuðningur“ (samvinna)

Nánari útfærsla er í höndum Seekers ministry starfshópsins.

8. Til þess að auðvelda framkvæmd og þjónustu verði nokkrir söfnuðir tilnefndir sem móttökusöfnuðir sem vinna með Seekers ministry í þjónustu við flóttafólk. Móttökusöfnuðir eru Háteigskirkja, Laugarneskirkja, Breiðholtskirkja, Ástjarnarkirkja og Keflavíkurkirkja. Með því að útnefna móttökusöfnuði er ekki verið að takmarka þátttöku annarra safnaða í landinu til að vinna að málefnum hælisleitenda og flóttafólks heldur að tryggja þjónustu við fólk á flóttu. Hverjum söfnuði stendur til boða að gerast móttökusöfnuður, óski hann eftir því.
9. Í Breiðholtskirkju er söfnuður fólks á flóttu í mótun undir nafninu Alþjóðlegi söfnuðurinn í Breiðholtskirkju. Alþjóðlegi söfnuðurinn er „módel-söfnuður“ þar sem flóttafólk, innflytjendur og Íslendingar koma saman í anda Krists.
10. Þjóðkirkjan styður eindregið að réttindi og velferð fólks á flóttu séu virt, þar á meðal flóttafólks sem fengið hefur „vernd“ í öðru landi en ekki getað dvalið þar áfram vegna óbærilegra lífskjara. Sérstaklega er tekin afstaða með öllum börnum á flóttu og þeim sem eru á flóttu eru vegna kristinnar trúar sinnar.

Nefndarálit allsherjarnefndar:

Allsherjarnefnd hefur fjallað um málið. Nefndin leggur áherslu á að hér er um afar mikilvægt mál að ræða og fagnar þessari tillögu. Einnig þakkar nefndin þessa góðu vinnu og hvetur til þess að henni verði haldið áfram.

Í greinargerð með tillögunni kemur fram að starfshópurinn er eingöngu að fjalla um stefnu og verklagsreglur er varða hælisleitendur og fólk á flóttu þó að tillögur kirkjuþings geri einnig ráð fyrir að fjallað verði almennt um málefni innflytjenda. Ástæða þess sé sú að málefni flóttafólks og innflytjenda séu talsvert ólík þó að þau eigi ýmislegt sameiginlegt og hafi starfshópnum ekki gefist nægur tími til að útbúa tillögur sem nái til beggja hópa. Fram kemur einnig í greinargerðinni að starfshópurinn muni halda vinnu sinni áfram og skila tillögu að stefnumótun almennt um málefni innflytjenda og móttöku kvótaflóttafólks fyrir kirkjuþing árs 2021.

Allsherjarnefnd telur rétt að stefnur í málefnum fólks á flóttu og innflytjenda séu ræddar og afgreiddar samhliða. Einnig telur nefndin nauðsynlegt að með stefnumótunar-tillögum fylgi framkvæmdaáætlun og nákvæm fjárhagsáætlun sem gerð er í samráði við fjármálastjóra.

Allsherjarnefnd er sammála um að mikilvægt sé að lokið sé við að móta stefnur í málefnum ofangreindra hópa hið fyrsta. Tillögur að stefnumótun í málefnum fólks á flóttu og málefnum innflytjenda verði lokið í haust og málið lagt fram á kirkjuþingi 2021.

Allsherjarnefnd leggur til að málinu verði vísað til biskups til áframhaldandi vinnu með þingsályktun á sérstöku þingskjali nr. 77.

26. mál 2020-2021

Flutt af vígslubiskupi á Hólum

**Tillaga til þingsályktunar brottvísanir
flóttafólks sem hefur fengið alþjóðlega vernd í öðru ríki**

Kirkjuþing 2020 hvetur íslensk stjórnvöld til hætta að vísa umsækjendum um alþjóðlega vernd úr landi án efnislegrar meðferðar hælisumsóknar, þótt þau hafi þegar hlotið hana á Ítalíu, í Grikklandi eða Ungverjalandi. Yfirvöld í þessum löndum virðast þess ekki umkomin að skapa þessu fólki mannsæmandi aðstæður og möguleika á að byggja sjálfum sér og börnum sínum örugga framtíð. Þjóðkirkjan hefur sérstakar áhyggjur af börnum í þessum hópi.

Nefndarálit og breytingartilla allsherjarnefndar

Allsherjarnefnd hefur fjallað um málið.

Nefndin leggur til að tillagan á þingskjali 26 verði samþykkt með eftirfarandi

Breytingartillögu:

Kirkjuþing 2020 hvetur íslensk stjórnvöld til að vísa umsækjendum um alþjóðlega vernd ekki úr landi án efnislegrar meðferðar hælisumsóknar. Þjóðkirkjan hefur sérstakar áhyggjur af börnum í þessum hópi. Þessu til viðbótar hvetur kirkjuþing íslensk stjórnvöld til að veita umsækjendum um alþjóðlega vernd dvalarleyfi af mannúðarástæðum ef þau hafa dvalið hérlendis til lengri tíma og aðlagast samfélaginu óháð niðurstöðu máls þeirra.

27. mál 2020-2021

Flutt af Guðmundi Þór Guðmundssyni, Önnu Guðrúnu Sigurvinsdóttur,
Örnu Grétarsdóttur, Guðrúnu Karls Helgudóttur, Hreiðari Erni Zoëga Stefánsyni,
Skúla S. Ólafssyni, Svönu Helen Björnsdóttur

**Þingsályktun um að skipa nefnd til að endurskoða starfsreglur
um kjör til kirkjuþings nr. 1075/2017, með síðari breytingum, og starfsreglur um
kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 333/2017**

Kirkjuþing 2020-2021 ályktar að kjósa þriggja manna nefnd til að endurskoða starfsreglur um kjör til kirkjuþings og starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa og semja tillögur að nýjum starfsreglum. Tillögurnar miði einkum að því að tryggja að kosningakerfi þjóðkirkjunnar sé lýðræðislegt og að jafnræðis sé gætt.

Nefndarálit löggjafarnefndar

Löggjafarnefnd hefur fjallað um málið og leggur til að málið á þskj. 27 verði samþykkt óbreytt.

Hreiðar Örn Zoëga Stefánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

28. mál 2020-2021.

Flutt af Hreini S. Hákonarsyni

Tillaga til þingsályktunar um heimasíðu og aðra miðla

Kirkjuþing 2020 samþykkir að biskup skipi nefnd þriggja fulltrúa til að leggja fram drög að ritstjórnarstefnu fyrir miðla þjóðkirkjunnar og skili hún tillögum sínum fyrir næsta framhaldskirkjuþing 2020/kirkjuþing 2021.

Málið var dregið til baka.

29. mál 2020-2021.

Flutt af Hreini S. Hákonarsyni

Þingsályktun um hugverkaskráningu

Kirkjuþing 2020 beinir þeim tilmælum til kirkjuráðs að það skrái merki þjóðkirkjunnar, orðmerki og myndmerki, með formlegum hætti hjá Hugverkastofunni sem starfar samkvæmt lögum um einkaleyfi nr. 17/1991, með síðari breytingum.

Nefndarálit allsherjarnefndar

Allsherjarnefnd hefur fjallað um málið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

30. mál 2020-2021.

Flutt af Hreini S. Hákonarsyni

Þingsályktun um tækifærisgjafir til embættis biskups Íslands

Kirkjuþing 2020 beinir þeim tilmælum til biskups Íslands að allar tækifærisgjafir til embættis biskups Íslands verði skráðar sérstaklega.

Nefndarálit allsherjarnefndar

Allsherjarnefnd hefur fjallað um málið og leggur til að tillagan á þingskjali 30 verði samþykkt óbreytt.

31. mál 2020-2021.

Flutt af Hreini S. Hákonarsyni

Þingsályktun um Fréttabréf biskupsstofu og Víðförla, fréttablað kirkjunnar

Kirkjuþing 2020 beinir þeim tilmælum til kirkjuráðs að séð verði til þess að Fréttabréf biskupsstofu frá 1976-1977 og 1979-1982, og fréttablað kirkjunnar: Víðförli 1. árg., október 1982 og til loka útgáfu, þ.e. 29. árg., 1. tbl., desember 2009, verði innskönnuð og sett á vefinn timarit.is og á vef kirkjunnar, kirkjan.is

Nefndarálit allsherjarnefndar

Allsherjarnefnd hefur fjallað um málið og leggur til að tillagan á þingskjali 31 verði samþykkt óbreytt.

32. mál 2020-2021

Flutt af forsætisnefnd

Tillaga til þingsályktunar um greiðslur útfarakostnaðar

Kirkjuþing 2020 ályktar að Þjóðkirkjan-Biskupsstofa tryggi að prestar fái greidda óskerta þóknun og aksturskostnað samkvæmt gjaldskrá kirkjuþings vegna þjónustu við útfarir. Heimild þessi gildir frá 1. ágúst til og með 31. desember 2020.

Nefndarálit og breytingartilla fjárhagsnefndar

Fjárhagsnefnd hefur fjallað um málið.

Nefndin leggur til að tillagan á þingskjali 26 verði samþykkt með eftirfarandi

Breytingartillögu:

Kirkjuþing 2020-2021 samþykkir að biskupsstofa gangi nú þegar til samninga við Kirkjugarðasambandið um innheimtu útfararkostnaðar og greiðslur til presta vegna þjónustu við útfarir gegn innheimtuþóknun. Innheimtuþóknun greiðist ekki úr sjóðum kirkjunnar.

33. mál 2020-2021

Flutt af fjárhagsnefnd

**Þingsályktun um skipun starfshóps til mótunar stefnu
varðandi nánari útfærslu á fasteignastefnu þjóðkirkjunnar**

Kirkjuþing 2020 samþykkir að skipa starfshóp þriggja fulltrúa til að fara yfir stöðu fasteigna þjóðkirkjunnar og gera tillögur um nánari útfærslu fasteignastefnu hennar og þá sérstaklega hvað varðar 1. og 2. grein.

Starfshópurinn skili niðurstöðum sínum til kirkjuþings 2021.

Nefndarálit fjárhagsnefndar

Fjárhagsnefnd hefur fjallað um málið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Tillaga að starfsreglum um starfskostnað vegna prestsþjónustu og prófastsstarfa

1. gr.

Tilgangur starfsreglna þessara er að tryggja að allir prestar og prófastar hafi þá starfsaðstöðu og búnað sem prestsstarf útheimtir og fái greiddan eðlilegan og sanngjarnan raunkostnað af rækslu starfa sinna.

2. gr.

Skrifstofukostnaður vegna starfa presta og prófaste greiðist sem hér greinir.

- a) Vegna afnota af tækjabúnaði sem prestur leggur sjálfur til, þ.e. tölvu, prentara og farsíma, greiðast kr. 8.479 á mánuði, eða kr. 101.750 á ári.
- b) Vegna rekstrarvara til skrifstofurekstrar er greitt samkvæmt útlögðum kostnaði þó aldrei hærra en kr. 27.900 á ári. Vegna prófastsstarfa er greitt skv. útlögðum kostnaði til viðbótar allt að kr. 27.900 á ári. Heimilt er Þjóðkirkjunni – Biskupsstofu að áskilja að rekstrarvörur séu keyptar hjá tilteknum birgjum.
- c) Þjóðkirkjan- Biskupsstofa greiðir farsímaáskrift fyrir hvert preststarf skv. nánari reglum sem stofan setur.
- d) Kostnaður vegna bréfasendinga, sem varða preststarfið, er greiddur af Þjóðkirkjunni – Biskupsstofu.
- e) Kostnaður vegna prestsklæða greiðist með launum kr. 1.713 á mánuði.
- f) Þjóðkirkjan leggur prestum til endurgjaldslaust aðgang að hugbúnaði til algengustu vinnslu upplýsinga, s.s. ritvinnslu, töflureikni, glærugerð og skrá- og samskiptahugbúnað sé þess óskað.

3. gr.

Nú hefur prestur eða prófastur ekki aðgang að skrifstofu eða starfsaðstöðu í kirkju, safnaðarheimili, á prestssetri, eða annars staðar og skal þá Þjóðkirkjan-Biskupsstofa í samráði við viðkomandi sjá honum fyrir skrifstofurými ásamt húsgögnum. Ef skrifstofa eða starfsaðstaða er ekki búin húsgögnum skal prestur leggja þau til sjálfur og fær þá greitt mánaðarlega kr. 6.333.

Héraðsnefnd leggur héraðspresti til starfsaðstöðu á kostnað héraðssjóðs, sbr. 14 gr. starfsreglna um presta nr. 1110/2011.

4. gr.

Árlegur aksturskostnaður vegna prests- og prófastsstarfa er greiddur samkvæmt rafrænni akstursbók. Ekki er greitt fyrir akstur vegna prestsverka sem skilgreind eru í gjaldskrá, nema vegna ferminga og undirbúnings þeirra og ekki er greitt vegna aksturs á tilgreinda starfsstöð prests.

Tilgreind starfsstöð sóknarpresta, presta í prestaköllum, þ.m.t. þeirra sem hafa

viðbótarskyldur, er að jafnaði skrifstofa eða starfsaðstaða í kirkju, safnaðarheimili, á prestssetri eða annars staðar þar sem prestur þjónar. Biskup tilgreinir starfsstöð presta skv. starfsreglum þessum. Starfsstöð héraðspresta sem ekki eru sóknarprestar eða prestar í prestaköllum er þó ákvörðuð af prófasti hverju sinni.

Heimilt er að leggja prestum og próföstum til bifreið til einstakra ferða eða til lengri tíma ef það er hagkvæmara að mati Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu.

Skila skal akstursskýrslum rafrænt til Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu ársfjórðungslega, fyrir 15. dag upphafsmánaðar næsta ársfjórðungs og skal akstursgreiðsla að jafnaði innt af hendi næstu mánaðarmót á eftir. Skýrslan skal vera á því formi sem stofan ákveður. Biskup getur falið prófasti að fara yfir akstursskýrslu prests í prófastsdæminu.

5. gr.

Leggja skal prestum til hempu og kraga samkvæmt nánari ákvörðun biskups Íslands.

6. gr.

Greiðslur samkvæmt starfsreglum þessum verða einungis inntar af hendi til þeirra presta sem skila þeim skýrslum til biskups Íslands sem skylt er, sbr. 3. gr. starfsreglna um presta nr. 1110/2011, með síðari breytingum. Hafi mánaðarleg skýrsla ekki borist innan tveggja mánaða frá lokum þess mánaðar skulu greiðslur til hlutaðeigandi samkvæmt starfsreglum þessum stöðvaðar, uns úr hefur verið bætt.

7. gr.

Til að tryggja að markmiðum 1. gr. sé náð er biskupi heimilt að semja tímabundið um annað fyrirkomulag akstursgreiðslna samkvæmt 4. gr. við sérstakar aðstæður.

Þá er biskupi heimilt að veita tímabundið undanþágu frá tímamörkum þeim er greinir í 6. gr. starfsreglna þessara við alveg sérstakar aðstæður s.s. vegna veikinda eða annarra sambærilegra ástæðna.

8. gr.

Þjóðkirkjan gefur árlega út yfirlit yfir greiðslur til hvers prests og prófasts sem fær greiðslur samkvæmt starfsreglum þessum. Skal það aðskilið launaseðli.

9. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar árið 2021. Frá sama tíma falla brott starfsreglur um rekstrarkostnað prestsembætta og vegna prófastsstarfa nr. 819/1999, með síðari breytingum.

Málið var dregið til baka.

**Starfsreglur um breyting á starfsreglum
um val og veitingu prestsembættis nr. 144/2016, með síðari breytingum**

1. gr.

Í stað 1. og 2. mgr. 13. gr. starfsreglnanna koma þrjár nýjar málsgreinar sem orðast svo:
Atkvæðisbær sóknarbörn teljast þau sem skráð eru í þjóðkirkjuna í prestakalli samkvæmt þjóðskrá og eru fullra 16 ára við birtingu auglýsingar í Lögbirtingablaði um laust embætti sóknarprests eða prests í prestakalli.

Nú kemur fram ósk, innan fimm daga frá birtingu auglýsingar, a.m.k. fimm atkvæðisbærra sóknarbarna um að almenn kosning skuli fara fram í prestakalli, eftir að embætti prests hefur verið auglýst laust til umsóknar. Skal þá biskupsstofa svo skjótt sem auðið er gefa atkvæðisbærum sóknarbörnum í prestakallinu kost á því að óska eftir almennri kosningu með rafrænni undirritun. Notast skal við öruggan hugbúnað og þ. á m. nota almenna innskráningarpjónustu s.s. rafræn skilríki eða Íslykil Þjóðskrár Íslands. Skal sóknarbarn auðkenna sig á fullnægjandi hátt áður en undirritað er rafrænt. Skal vera unnt að undirrita samkvæmt framanskráðu uns umsóknarfrestur um prestsembætti rennur út.

Hafi að lágmarki fjórðungur atkvæðisbærra sóknarbarna undirritað ósk um almenna prestskosningu skal orðið við henni. Aldrei er þó þörf fleiri undirritana en fimm hundruð atkvæðisbærra sóknarbarna.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 2. mgr. 39. gr., sbr. 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

36. mál 2020-2021

Flutt af forseta kirkjuþings

Þingsályktun um brottfall ýmissa laga og réttarreglna er varða málefni þjóðkirkjunnar

Kirkjuþing 2020-2021 beinir þeim tilmælum til dómsmálaráðherra að felld verði á brott úr lagasafninu eftirfarandi lög, tilskipanir, forordning, bréf kansellíisins, kounsbréf til biskupanna, erindisbréf handa biskupum og prestastefnusamþykkt við meðferð frumvarps til nýrra þjóðkirkjulaga á Alþingi.

1. Lög um leysing á sóknarbandi nr. 9/1882.
2. Lög um innheimtu og meðferð á kirknafé nr. 20/1890.
3. Lög um umsjón og fjárhald kirkna nr. 22/1907.
4. Lög um sölu á prestsmötu nr. 54/1921.
5. Lög um Strandarkirkju og sandgræðslu í Strandarlandi nr. 50/1928.
6. Lög um bókasöfn prestakalla nr. 17/1931.
7. Lög um utanfararstyrk presta nr. 18/1931.
8. Lög um kirkju- og manntalsbækur nr. 3/1945.
9. Lög um heimild handa ríkisstjórninni til þess að afhenda þjóðkirkju Íslands Skálhóltsstað nr. 32/1963.
10. Lög um samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar nr. 12/1982.
11. Lög um Skálholtsskóla nr. 22/1993.
12. Tilskipun, er nákvæmar tiltekur það sem fyrir er mælt í reglugerð fyrir Ísland 17. júlí 1782, um tekjur presta og kirkna o.fl. frá 27. janúar 1847.
13. Tilskipun um fardaga presta á Íslandi og um réttindi þau, er prestur sá, sem frá brauði fer, eður erfingjar hans og einkum ekkjan eiga heimting á frá 6. janúar 1847.
14. Bréf kansellíisins um tilhögun á kirkjuhurðum frá 28. október 1828.
15. Tilskipun um vald biskupa til að veita undanþágur frá fermingartilskipunum frá 23. mars 1827.
16. Tilskipun um ráðstafanir til viðrholds á eignum kirkna og prestakalla á Íslandi, og því, sem þeim fylgir frá 24. júlí 1789.
17. Tilskipun um heimaskírni barna frá 27. júlí 1771.
18. Prestastefnusamþykkt um sjúkravitjanir presta og aukatekjur frá júlí 1764.
19. Tilskipun um ferminguna frá 25. maí 1759.
20. Erindisbréf handa biskupum frá 1. júlí 1746.
21. Tilskipun um húsvitjanir frá 27. maí 1746.
22. Tilskipun um tilhlýðilegt helgihald sabbatsins og annarra helgra daga á Íslandi frá 29. maí 1744.
23. Konungsbréf (til biskupanna) um confirmation frá 29. maí 1744.
24. Forordning áhrærandi uppvaxandi ungdómsins confirmation og staðfesting í hans skírarnáð frá 13. janúar 1736.

Nefndarálit löggjafarnefndar

Löggjafarnefnd hefur fjallað um málið.

Nefndin tekur undir með flutningsmanni að mörg ákvæðanna, sem talin eru upp í málinu, séu löngu úrelt og hafi, samkvæmt tilgangi sínum, verið efnd. Nefndin tekur einnig undir þá ábendingu í greinargerðinni að ef kirkjuþingsfulltrúar telji að eitthvað sé í þeim lagaákvæðum eða réttarreglum, sem lagt er til að falli brott, eigi heima í regluverki kirkjunnar, þá ætti það að vera verkefni fyrir forseta þingsins og fastanefndir þess að koma slíku fyrir í starfsreglum kirkjuþings.

Í umræðum um málið kom fram að nauðsynlegt sé að varðveita þá kirkjusögu sem felst í þessum gömlu réttarheimildum. Löggjafarnefnd leggur áherslu á að það verði gert. Enn fremur leggur nefndin áherslu á að sveitarfélögum verði áfram skylt að leggja til ókeypis lóðir undir kirkjur og undanskilja þær gatnagerðargjaldi.

Löggjafarnefnd leggur til að kirkjuþing samþykki málið á þingskjali 36 óbreytt.

37. mál 2020-2021

Flutt af biskupi Íslands

**Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um
skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum**

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. starfsreglnanna:

1. gr.

Vesturlandsprófastsdæmi:

- a. Gilsbakka- og Reykholtssóknir í Reykholtsprestakalli sameinist. Heiti hinnar nýju sóknar verði Reykholtssókn.
- b. Dagverðarness- og Staðarfellssóknir í Dalaprestakalli sameinist. Heiti hinnar nýju sóknar verði Staðarfellssókn.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 50. gr., sbr. 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi með eftirfarandi hætti: Ákvæði a-liðar 1. gr. gildir frá birtingu en ákvæði b- og c-liðar 1. gr. gildir frá 30. nóvember 2020.

38. mál 2020-2021

Flutt af löggjafarnefnd

**Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um aðgerðir gegn einelti,
kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota
innan þjóðkirkjunnar nr. 330/2019**

1. gr.

Í stað orðanna „þóknananefndar kirkjunnar“ í 13. gr. starfsreglnanna kemur: biskups Íslands.

2. gr.

14. og 15. gr. starfsreglnanna falla brott, ásamt fyrirsögnum.

3. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

39. mál 2020-2021

Flutt af löggjafarnefnd

**Starfsreglur um breytingu á starfsreglum
um prófaste nr. 966/2006, með síðari breytingum**

1. gr.

Í stað orðsins „Ríkisendurskoðunar“ í 2. mgr. 17. gr. starfsreglnanna kemur: kjörinna endurskoðenda.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

40. mál 2020-2022

Flutt af fjárhagsnefnd

**Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um prestssetur
og aðrar fasteignir kirkjunnar nr. 950/2009, með síðari breytingum**

1. gr.

3. mgr. 21. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Leiga prestssetra í eigu kirkjunnar skal ekki vera lægri en kr. 52.000 á mánuði og ekki hærri en kr. 108.000 og tekur sú fjárhæð breytingum árlega samkvæmt neyslúvísitölu. Um leigu fyrir aðrar eignir skal samið.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Nefnarálit löggjafarnefndar

Löggjafarnefnd hefur fjallað um málið og leggur til að það verði samþykkt.

41. mál 2020-2021
Flutt af kirkjuráði

Tillaga til þingsályktunar um ársreikninga kirkjumálasjóðs og Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu

Kirkjuþing 2020-2021 samþykkir endurskoðaða ársreikninga kirkjumálasjóðs vegna ársins 2019 og ársreikning Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu vegna ársins 2020.

Greinargerð.

Á kirkjuþingi 2020-2021 í nóvember sl. voru eftirfarandi ársreikningar samþykktir með 2. máli kirkjuþings um fjármál þjóðkirkjunnar:

Ársreikning Kirkjumálasjóðs fyrir árið 2018

Ársreikning Jöfnunasjóðs fyrir árið 2018.

Ársreikning Jöfnunarsjóðs sókna fyrir árið 2019.

Ársreikning Kristnisjóðs fyrir árið 2019.

Ársreikning þjóðkirkjunnar fyrir árið 2019.

Ársreikningur kirkjumálasjóðs vegna ársins 2019 og Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu 2020 höfðu ekki borist kirkjuþingi þegar ofangreindir ársreikningar voru til umfjöllunar á kirkjuþingi 2020-2021. Nú eru þeir tilbúnir og því nauðsynlegt að fjalla um þá og afgreiða með sérstakri þingsályktun.

Nefndarálit fjárhagsnefndar:

Á fund fjárhagsnefndar kom settur fjármálastjóri Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu, Ásdís Clausen, sem fór yfir ársreikninginn með nefndinni. Nefndin þakkar henni og starfsfólki fjármálasviðs vel unnin störf en óvenjulegt er að ársreikningur næstliðins árs sé fram kominn svo snemma.

Nefndin vekur athygli á að launaliður Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu er 80% af heildartekjum hennar. Heildartekjur eru 3,727 ma.kr. en laun og launakostnaður er 2,962 ma.kr., þannig að eftir standa aðeins 765 m.kr. í annan rekstur s.s. jöfnunarstyrki til sókna.

Rekstrartap ársins 2020 er 650 m.kr. og fjárhagsnefndin vekur athygli á því að ársreikningur Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu 2020 lýsir grafalvarlegri fjárhagsstöðu. Það er mjög mikilvægt að tafarlaust sé leitað allra leiða til hagræðingar í rekstri. Nefndin leggur til að fjárhagsáætlun ársins 2021 sem og fimm ára fjárhagsáætlun verði endurskoðaðar og kynntar kirkjuþingi á haustþingi 2021.

Fjárhagsnefnd kirkjuþings leggur til að kirkjuþing 2020-2021 samþykki ársreikning Kirkjumálasjóðs 2019 og ársreikning Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu 2020 með þingsályktun á þskj. 97.

Gísli Gunnarsson var fjarverandi.

Þingsályktun
um ársreikninga kirkjumálasjóðs og Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu

Kirkjuþing 2020-2021 samþykkir endurskoðaða ársreikninga kirkjumálasjóðs vegna ársins 2019 og ársreikning Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu vegna ársins 2020.

Þingsályktun um skipun starfskostnaðarnefndar kirkjuþings vegna prests- og prófastsþjónustu

Kirkjuþing 2020-2021 ályktar að skipa þriggja manna nefnd til að endurskoða starfsreglur um starfskostnað vegna prestsþjónustu og prófastsstarfa.

Greinargerð.

Biskup Íslands lagði fram mál á kirkjuþingi 2020–2021, 34. mál, tillögu að starfsreglum um starfskostnað vegna prestsþjónustu og prófastsstarfa. Í greinargerð með málinu segir: „Tekið verði upp nýtt kerfi sem miðað verði við að greiðslur nái einungis til þess kostnaðar sem raunverulega er stofnað til og eins til að tryggja að enginn prestur beri sjálfur kostnað af þjónustu sinni. Er gert ráð fyrir að ná megi hagræðingu vegna kostnaðar við þjónustu presta, m.a. með því að nýta hagstæða innkaupasamninga Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu.“ Fyrri umræða um málið hefur farið fram og var því vísað til fjárhagsnefndar kirkjuþings. Samtal hefur átt sér stað milli flutningsmanns og fulltrúa Prestafélags Íslands um málið. Prestafélagið fellst á, fyrir sitt leyti, að sú breyting sem lögð er til í 34. máli, að rekstrarkostnaður vegna síma verði greiddur af Þjóðkirkjunni, gangi í gegn nú, í stað þess að greiða prestum tiltekna fjárhæð sem kemur fram á launaseðli. Prestafélagið leggst að öðru leyti gegn því að málið fái afgreiðslu óbreytt að svo stöddu þar sem það geti falið í sér kjararárþunni hjá prestum, á sama tíma og verið sé að vinna að gerð nýs kjarasamnings Prestafélagsins og Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu. Ósk Prestafélagsins er sú að heildarendurskoðun á fyrirkomulagi starfskostnaðar eigi sér stað á gildistíma væntanlegs kjarasamnings, þ.e. til loka árs 2022, þannig að kostur gefist á að athuga málið heildstætt við undirbúning næsta kjarasamnings á eftir. Þannig verði endurskoðað fyrirkomulag á greiðslum starfskostnaðar innleitt frá og með 1. janúar 2023. Gera megi þó tiltekna breytingar á tímabilinu á kirkjuþingum 2020–2021 og 2021–2022, eftir nánara samkomulagi. Í því sambandi eru aðilar sammála um að prestar skuli hefja færslu rafrænna akstursbóka sem sendar verði biskupsstofu reglulega til að fá yfirsýn og reynslutölur um það hver greiðsluskyldur akstur vegna prests- og prófastsþjónustu er. Þar er litið til þess að akstur í þágu þjónustunnar sé almennt greiddur samkvæmt kílómetragjaldi. Akstur er þó ekki greiddur vegna þeirra aukaverka sem þjónustuþegar eiga að greiða samkvæmt gjaldskrá um greiðslur fyrir prestsþjónustu þjóðkirkjunnar nr. 933/2020. Þá er almenn regla sú að starfsfólki er ekki greitt fyrir daglegan akstur á vinnustað. Fylgir með 34. máli, yfirlit yfir það hvað telst vinnustaður presta í því sambandi. Í einhverjum tilvikum geta komið upp vafatilvik en leitast verður við að leysa úr slíku með samkomulagi. Heppilegt er að nefnd, sem hefur umboð kirkjuþings, handhafa fjárstjórnarvalds kirkjunnar, vinni að málinu. Gert er ráð fyrir að nefndin verði skipuð prest og tveimur leikmönnum og sé annar leikmannanna formaður nefndarinnar. Með hliðsjón af því, sem rakið hefur verið, mun biskup draga 34. mál til baka. Með málinu fylgir kostnaðaráætlun, fskj. nr. 1.

Nefndarálit fjárhagsnefndar

Fjárhagsnefnd hefir fjallað um málið og leggur til að tillagan verði samþykkt.

43. mál 2020-2021

Flutt af Steindóri R. Haraldssyni

**Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um
val og veitingu prestsembætta nr. 144/2016, með síðari breytingum**

1. gr.

16. töluliður 1. mgr. 3. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Að nöfn umsækjenda verði birt á opnum vef þjóðkirkjunnar að liðnum umsóknarfresti, hafi ekki verið óskað nafnleyndar. Nafnleynd umsækjenda á ekki við þegar um almennar prestskosningar er að ræða sbr. 13. gr. starfsreglnanna.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Nefndarálit allsherjarnefnd

Allsherjarnefnd hefur fjallað um málið og leggur til að tillagan verði samþykkt.

Ólöf Margrét Snorradóttir, Árný Herbertsdóttir, Kolbrún Baldursdóttir og Guðbjörg Arnardóttir sátu hjá við afgreiðslu málsins.

**Starfsreglur um breytingu á starfsreglum
um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009, með síðari breytingum**

1. gr.

Við 13. gr. starfsreglnanna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Forsætisnefnd metur hvort mál er þingtækt. Skal sérstaklega litið til þess hvort mál eigi undir valdsvið kirkjuþings og eins hvort mál hafi fengið umfjöllun eða úrlausn biskups, kirkjuráðs eða annarra aðila sem mál kann að varða. Þá metur forsætisnefnd hvort mál hafi fengið nægilega kynningu og samráð innan kirkjunnar eða fyrir öðrum sem málið kann að varða, þannig að um það megi fjalla. Forsætisnefnd gætir þess að kostnaðaráætlun máls sé raunhæf. Forsætisnefnd gefur kost á því að úr annmörkum sé bætt, ef við á, en vísar ella máli frá, ef það uppfyllir ekki framangreind skilyrði.

2. gr.

3. mgr. 14. gr. orðast svo:

Sérhvert þingmál skal vera til kynningar í opinni samráðsgátt á vef kirkjunnar í að minnsta kosti tvær vikur eftir að það hefur borist forseta. Forseti getur lengt þann frest teljist mál varða mikla hagsmuni, mál er flókið eða umfangsmikið. Í samráðsgáttinni skal gefinn kostur á framlagningu umsagnar sem sé að jafnaði birt. Við lok kynningar er flutningsmönnum heimilt að gera breytingar á þingmáli innan viku og senda forseta þá nýtt eintak. Heimilt er forsætisnefnd að samþykkja að birt séu í samráðsgátt áform um þingmál til kynningar samkvæmt framanskráðu. Þegar þingmál eru komin í endanlegt horf skulu þau svo skjótt sem auðið er birt öllum kirkjuþingsmönnum og þeim sem seturétt eiga á þinginu samkvæmt 1. mgr. 25. gr.

3. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Nefndarálit löggjafarnefndar:

Löggjafarnefnd hefur fjallað um málið.

Nefndin telur rétt að forsætisnefnd setji verklagsreglur um það með hvaða hætti þingmál skuli kynnt og hvað teljist nægjanlegt kynning.

Nefndin leggur til að málið verði samþykkt.

45. mál 2020-2021.

Flutt af biskupi Íslands

**Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um
starfskostnað vegna prestsþjónustu og prófastsstarfa nr. 932/2020**

1. gr.

Í stað „187.131“ í 1. málsl. 2. mgr. 1. gr. komi: 39.087.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. maí 2021.

Nefndarálit fjárhagsnefndar

Fjárhagsnefnd hefur fjallað um málið og leggur til að tillagan verði samþykkt.

Gísli Gunnarsson, Hreinn Hákonarson og Gunnlaugur Garðarsson sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Þingsályktun um frekari stefnumótun þjóðkirkjunnar

Kirkjuþing 2020-2021 samþykkir að halda áfram með vinnu við stefnumótun þjóðkirkjunnar sem hófst í upphafi árs. Kirkjuráð hafi verkstjórnina áfram á hendi og fylgi málinu eftir.

Greinargerð.

Á kirkjuþingi 2019 voru lagðar fram tillögur sem snérust um að kirkjuþing samþykkti að hefja aftur vinnu við stefnumótun þjóðkirkjunnar annars vegar og hins vegar að kirkjuþing samþykkti að farið yrði í gerð sviðsmynda fyrir þjóðkirkjuna (27. og 29. mál). Tillögurnar voru sameinaðar í eitt mál þar sem þær þóttu náskyldar og hinu sameinaða máli gefið nafnið Tillaga til þingsályktunar um undirbúning að stefnumótun fyrir þjóðkirkjuna. Tillagan sem var samþykkt fól í sér að kirkjuráði var falið að hefja vinnu að undirbúningi að stefnumótun fyrir þjóðkirkjuna og ráðningu utanaðkomandi ráðgjafa/ráðgjafafyrirtæki til að meta núverandi stðu þjóðkirkjunnar varðandi skipulag, rekstur og stjórnarsýslu.

Á 319. fundi kirkjuráðs, 5. nóvember 2020, samþykkti kirkjuráð að fela dr. Bjarna Snæbirni Jónssyni, til að hefja undirbúning að stefnumótun fyrir þjóðkirkjuna. Kirkjustarfshópi var falið að fylgja málinu eftir og kalla sér til ráðuneytis allsherjarnefnd kirkjuþings. Framkvæmdastjóri kirkjuráðs boðaði til fyrsta fundar þar sem stýrihópur var skipaður en hópurinn hefur nú fundað 13 sinnum en hans helsta hlutverk hefur verið að undirbúa Stefnumótunarfund þjóðkirkjunnar, fund sem haldinn var 6. febrúar síðastliðinn.

Kallaður var til breiður hópur fólks sem starfar að málefnum þjóðkirkjunnar en við skipun hópsins var m.a. litið til aldurs- og kynjasjónarmiða, þess að hafa leikmenn í meirihluta auk þess sem hugað var að landshlutadreifingu. Til umræðu voru tvær spurningar. Annars vegar hvað við teljum nauðsynlegt að einkenni starfsemi þjóðkirkjunnar í náinni framtíð, horft frá innra starfi og út frá viðhorfi til þjónustu og stöðu í samfélaginu. Hins vegar var rætt um mikilvægustu viðfangsefnin í náinni framtíð til þess að ná meginmarkmiðum, efla starfsemina og bregðast við þróun og breytingum í samfélagi og starfsumhverfi þjóðkirkjunnar. Stefnumótunarfundur þjóðkirkjunnar tókst vel til en alls mættu 96 fundargestir til fundarins.

Nokkur stór sameiginleg forgangsmál komu skýrt fram hjá flestum umræðuhópum, þau voru sett upp í sjö flokka. Farið var þess á leit að biðja fundargesti um að velja þrjú af sjö forgangsmálum sem þau töldu mikilvægast að yrðu fremst í forgangs röðuninni. Málin sjö verða hér tilgreind í þeirri röð sem fundargestir gáfu mest vægi:

- 1) Efla og bæta æskulýðsstarf.
- 2) Endurskoða stjórnskipun kirkjunnar.
- 3) Efla til muna kynningarstarf.

- 4) Tryggja fjárhagslegt öryggi og gæta að ráðdeild.
- 5) Efla mannauð kirkjunnar.
- 6) Efla stuðning við einstaka þætti í starfsemi söfnuða.
- 7) Efla aðsókn að kirkjunni.

Ljóst er að málefnin eru brýn og mikilvægt er að lokið verði við stefnumótun þjóðkirkjunnar sem þegar er hafin. Gera má ráð fyrir því að vinna dr. Bjarna Snæbjörns muni jafnframt fela í sér mat á núverandi stöðu þjóðkirkjunnar varðandi skipulag og stjórnslu.

Kostnaður við verkið er talinn nema kr. 4.007.862,- en kostnaðurinn rúmast innan þess kostnaðar sem gert var ráð fyrir vegna sameinaðs máls 27. og 29. máls kirkjuþings og ætti því ekki að fela í sér útgjöld umfram það sem þegar hefur verið gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun 2021.

Málið var samþykkt á kirkjuþingi 2020-2021 eftir fyrri umræðu.

47. mál 2020-2021
Flutt af kirkjuráði

Þingsályktun um breytingu á heiti Fjölskylduþjónustu kirkjunnar

Kirkjuþing 2020-2021 samþykkir að heiti Fjölskylduþjónustu kirkjunnar verði breytt í Fjölskyldu- og sálgæsluþjónusta kirkjunnar.

Málið var samþykkt á kirkjuþingi 2020-2021 eftir fyrri umræðu.

48. mál 2020-2021
Flutt af kirkjuráði

**Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um
Fjölskylduþjónustu kirkjunnar. nr. 951/2009, með síðari breytingum**

1. gr.

Í stað orðsins Fjölskylduþjónusta í heiti starfsreglnanna kemur Fjölskyldu- og sálgæsluþjónusta.

2. gr.

- a) Í stað orðanna „Fjölskylduþjónusta kirkjunnar“ í 1., 3. og 4. gr. starfsreglnanna kemur: Fjölskyldu- og sálgæsluþjónusta kirkjunnar í viðeigandi beygingarfalli.
- b) Í stað orðsins „Fjölskylduþjónustunni“ í 1. og 6. gr. kemur: Fjölskyldu- og sálgæsluþjónustunni.
- c) Í stað orðsins „stofnunarinnar“ í 4. og 5. gr. kemur: þjónustunnar.

3. gr.

3. málslíður 4. gr. starfsreglnanna fellur brott.

4. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Málið var samþykkt á kirkjuþingi 2020-2021 eftir fyrri umræðu.

49. mál 2020-2021

Flutt af kirkjuráði

Þingsályktun um innra eftirlit og áhættugreiningu

Kirkjuþing 2020-2021 samþykkir að fela kirkjuráði að koma á innra eftirliti og áhættugreiningu varðandi fjárfestingar, í samræmi við drög að heildstæðri eignastefnu sem kynnt var á kirkjuþingi 12. mars 2021. Kirkjuþingi verði kynnt nýtt verklag við innra eftirlit og áhættugreiningu haustið 2021.

Málið var samþykkt á kirkjuþingi 2020-2021 eftir fyrri umræðu.

Kosningar á kirkjuþingi 2020-2021

Kjaranefnd kirkjunnar (5. mál)

Kjaranefnd kirkjunnar er skipuð þremur aðalmönnum og þremur til vara, sem kosnir eru til fjögurra ára í senn. Kirkjuþing ákveður hver skuli vera formaður kjaranefndarinnar, auk þess sem kosinn skal varaformaður.

Aðalmenn:

Guðrún Zoëga, verkfræðingur, formaður
Anna Mjöll Karlsdóttir, lögfræðingur
Einar Karl Haraldsson, ráðgjafi

Varamenn.

Inga Rún Ólafsdóttir, forstöðumaður kjarasviðs Samb. ísl. sveitarf., varaformaður
Guðmundur Einarsson, fyrrv. framkvæmdastjóri
Gunnar Þór Ágeirsson, endurskoðandi

Úthlutunarnefnd (6. mál)

Kirkjuþing kýs nefnd til fjögurra ára sem úthlutar styrkjum skv. 2. mgr. 5. gr. Kjósa skal þrjú aðalmenn og þrjú varamenn, sem taka sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir til. Kirkjuþing ákveður hver er formaður nefndarinnar og varaformaður.

Aðalmenn:

Sr. Gísli Jónasson, prófastur
Valgerður Sverrisdóttir, fyrrv. ráðherra
Guðmundur Jóhann Jónsson, forstjóri

Varamenn.

Sr. Þuríður Björg Wium Árnadóttir
Guðrún Hafsteinsdóttir, framkvæmdastjóri
Jón Sigurðsson, fyrrv. ráðherra

Nefnd um kosningareglur (27. mál)

Kirkjuþing 2020-2021 ályktar að kjósa þriggja manna nefnd til að endurskoða starfsreglur um kjör til kirkjuþings og starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa og semja tillögur að nýjum starfsreglum.

Margrét Eggertsdóttir
Bryndís Malla Elíadóttir
Einar Már Sigurðarson

Nefnd um fasteignir (33. mál)

Kirkjuþing 2020 samþykkir að skipa starfshóp þriggja fulltrúa til að fara yfir stöðu fasteigna þjóðkirkjunnar og gera tillögur um nánari útfærslu fasteignastefnu hennar og þá sérstaklega hvað varðar 1. og 2. grein.

Stefán Magnússon, bóndi
Sr. Þuríður Björg Wium Árnadóttir
Sr. Gísli Gunnarsson

VIÐAUKI

MÁL Í VINNSLU HJÁ NEFNDUM

Hjá allserjarnefnd:

4. mál. Tillaga til þingsályktunar um samskipta- og siðareglur þjóðkirkjunnar

Hjá fjárhagsnefnd:

13. mál. Tillaga til þingsályktunar um kaup og sölu fasteigna

Hjá löggjafarnefnd:

17. mál. Tillaga að starfsreglum um ráðningu í prestsstörf

22. mál. Tillaga að starfsreglum um Skálholtsstað

Kirkjuþing 2020-2021.

4. mál-þskj. 4.

T I L L A G A
til þingsályktunar um samskipta- og siðareglur þjóðkirkjunnar.
(Lagt fyrir 60. kirkjuþing 2020-2021).

Flutt af biskupi Íslands.
Frsm. Agnes M. Sigurðardóttir.

Kirkjuþing 2020-2021 samþykkir eftirfarandi:

Samskipta- og siðareglur þjóðkirkjunnar.

1. gr.

Reglur þessar gilda um fólk í launuðum og ólaunuðum störfum hjá þjóðkirkjunni, þó ekki fólk í vígðri þjónustu, um fólk í trúnaðarstörfum og um kjörna fulltrúa.

2. gr.

Þeir sem reglur þessar ná til, gæta að því fyrir sitt leyti að fylgja reglunum í öllum störfum sínum fyrir þjóðkirkjuna. Stjórnendur skulu gæta þess að þeim sé kunnugt um reglurnar og að þær séu aðgengilegar á vef þjóðkirkjunnar, www.kirkjan.is.

3. gr.

Samskipta- og siðareglurnar eru ekki tæmandi lýsing á góðum starfsháttum. Þær skal skoða í samhengi við sértækari viðmið og reglur, svo sem heilræði fyrir starfsfólk og sjálfboðaliða í barna- og unglíngastarfi þjóðkirkjunnar og gildandi verklag í viðkvæmum aðstæðum. Hverjum og einum ber að nota dómgreind sína í samræmi við aðstæður hverju sinni.

4. gr.

Þeir, sem reglur þessar ná til, ber að:

1. Gera sér far um að mæta hverjum einstaklingi í kærleika Krists með virðingu eftir því sem skilningur og samviska bjóða hverju sinni og láta sér annt um líðan og velferð annarra.
2. Rækja störf sín af vandvirkni, samviskusemi og heiðarleika og gæta þess að orð og athæfi samrýmist starfi og umhverfi, stað og stund.
3. Veita þeim, sem til þeirra leita, alla nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar.
4. Virða þagnarskyldu um hvað eina sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og leynt skal fara skv. fyrirmælum eða eðli máls. Þagnarskyldan gildir bæði utan og innan þjóðkirkjunnar og gildir áfram, þó viðkomandi láti af þjónustu fyrir þjóðkirkjuna.
5. Gæta þess að vanvirða ekki tilfinningar og tiltrú skjólstæðinga sinna.
6. Gæta þess að fara ekki í manngreinaralit og veita þeim þjónustu sem leita eftir henni.

7. Sýna trú og siðum annarra umburðarlyndi og virðingu og sýna forstöðumönnum og prestum annarra trúfélaga, kirkjudeilda og skráðra lífsskoðunarfélaga virðingu.
8. Misnota aldrei aðstöðu sína, stofna til óviðeigandi sambands eða ógna velferð skjólstæðings, svo sem með óviðeigandi hegðun, orðfæri, viðmóti, kynferðislegri eða annars konar áreitni. Einelti, kynferðisleg áreitni og kynbundin áreitni, sem og annað ofbeldi af einhverju tagi er ekki liðið innan þjóðkirkjunnar.
9. Gæta ávallt að því að mörk einstaklinga geta verið mismunandi.
10. Vera ávallt upplýst um lög og reglur, sem gilda um börn og unglinga og að skylt sé að tilkynna barnaverndaryfirvöldum ef ætla má að barn búi við óviðeigandi aðstæður eða sé þolandi ofbeldis.
11. Gæta varfærni og hlífðar í samskiptum við börn og skjólstæðinga í viðkvæmum aðstæðum.
12. Virða skoðana – og tjáningarfrelsi.
13. Þekkja og virða takmörk sín.
14. Vinna gegn sóun hvers kyns auðlinda.
15. Sýna ábyrgð og trúmennsku í meðferð fjármuna.
16. Stuðla að góðum samskiptum á vinnustað og láta samstarfsfólk njóta sannmælis og sanngirni.
17. Gæta virðingar í umtali um samstarfsfólk og aðra þá sem reglur þessar ná til.
18. Fordast hagsmunaaðrekstra og standa vörð um óhlutdrægni og faglegt sjálfstæði.
19. Gæta þess að notfæra sér ekki vitneskju eða tengsl sem verða til á vettvangi þjónustunnar í ábata- eða hagsmunaskyni.
20. Fordast að hafast nokkuð það að í starfi sínu eða utan þess sem er því til vanvirðu eða álitshnekkis.
21. Gæta að orðspori vinnustaðarins í samskiptum utan vinnu.
22. Hlýða löglegum fyrirmælum stjórnenda um starf sitt, skila skýrslum tímanlega sem skila á, sem og að hlíta breytingum á störfum sínum og verksviði.
23. Gæta ávallt hófs í umgengni við áfengi og vera öðrum fyrirmynd í þeim efnum.
24. Neyta hvorki áfengis né annarra vímuefna í skipulögðu æskulýðsstarfi og í ferðum með börnum og ungmönnum.
25. Takast ekki á hendur starf eða krefjandi nám samhliða vinnu, nema með samþykki yfirmanns.
26. Gæta ávallt að gildandi reglum þjóðkirkjunnar um persónuvernd, tölvu-, net og tölvupóstsnotkun.

5. gr.

Alvarlegeðaítrekuðbrotásiðareglunumgetaleitttilendurskoðunararáðningarsambandi eða skipun til trúnaðarstarfa.

6.

Í ráðningarsamningum og skipunarbréfum skal tekið fram að gildandi samskipta- og siðareglur þjóðkirkjunnar hverju sinni séu bindandi fyrir viðkomandi.

7. gr.

Hver sá, sem telur að framangreindar siðareglur hafi verið brotnar getur, eftir eðli máls, leitað til:

- a) úrskurðarnefndar Þjóðkirkjunnar, sbr. 12. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 og starfsreglur um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd Þjóðkirkjunnar nr. 730/1998
- b) teymis Þjóðkirkjunnar, sbr. starfsreglur um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan Þjóðkirkjunnar nr. 330/2019.
- c) biskups Íslands
- d) eða kært eftir atvikum til lögreglu.

8. gr.

Reglur þessar takmarka ekki rétt til að bera mál undir dómstóla.

9. gr.

Reglur þessar öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma breytist heiti „Siðareglna vígðra Þjóna og annars starfsfólks Þjóðkirkjunnar“ í Siðareglur vígðra Þjóna Þjóðkirkjunnar.

Greinargerð.

Miklar breytingar hafa átt sér stað á stöðu Þjóðkirkjunnar á undanförunum mánuðum, allt frá því að undirritaður var þann 6. september 2019 „Viðbótarsamningur íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar um endurskoðun á samkomulagi um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna Þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997 og samningi íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar um rekstrarkostnað vegna prestembætta og prófaste, rekstrarkostnað biskupsstofu, framlag til Kristnisjóðs og sérframlög til Þjóðkirkjunnar frá 4. september 1998.“

Unnið hefur verið að einföldun löggjafar um kirkjuna og stefnt að aukinni ábyrgð kirkjunnar sjálfrar á fjármálum sínum og skipulagi. Enn fremur hefur réttarstöðu starfsfólks biskupsstofu (nú Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu) verið breytt á þann veg að frá og með 1. janúar 2020, gilda ekki lengur lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 um það starfsfólk. Frá þeim tíma telst það til starfsfólks á almennum vinnumarkaði og munu allir taka laun samkvæmt almennum kjarasamningum og ráðningarsamningum. Unnið hefur verið að innleiðingu þessara breytinga.

Þá féllu brott ákvæði í lögum um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, þann 23. júlí 2020, sem mæltu fyrir um að stjórnvöld kirkjunnar skyldu sinna störfum sínum á grundvelli stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Það hefur m.a. þau áhrif að skoða þarf hæfisreglur fyrir kirkjuþing o.fl. Talið er af þessu tilefni rétt að endurskoða nágildandi siðareglur starfsfólks þessa.

Biskup Íslands hefur unnið tillögur þessar að nýjum samskipta- og siðareglum fyrir fólk í launuðum og ólaunuðum störfum hjá Þjóðkirkjunni, að frátöldum vígðum Þjónum, þ.m.t.

fyrir fólk í trúnaðarstörfum og kjörna fulltrúa og leggur það fram á kirkjuþingi 2020 – 2021. Við samningu tillagnanna er haft í huga að reglurnar tryggi, eins og kostur er, að því megi treysta að kirkjan vinni af ábyrgð og heilindum og að trúverðugleiki ríki í hvívetna. Einnig er áhersla lögð á það að reglurnar verði hluti af gagnkvæmu starfssambandi kirkjunnar og hlutaðeigandi starfsmanns eða trúnaðarmanns, hvort heldur um ráðningarsamning til starfs er að ræða, kosningu til trúnaðarstarfa eða skipun í nefnd. Af þessu leiðir að athuga þarf einnig starfsreglur um þingsköp kirkjuþings og endurskoða með tilliti til þess að ekki komi til hagsmunaárekstra. Má þar m.a. benda á til hliðsjónar siðareglur Alþingismanna sem komu til framkvæmda á 146. löggjafarþingi árin 2016 – 2017.

Leitað hefur verið ráðgjafar og samstarfs við Siðfræðistofnun um samningu framangreindra tillagna að samskipta- og siðareglum.

Fylgiskjal með tillögu þessari eru Siðareglur fyrir alþingismenn.

Kirkjuþing 2020-2021.
13. mál - þskj. 13.

T I L L A G A
til þingsályktunar um kaup og sölu fasteigna.
(Lagt fyrir 60. kirkjuþing 2020-2021).

Flutt af kirkjuráði.
Frsm. Stefán Magnússon.

Kirkjuþing 2020-2021 heimilar sölu eftirtaldrar fasteignar í eigu Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu:

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.
Syðra-Laugaland.
Brúnir.
Heimildarákvæði um sölurnar gildir fram að kirkjuþingi 2022.

Greinargerð.

Kirkjuráð samþykkti á fundi sínum 11. mars 2020 að óska eftir söluheimild fyrir jörðina Syðra-Laugaland.

Í 36. máli kirkjuþings 2019 samþykkti kirkjuþing tillögu kirkjuráðs um að felld yrði brott skylda til að leggja til prestsbústað á Laugalandi í Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi. Með brottfalli skyldu til að halda úti prestssetri fellur einnig brott búsetuskylda prests á prestssetrinu, sbr. 2. mgr. 42. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum. Þykir því rétt að afla heimildar kirkjuþings til sölu jarðarinnar.

Á 314. fundi kirkjuráðs var samþykkt að óska eftir söluheimild fyrir jörðina Brúnir sem er aðliggjandi jörð Syðra-Laugalands. Í ljósi þess þykir rétt að fengin sé heimild kirkjuþings til sölu jarðarinnar svo kirkjuráð fái það svigrúm að meta hvort rétt sé að selja jarðirnar saman.

T I L L A G A
að starfsreglum um ráðningu í prestsstörf.

Flutt af Bryndísi Möllu Elíadóttur, Skúla S. Ólafssyni, Hreiðari Erni Zoëga Stefánssyni,
Örnu Grétarsdóttur, Guðrúnu Karls Helgudóttur og Hildi Ingu Rúnarsdóttur.
Frsm. Bryndís Malla Elíadóttir.

1. gr.

Lagagrundvöllur.

Biskup Íslands ræður, á grundvelli laga um stöðu stjórn og starfshætti kirkjunnar 78/1997, með síðari breytingum, í störf sóknarpresta, presta, héraðspresta og sérþjónustupresta þjóðkirkjunnar.

2. gr.

Þarfagreining á prestakalli.

Biskup Íslands undirbýr auglýsingu preststarfs með því að kalla eftir að sóknar-nefnd/ sóknarnefndir vinni ítarlega þarfagreiningu prestakalls og/eða héraðsnefndir vegna starfs héraðspresta. Biskup sendir viðkomandi sóknarnefnd/sóknarnefndum leiðbeiningar varðandi gerð þarfagreiningar. Prófastur stýrir þessari vinnu. Þarfagreining fylgir með auglýsingu fyrir viðkomandi prestsstarf.

Þar sem sóknir eru fleiri en ein tekur fulltrúi hvernar sóknar þátt í gerð þarfagreiningar í hlutfalli við fjölda sóknarbarna. Biskup Íslands setur vinnureglur um nánari útfærslu á því fyrirkomulagi.

Niðurstaða þarfagreiningar skal borin undir sóknarnefndir og frestur gefinn til að gera athugasemdir. Vinna við gerð þarfagreiningar taki að hámarki tvær vikur.

3. gr.

Gerð þarfagreiningar.

Þarfagreining innihaldi:

- a) Lýsingu á prestakallinu og sóknum þess, ef um er að ræða embætti sóknarpresta eða presta.
- b) Lýsingu á umfangi prestsþjónustunnar, starfsaðstöðu o.fl. er varðar hið kirkjulega starf.
- c) Val eftirtalinna þátta, sem liggja fyrir á matsblaði, sem biskupstofa hefur unnið, sbr. 1. mgr. 2. gr.:
 - Barna og æskulýðsstarf.
 - Fjölmennung.
 - Fræðsla.
 - Helgihald.

- Kærleikþjónusta.
- Leiðtogahlutverk.
- Predikun.
- Tengsl.
- Öldrunarþjónusta.
- Annað.

4. gr.

Auglýsing um laus prestsstörf.

Biskup Íslands auglýsir laust prestsstarf og skal umsóknarfrestur ekki vera skemmri en tvær vikur frá birtingu auglýsingar. Sæki enginn um starfið skal það auglýst að nýju að jafnaði innan þriggja mánaða frá birtingu fyrri auglýsingar.

Í auglýsingu skal a.m.k. eftirtalið koma fram:

1. Niðurstöður þarfagreiningar, sbr. 2. og 3. gr.
2. Frá hvaða tíma ráðið er í starfið.
3. Að umsækjendur leggi fram prófskírteini og staðfestingu um að viðkomandi hafi lokið starfsþjálfun. Einnig vottorð um aðra menntun og þjálfun sem nýtist í starfi.
4. Upplýsingar um starfsferil og annað það sem umsækjendur telja nauðsynlegt að fram komi.
5. Umsækjendur skili greinargerð, að hámarki 500 orð, um framtíðarsýn og væntingar er varða þjónustuna.
6. Að umsækjandi skuli leggja fram sakavottorð.
7. Hvenær umsóknarfrestur um embættið renni út.
8. Hver veiti nánari upplýsingar um starfið, starfskjör, erindisbréf og helstu lög og reglur sem um starfið gilda.
9. Hvort prestssetur fylgi starfinu.
10. Að sótt skuli um starfið á þar til gerðu eyðublaði biskupsstofu.
11. Að skylt er, sé þess óskað, að veita almenningi aðgang að upplýsingum um nöfn og starfsheiti umsækjenda þegar umsóknarfrestur er liðinn.

5.gr.

Tálmanir á ráðningu.

Óheimilt er að ráða til starfa einstakling til að sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldri, sem hlotið hefur refsídóm vegna brota á eftirtöldum lagabálkum:

- a) Barnaverndarlögum nr. 80/2002.
- b) Almennum hegningarlögum nr. 19/1940, þ.e. kynferðisbrot skv. 22. kafla, önnur ofbeldisbrot, skv. 23. kafla og brot gegn frjálsræði manna, skv. 24. kafla alm. hgl. nr. 19/1940, að undanskildum minniháttar líkamsmeiðingum skv. 217. gr.
- c) Lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sem og 173. gr. alm. hgl. nr. 19/1940, og hlotið refsídóm á fimm undangengnum árum.

6. gr.

Samsetning valnefndar.

Valnefnd er skipuð fimm fulltrúum: Prófasti, sem leiðir vinnuna, þremur fulltrúum sóknarnefnda viðkomandi prestakalls, sem kjörnir eru á sóknarnefndarfundi og lögfræðingi á biskupsstofu eða mannauðsstjóra biskupsstofu.

7. gr.

Störf valnefndar.

Valnefnd kemur saman eigi síðar en einni viku eftir að umsóknarfrestur rennur út. Á þeim fundi er farið yfir umsóknir, fylgiskjöl og aðrar upplýsingar frá viðkomandi umsækjanda.

Valnefnd skal boða umsækjendur til viðtals innan þriggja vikna frá lokum umsóknarfrests.

Valnefnd semur spurningar sem byggir á þarfagreiningunni. Allir umsækjendur um viðkomandi prestakall fá jafnlangan tíma til viðtals og sömu spurningar.

Valnefnd skal rökstyðja val sitt á grundvelli þarfagreiningarinnar.

Þjóðkirkjan-Biskupsstofa greiðir kostnað vegna starfa valnefnda.

8. gr.

Héraðsprestar.

Biskupi Íslands er heimilt að ákveða að í prófastsdæmum starfi héraðsprestar.

Valnefnd skipuð þremur fulltrúum héraðsnefndar, prófasti, sem leiðir vinnu nefndarinnar, lögfræðingi á biskupsstofu eða mannauðsstjóra biskupsstofu velur héraðsprest úr hópi umsækjenda.

9. gr.

Sérþjónustuprestar.

Biskup Íslands ræður í störf sérþjónustupresta þjóðkirkjunnar að fenginni niðurstöðu valnefndar. Valnefnd er skipuð þremur fulltrúum þeirra sem viðkomandi þjónusta varðar, prófasti, sem leiðir vinnuna og lögfræðingi á biskupsstofu eða mannauðsstjóra biskupsstofu.

10. gr.

Formgalli á málsmeðferð.

Telji biskup Íslands að verulegur formgalli sé á málsmeðferð valnefndar við ráðningu prests, getur hann ákveðið að ráða ekki í starfið og auglýsa það nýju.

Biskup setur leiðbeinandi reglur fyrir valnefndir, héraðsnefndir og umsækjendur.

11. gr.

Gildistaka.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Við gildistöku þeirra falla brott starfsreglur um val og veitingu prestsembætta, nr. 144/2016, með síðari breytingum.

Greinagerð.

Í ljósi þess að forsendur hafa breyst er varðar ráðningu presta til þjónustu í þjóðkirkjunni, þar sem prestar eru nú með þriggja til sex mánaða uppsagnarfrest og eru starfsmenn en ekki embættismenn ríkisins, er nauðsynlegt að endurskoða og einfalda starfsreglur um val og veitingu prestsembætta. Breytingin felur einnig í sér að almennar prestkosningar eru aflagðar, þar sem ekki er kosið í störf, auk þess sem niðurstöður kosningar geta gengið á svig við jafnréttislög.

Röksemdir eru þessar:

1. Frelsi og ábyrgð sókna.
 - a. Sóknir greiða ekki laun prests og hann er ekki starfsmaður sókna, heldur biskups Íslands. Þar með ber biskup endanlega ábyrgð á vali á prestum.
 - b. Með þarfagreiningunni fá sóknir engu að síður aukið frelsi til þess að móta starf og þjónustu kirkjunnar í söfnuðinum.
2. Matsnefnd verði lögð niður.
 - a. Ekki þykir rétt að vísa frá umsækjendum sem uppfylla skilyrði um að sækja um störf.
 - b. Málsmeðferð matsnefndar samkvæmt núgildandi reglum hefur reynst tímafrek.
3. Kjörnefndir kjósa ekki prest.
 - a. Rétt þykir að byggja á rökstuðningi við val til prestsstarfa.
 - b. Tryggja þarf faglega ráðningu.
 - c. Halda skal jafnréttislög og ákvæði stjórnsýslulaga, eftir því sem við á, í heiðri við val á prestum.
4. Kostir þessa fyrirkomulags:
 - a. Skilvirkara, fljótlegra og einfaldara en það kerfi sem hefur verið við lýði.
 - b. Tryggt er að valið verði faglegt.
 - i. Tekið verði mið af jafnréttislögum.
 - ii. Menntun, reynsla og aðrir hlutlægir kostir verði teknir til greina.
 - iii. Huglægir þættir verði metnir í ljósi þeirrar þarfagreiningar sem liggur fyrir frá upphafi.
 - c. Lýðræðissjónarmið verði virt þar sem að valið byggir á þarfagreiningu prestakalls.

Um einstakar greinar tillögunnar.

Um 1. gr.

Biskup Íslands er yfirmaður presta og ber ábyrgð á vali þeirra. Við þá breytingu sem varð þegar prestar hættu að vera embættismenn ríkisins þá skipar biskup ekki lengur í embætti heldur ræður í störf, sbr. síðari breytingu á lögum um stöðu stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997.

Um 2. gr.

Lagt er til að fyrirkomulag þar sem biskup Íslands undirbýr og auglýsir laus prestsstörf verði óbreytt. Kalla ber eftir því að sóknirnar skilgreini þá prestsþjónustu sem þær óska eftir í prestakallinu með ítarlegri þarfagreiningu. Mikilvægt er að biskup setji fram leiðbeinandi reglur um nánari útfærslu og framkvæmd þarfagreiningarinnar. Lögð er áherslu á skilvirkni og lýðræðislega þátttöku sóknarnefndarfólks.

Um 3. gr.

Mikilvægt er að þarfagreining gefi góða mynd af prestakallinu og umfangi prestsþjónustunnar. Lagt er til að Þjóðkirkjan-Biskupsstofa leggi fram matsblað yfir helstu þjónustupætti kirkjunnar sem sóknarnefndirnar vinna eftir. Sú vinna byggji á þjónustupörf prestakallsins og þeim áherslum sem sóknirnar sjá fyrir sér í starfi kirkjunnar.

Um 4. gr.

Lagt er til að umsóknarfrestur sé ekki skemmri en tvær vikur sem gefi umsækjendum rými til að kynna sér starfið og undirbúa umsókn.

Lögð er áhersla á þarfagreininguna og aðra þætti sem hingað til hafa komið fram í auglýsingu um prestsþjónustu.

Um 5. gr.

Þessi grein er sambærileg og í fyrri starfsreglum.

Um 6. gr.

Með því að leggja til fimm manna valnefnd er tekið mið af því sem almennt gildir á vinnumarkaði þar sem ráðningarferlið er jafnan í höndum fámennra hópa. Lagt er til að prófastur stýri vinnu valnefnda í sínu prófastsdæmi. Með þremur fulltrúum sóknarnefnda er tryggt að meiri hluti valnefndar sé frá sóknarnefndunum út frá sjónarmiðum fulltrúalýðræðis. Í ljósi þess að biskup Íslands er yfirmaður presta sem þiggja laun sín frá Þjóðkirkjunni-Biskupsstofu er eðlilegt að fulltrúi biskups komi með beinum hætti að vali á prestum. Það á enn fremur að tryggja að unnið verði eftir jafnréttissjónarmiðum og stjórnarsýslulögum, þegar við á.

Um 7. gr.

Lagt er til að ferlið sé skilvirkt og ekki of tímafrekt. Tryggt sé að valnefnd fari yfir allar umsóknir og boði alla umsækjendur á fund innan tiltekins tímaramma. Mikilvægt er að í ferlinu sé jafnræðisreglan virt á milli umsækjenda. Þar sem um er að ræða faglega ráðningu er mikilvægt að valnefndin rökstyðji val sitt út frá þarfagreiningu sóknarnefnda. Rétt þykir að Þjóðkirkjan-Biskupsstofa greiði kostnað við ráðningarferlið enda eru prestar starfsmenn hennar.

Um 8. og 9. gr.

Með sömu rökum og þegar ráðið er í störf sóknarpresta og presta er lagt til að fimm

manna valnefnd velji héraðspresta og sérþjónustupresta þjóðkirkjunnar. Í stað fulltrúa sóknarnefnda komi annars vegar fulltrúar héraðsnefndar og hins vegar fulltrúar þeirra sem munu þiggja þjónustu sérþjónustuprestanna.

Um 10. gr.

Með formgalla er átt við að ekki hafi verið fylgt starfsreglum um val og veitingu prestsstarfa, t.d. ef þarfagreining hefur ekki verið unnin, ekki hefur verið tryggð lýðræðisleg þátttaka allra sóknarnefnda í prestakallinu, ekki hefur verið farið að jafnréttislögum eða tilskyldir frestir ekki virtir. Með leiðbeinandi reglum biskups Íslands er átt við að Þjóðkirkjan-Biskupsstofa leggi fram ítarlega handbók fyrir valnefndir og umsækjendur sem byggir á starfsreglum þessum.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Kirkjuþing 2020-2021.
22. mál - þskj. 22.

T I L L A G A
að starfsreglum um Skálholtsstað.
(Lagt fyrir 60. kirkjuþing 2020-2021).

Flutt af vígslubiskupi í Skálholti.
Frsm. Kristján Björnsson.

1. gr.

Skálholtsstaður er eign þjóðkirkjunnar. Skálholtsstaður er helgur sögustaður og kirkjulegt fræðslu- og menningarsetur. Undir ábyrgð Skálholtsstaðar fellur allur rekstur og starfsemi í Skálholti, í Skálholtsskóla, Skálholtsbúðum og öðru húsnæði, í Gestastofu, í og á allri Skálholtsjörðinni en auk þess rekstur og starfsemi Skálholtsdómkirkju og skal það vera í samráði við sóknarnefnd, sóknarprest og vígslubiskup Skálholtsumdæmis sem bera ábyrgð á helgihaldi.

2. gr.

Kirkjuráð skipar stjórn Skálholts til fjögurra ára og setur henni erindisbréf en stjórnin er ábyrg gagnvart kirkjuráði og biskupi Íslands. Stjórnin annist í umboði biskups og kirkjuráðs, ásamt vígslubiskupi, uppbyggingu og rekstur staðarins í samræmi við lög um heimild handa ríkisstjórninni til þess að afhenda þjóðkirkju Íslands Skálholtsstað nr. 32/1963 og samþykktir kirkjuþings og kirkjuráðs.

Stjórn Skálholts gerir fjárhagsáætlun til þriggja ára í senn og starfar innan þess ramma sem kirkjuráð hefur samþykkt og staðfest hefur verið á kirkjuþingi. Stjórnin gerir starfsáætlun til eins árs í senn.

Starfsáætlun, samþykktir og fundargerðir stjórnar skulu jafnan send kirkjuráði og biskupi Íslands til upplýsingar.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra Skálholts sem skal vera ábyrgur fyrir rekstri staðarins, starfsmannahaldi og dagskrárgerð fyrir námskeið, ráðstefnur og fundi á vegum kirkjunnar og annarra aðila.

Stjórn Skálholts skipar skoðunarmenn reikninga.

3. gr.

Öll starfsemi Skálholts skal vera í samræmi við sögu, menntun, menningu og helgi staðarins sem kirkjustaðar, skóla og fyrsta biskupsstóls á Íslandi. Skálholtsskóli starfar á grunnni fornrar skólahefðar og sögu lýðháskóla í Skálholti. Markmið skólans er að efla tengsl kirkju og þjóðlífs og stuðla að víðtækum áhrifum kristinnar trúar og menningar á innlendum vettvangi og í alþjóðlegu samstarfi með ráðstefnum, námskeiðum, rannsóknarvinnu, fundum og málþingum, en einnig kyrrðardögum og stuðningi við Sumartónleika í Skálholti og annað tónleikahald.

Skólinn skal efla starfsemi þjóðkirkjunnar, m.a. með fræðslu, ráðstefnum og námskeiðahaldi fyrir starfsfólk hennar og annað áhugafólk um kirkju, kristni, tónlistarlíf, fræðslumál, sögu og menningu en einnig með því að bjóða aðilum utan kirkjunnar aðstöðu til funda, málþinga, námskeiða og ráðstefnuhalds. Skólinn og kirkjan skal vera sérstakur griðastaður fyrir ýmiss konar kyrrðardaga í samræmi við áratuga sögu kyrrðardaga í Skálholi.

Skólinn starfar einkum á sviði guðfræði, kirkjutónlistar og fræðslu.

4. gr.

Stjórn Skálholts er heimilt að leigja út veitinga- og gistihúsarekstur staðarins og skal bera slíka rekstrarsamninga undir kirkjuráð og biskup Íslands.

Stjórninni er heimilt að leigja út haglendi og slægjur á jörðinni, kaupa eða selja slátt og hey, en auk þess að leigja út veiði í Brúará og Hvítá og önnur landgæði til tekna fyrir rekstur staðarins. Stjórninni er heimilt að starfrækja rafmagnshleðslustöðvar fyrir ökutæki og innheimta gjald vegna afnota af þeim.

5. gr.

Stjórn Skálholts og framkvæmdastjóri eru í fyrirsvári fyrir starfsemi og rekstur Skálholtsstaðar. Stjórnin annast samninga við samstarfsaðila Skálholts og er heimilt að skipa nefndir og starfshópa til sérstakra verkefna.

6. gr.

Vígslubiskupinn í Skálholti er talsmaður Skálholts. Hann skal vera í almennu fyrirsvári fyrir staðinn og hefur þar aðsetur með biskupsbústað og skrifstofu. Vígslubiskup situr að jafnaði alla fundi stjórnarinnar og ber ábyrgð á því með stjórninni að unnið verði eftir samþykktri stefnumörkun fyrir Skálholt.

Vígslubiskup ber ábyrgð á uppbyggingu biskupsstólsins eftir því umboði sem kirkjuráð og biskup Íslands veitir og er kirkjuráði til stuðnings og samráðs í málefnum stólsins svo og öðrum kirkjulegum stjórnvöldum. Skálholtsbiskup kemur fram í nafni staðarins og umdæmis Skálholts eftir því sem við á. Vígslubiskup ber ásamt sóknarpresti ábyrgð á helgihaldi og búnaði Skálholtsdómkirkju í samráði við sóknarnefnd

Vígslubiskup stendur fyrir árlegri Skálholtshátíð í samráði við stjórn og aðra aðila. Vígslubiskup stendur reglulega fyrir kyrrðardögum í Skálholti.

7. gr.

Framkvæmdastjóri kallar reglulega saman samráðsfund fastra starfsmanna og samstarfsaðila, auk prests og vígslubiskups. Samráðsfundi er meðal annars ætlað að samræma alla dagskrá og starfsemi í Skálholti og stuðla að góðu samstarfi og aukinni þjónustu.

8. gr.

Skálholtsfélag hið nýja er sjálfstætt félag sem vinnur að eflingu Skálholts og styður við starfsemi og uppbyggingu á staðnum. Tilgangur félagsins er að styðja við kirkjulegt

og menningarlegt starf í Skálholti er efli tengsl kirkju og þjóðlífs. Því er ætlað að stuðla að víðtækum áhrifum kristinnar trúar og menningar í íslensku samfélagi. Stjórn Skálholtsfélagsins er kosin á aðalfundi félagsins og starfar félagið á grundvelli laga félagsins frá 21. júlí 2013.

9. gr.

Verndarsjóður Skálholtsdómkirkju styður við Skálholt með því að afla fjár til viðgerða, endurbóta og viðhalds á og við Skálholtsdómkirkju og ákveður sjálf söfnunarverkefni í samráði við vígslubiskup. Stjórn Verndarsjóðsins er skipuð af kirkjuráði til fjögurra ára og starfar samkvæmt Skipulagsskrá Verndarsjóðsins frá 11. ágúst 2016.

10. gr.

Áheitasjóður Þorláks biskups helga safnar fé til að prýða og fegra helgihald Skálholtsdómkirkju og veitir fé til viðhalds og endurnýjunar á skrúða og áhöldum kirkjunnar. Sjóðurinn veitir einnig styrki til útgáfu á kynningarefni og kostar kaup á kertum á altari og í bænaljósastjaka. Stjórn sjóðsins skipa vígslubiskup, sóknarprestur og formaður stjórnar Skálholts. Sjóðurinn starfar í samræmi við skipulagsskrá frá 6. júlí 2017.

11. gr.

Í Skálholti skal unnið að endurheimt votlendis á hluta jarðarinnar.

Í Skálholti er friðland fugla og er skotveiði óheimil í friðlandinu.

Í landi Skálholts er stunduð skógrækt – Skálholtsskógar – samkvæmt samningi um leigu lands og ræktun skógar í landi Skálholts í Bláskógabyggð, dags. 22. júlí 2018, við Skógræktarfélag Íslands, í samstarfi við Kolviðarsjóð um kolefnisbindingu.

Í samvinnu við fræðslu- og þjónustusvið biskupsstofu skal staðurinn einnig vinna að ræktun skírnarskóga og helgilunda fyrir skógrækt sókna í umdæmi Skálholts.

Í Skálholti skal unnið að stígagerð á söguslóð og minjasvæðum og einnig á útsýnisstöðum og við náttúruperlur í landi Skálholts. Gönguleiðir og götuslóðar skulu lagðar og merktar til pílagrímagöngu, fræðslu og útivistar sem opin skal almenningi. Unnið skal eftir umhverfisstefnu þjóðkirkjunnar og í samræmi við friðlýsingu á grundvelli laga um náttúruvernd nr. 60/2013, með síðari breytingum.

12. gr.

Stjórn Skálholts skal veita umsagnir um áætlun fasteignasviðs biskupsstofu og kirkjuráðs vegna vinnu við viðhaldsverkefni dómkirkjunnar og alls húsnæðis í Skálholti, auk vega og stíga í landi Skálholts og upplýsingaskilta og vegvísa, í samræmi við samþykktu framkvæmda- og fjárhagsáætlun kirkjunnar. Í Skálholti starfar ráðsmaður á vegum fasteignasviðs sem annast daglegt eftirlit og minni háttar viðhald fasteigna kirkjunnar í Skálholti og á Suðurlandi.

Stjórn Skálholts skal tilnefna framkvæmdastjóra og/eða annan fulltrúa sinn til að sitja reglulega stöðufundi á biskupsstofu vegna viðhaldsverkefna, endurbóta og nýbygginga í Skálholti.

Stjórn Skálholts er heimilt að afla tekna til reksturs og endurbóta eða nýrra verklegra framkvæmda í Skálholti m.a. með innheimtu komu-, sýningar- eða bílastæðagjalda og með umsóknum í framkvæmda- og styrktarsjóði vegna verkefna og framkvæmda er tengst geta starfi og stöðu Skálholts.

13. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi sem fyrst (sjá 2. mgr. greinargerðar).

Greinargerð.

Meginmarkmið með starfsreglum þessum er að einfalda stjórnun og skýra starfsemi sem verið hefur í Skálholti og sem birtist í framtíðarsýn og stefnumörkun fyrir Skálholt. Slík stefnumörkun var unnin í samvinnu margra aðila á árunum 2018-2020.

Lagt er til að kirkjuþing íhugi sem fyrst, hvort ekki sé tímabært, að leggja niður lög um Skálholtsskóla nr. 22/1993 og þar með skipun skólaráðs. Telur flutningsmaður ráðlagt að sú niðurfelling fylgi samþykkt á þessari tillögu þar sem annars yrði um að ræða skörun á hlutverki skólaráðs og stjórnar Skálholts. Öll helstu verkefni skólaráðsins og önnur efnisatriði sem er að finna í lögum um Skálholtsskóla er að finna í þessum nýju starfsreglum. Verkefni skólaráðsins eru að mestu falin stjórn Skálholts.

Markmið með þessum tillögum er að birta á einum stað hlutverk, heimildir og skyldur allra þeirra aðilar sem tengjast Skálholti og að hægt sé með góðu móti að átta sig á því hvaða starfsemi eigi að vera í Skálholti. Einnig er starfreglunum ætlað að sýna hver ber ábyrgð á stefnumörkun og hver sé í forsvari varðandi ólíka þætti í starfseminni á staðnum.

Þá má ætla að horfi mjög til bóta að hafa í þessum starfsreglum stutt ákvæði um hvert það félag sem hefur sérstöku eða formlegu hlutverki að gegna í Skálholti og skýra tengsl þess við staðinn, m.a. með tilvísun í skipulagsskrár. Um hlutverk hvers félags eða sjóðs er að mestu stuðst við orðalag í viðkomandi stofnskrá eða samþykkt. Því er talið rétt að vísa í þau skjöl með dagsetningum til að auka gagnsæi. Með þessum ákvæðum sem er að finna í 8., 9. og 10. gr. er einnig minnt á formlegt hlutverk og tengingu við Skálholt en við undirbúning þessara starfsreglna kom m.a. í ljós að starfræktur hafði verið sjóður með sama heiti og Áheitasjóður Þorláks biskups helga á öðrum stað á Suðurlandi en með markmið sem ekki tengdust Skálholti á neinn hátt. Einnig er í 11. gr. vísað til samnings um kolefnisbindingu og gildistíma hans.

Vísað er til laga um heimild handa ríkisstjórninni til þess að afhenda þjóðkirkju Íslands Skálholtsstað nr. 32/1963 til ævarandi eignar og umsjár. Það er ákvæði sem getur staðið sem sögulegur vitnisburður jafnvel þótt þau lög yrðu felld úr gildi í framtíðinni. Ekki er þó lagt til í þessum tillögum að áðurnefnd lög verði felld úr gildi heldur gengið út frá því að þau verði áfram til sem vitnisburður um tilgang þess að Skálholt var afhent kirkjuráði og biskupi Íslands. Með því er einnig haldið til haga því eðlilega skipunarvaldi og ábyrgð biskups og kirkjuráðs gagnvart stjórn Skálholts. Eitt markmiða með þessum tillögum er einmitt að skýra hvernig stjórn Skálholts verður sjálfstæð og ábyrg fyrir rekstri og umsjá

og vígslubiskup fari með þá ábyrgð sem biskup Íslands tók á sig með því að veita Skálholti viðtöku að því marki sem teljast verður rétt í ljósi þess hlutverks sem vígslubiskupi er ætlað á staðnum með skrifstofu sinni þar og aðsetri. Öll starfsemi Skálholts byggir á þeim yfirlýsta tilgangi með afhendingunni sem kemur fram í þessum lögum og skuldbindur kirkjuna til að halda staðnum opnum fyrir öllum þeim sem hafa áhuga á Skálholti, sögu, helgi, kyrrð, útivist eða náttúru jarðarinnar. Einnig er það markmið með tillögum þessum að stjórn Skálholts verði jafn sjálfstæð og hún er orðin núna á þessu ári með ákvörðunum kirkjuráðs og erindisbréfi sem unnið er í samráði við nýskipaða stjórn Skálholts og vígslubiskupinn í Skálholti.

Talið er mjög mikilvægt að í starfsreglunum komi skýrt fram hver séu megin viðfangsefni og hlutverk Skálholts eða að tilgreind verði þau svið þar sem staðurinn og kirkjan beita sér sérstaklega auk almenns veitinga- og gistihúsareksturs. Markmið með þessum starfsreglum er að heimildir stjórnar og framkvæmdastjóra verði skýrari en verið hefur.

Ákvæði um stöðu og hlutverk framkvæmdastjóra Skálholtsstaðar ber að skoða í ljósi þess að nú á haustdögum verður auglýst starf framkvæmdstjóra með nýrri starfslýsingu og er talin rík þörf á því að það byggi á skýrum heimildum sem tryggð verða nái þessi tillaga fram að ganga. Einnig er mjög þarft að endurskoða starfslýsingu framkvæmdastjóra í ljósi þess að staða rektors hefur ekki verið setin í átta ár og þörf á því að verkefni sem rektor hafði áður verið hluti af nýjum skyldum framkvæmdastjóra.

Einnig þykir mikilvægt að áréttu hvernig öll starfsemi í Skálholti skuli taka mið af sögu og helgi staðarins. Það hefur komið mjög sterkt fram í vinnu síðustu tveggja ára við stefnumörkun.

Gert er ráð fyrir að stefnumörkun fyrir Skálholt fylgi með tillögum þessum sem fylgiskjal í gögnum kirkjuþings 2020.

Tillögur þessar eru fluttar af vígslubiskupi en hafa verið unnar í nánu samstarfi við stjórn Skálholts og í samráði við Skólaráð en hafa einnig verið kynnt í frumdrögum í Skálholtsfélaginu nýja á aðalfundi þess í júní 2020 og í nýrri drögum á fundi með kirkjuráði 12. ágúst 2020. Tillögurnar hafa orðið til í framhaldi af stefnumótunarvinnu sem hefur verið í gangi með einum eða öðrum hætti síðan 2018 og fjölmargir aðilar hafa komið að.

Reiknað er með því að kostnaður við stjórnun og ráð lækki verulega með þessum nýju starfsreglum og er það einkum við brottfall laga um skólaráðið. Er sú nýbreytni sótt í stefnumótunarvinnuna þar sem kallað var eftir einföldun á stjórnun í Skálholti og markvissari vinnubrögðum.

Flutningsmaður leggur til að tillögurnar verði afgreiddar til samþykktar á kirkjuþingi 2020 áður en gert verður hlé á störfum þingsins, þannig að þær geti tekið gildi á þessu ári.